Íslands Árbækur

í sögu-formi.

Af

Jóni Espólín,
Sýslumanni í Skagafjardar Sýslu.

VII. Deild.

Kaupmannahöfn, 1828.
Prentud á kostnad ens *islenzka Bókmentafèlags*
hjá Bókþrykkjara *S. L. Møller.*

Íslands Árbækur.

VII. Deild.

Formáli.

Víst voru margir merkilegir menn uppi á Iandi hèr á því tímabili, sem árbók þessi tekr yfir, lærdómr miklu meiri enn fyrri, og nafnkunnugir á vorum dögum margir þeir, sem þá er getid; en varla ætla eg leidara tímabil fáist hèr til ad skrásetja yfir, sakir hindrvitna þeirra, og medferdar á þeim, sem þá tídkadist, en þó hefi eg ei viljad undanfella neitt af því, sem eg vissi þar um skrád, því þó sumt af því, sem kom vid kynja tilburdum, megi varla med sannindum telja, og enn sídr med óbrigdulum rètt ransökudum skedum hlutum, en sumt sè harla ómerkiligt, sèst þó betr aldar-andinn af svo greiniligri frásögn, sem fæst, enn þó einasta væri drepid á þad; er þó mjög margt undanfellt, af því allra ómerkilegasta. Varla ætla eg ad annad tímabil hafi og verid ófrjálsara landsmönnum í kauphöndlun, og sumum hlutum ödrum enn þetta var. En svo víst sem þat er, at því meir sem tíminn nálægist oss, meigu fleiri vita til um fleiri atburdi enn eg tel, og ritgjörd þessi verda því ófullkomnari ad sínu leiti, svo veit eg þó hvert ómak og samanburd kostad hefir, at fá þat allt upp og í rètta röd, sem hèr er tínt saman. Hlutdrægni alla og partisku hefi eg svo mjög varazt, at vera kann at nokkrum þyki þat vid of, sem annadhvert eru gjarnir á at fegra í öllu þá menn edr þær athafnir er þeim sýnist, edr sverta þat mjög, sem þeim þykir ábótavant,

Fortale.

Vist nok levede mange mærkelige Mænd her i Landet i det Tidsrum, som denne Del indbefatter, her var meget mere Lærdom end tilforn, og mange af de her forekommende Personer ere endnu navnkundige; men næppe findes noget fælere Tidsrum at skrive over, formedelst den Overtro og dertil hørende Uvæsen, som da herskede. Ikke desmindre har jeg intet synderligt villet udelade, af hvad jeg derom har fundet optegnet; ti skönt noget af det, der hører til disse Vidundere, næppe kan ansees for Sandhed eller for paalidelige, rigtig undersøgte Tildragelser, og noget er höjst ubetydeligt, saa ses dog Tidens Aand bedre af saa udførlig en Beretning derom som mulig, end om man blot antydede det i Korthed; dog er meget af det aller ubetydeligste her udeladt. Næppe har noget Tidsrum været mere trælbundet i Handel og adskillige andre Henseender end dette; men saa vist som det er, at jo mere man nærmer sig vore Tider, des snarere kunne der være mange, som vide flere Hændelser end jeg fortæller, og des ufuldkomnere altsaa kan denne Afhandling synes; saa har det dog kostet mig stor Umage og megen Jævnførelse, at faa alt det sammensamlet og bragt i Orden, som her er indført. Al Ensidighed og Partiskhed har jeg søgt at undgaa med en Omhyggelighed, som maaskje vil synes nogle overdreven, af dem der enten pleje i et og alt at lovprise de Personer og Handlinger, som de bifalde, eller at nedrive aldeles hvad der synes dem fejlagtigt; men jeg

og mun eg eigi reidast því, ef nokkur hnekkir nokkru med rökum, því er hèr stendr. At telja upp svo marga merkilega menn á hverjum mannsaldri, edr 30 árum, og ættir þeirra, hefi eg lagt stund á, og eins þó verid hafi í bænda röd, til þess at sýna ei ad eins hvenær hverir menn voru uppi, sem eitt og annad er afsagt, heldr einnig til hins, at vorrar aldar menn vissi sem gjörst um forfedr sína, og hvar þeir voru vidridnir á þeirri eda hinni tíd, þvíat margir af þeim, sem töldust í betri almúgaröd, voru hèr málsmetandi menn, og forfedr þeirra manna, sem nú eru í höfdíngja tölu; svo þar af má ásamt sjá, hversu hinar fornu stórmannaættir margar gengu nidr, og á hve laungum tíma hverr, og adrar hófust til mannvirdíngar, sem þó skjaldan edr aldrei voru af vesælmönnum komnar, heldr af gódu frjálsu bændafólki, sem var í betri röd sakir manndóms ok sæmiligs sidferdis, og sem jafnan hefir kynsælast ordid til lángframa. Vid enda þess tímabils, sem árbók þessi heldr, kemr breytíng nokkur á öldina, hvarvid einfeldni og hjátrú fylgjandi brestir og kostir þverra, enn þeir sömu, er meiri þekkíngu fylgja, fara vaxandi; læt eg þetta nóg sagt ad sinni.

Frostastödum þann 29da janúari 1827.

Jón Espólín.

vil ikke vredes, om nogen med Grunde gjendriver mine Paastande. Jeg har søgt at omtale mange mærkelige Mænd i hver Menneskealder (eller 30 *Aar) og deres Familier, endog skönt de have hørt til Bondestanden, for at vise, naar de Personer levede, som et og andet berettes om, og tillige for at vore Samtidige kunde have den nöjagtigste Efterretning om sine Forfædre, og hvad de have haft at bestille med paa denne eller hin Tid; ti mange af dem, som hørte til den bedre Del af Almuen, vare den Gang anseelige Mænd og deres Forfædre, der nu høre til den dannede Klasse. Heraf kan man da tillige se, hvorledes de gamle fornemme Familier sank, og hvorlænge enhver af dem, samt hvorledes andre hævede sig til Anseelse, dog sjælden eller aldrig nedstammende fra Uslinger, men fra gode fri Bönder af den bedre Klasse i Henseende til Driftighed og anstændig Opførsel, som bestandig have haft de lykkeligste Efterkommere i Tidens Længde. Ved Slutningen af det Tidsrum, som denne Del indbefatter, foregik en Forandring i Tidsaanden, hvorved de Mangler og Fordele, som følge med Enfoldighed og Overtro aftoge, og de som mere Kundskab medfører, tiltoge. Dette maa nu være nok for denne Sinde.*

Frostestade d. 29de *Januar* 1827.

Jón Espólín.

Hartnær aungu hefi eg hervid ad bæta, nema ad láta í ljósi þakklæti mitt vid höfund þessa verks, og gledi yfir ad þad er svo lángt komid. Er nú hèrmed fullprentad þad sem fyrst var til prentunar ætlad, samkvæmt formála fyrstu deildar bls. X, nfl. sex þættir edr hlutar, er ná til 1684, útgefnir í sjö deildum svo kölludum. Hefir þó hinn fródi og óþreytandi höfundr enn sendt vorri fèlagsdeild sjöunda hlutann, er nær til 1710, og á næstkomanda vetri mun prentadr verda í áttundu deild, og gefid os ávæni um framhald til nálægt 1750, sem útgjöra mun 9^du deild; þarhjá tekid ad sèr þad vandamikla starf, ad búa til registr yfir alla bókina. Þær 3 seinustu deildir munu verda sýnu minni enn hinar, mun registrid samt fylla þad skard, svo haganligast verdr ad láta binda þrjár og þrjár deildir saman, enn láta registrid fylgja því þridja bindi. Loksins fel eg mig umburdarlyndi höfunds og lesanda, þyki frágángr minn á þessu hefti verri enn eg vildi, og vera ætti.

Kaupmannahöfn þ. 3. *maji* 1828.

R. Rask.

VI^{ti} Hluti

tekr yfir ofanverda XVII^{du} öld til þess, er amtmenn, almennt kalladir, komu út.

Hèr segir frá Höfdíngjum, er uppi voru, oc enkum Brynjúlfi biskupi, oc hans manndómi, oc ödrum heldri mönnum. Gísli verdr biskup á Hólum, oc segir frá ýmsu, er vidbar, þar til Magnús lögmadr dó, oc nockru þar eptir Arni Oddsson. Sídan segir frá landshöfdíngjum, oc ödrum mönnum; hefjast galdramál oc brennur miklar á dögum Þorleifs lögmanns Kortssonar, versnar árferdi. Jón Vigfússon kèmr fyrst í mál, oc ýmsir menn adrir. Þórdr Þorláksson vígist til Skálholts, enn Brynjúlfr biskup deyr; enn ad nockrum tíma lidnum hefjast deilur Jóns Eggèrtssonar oc gjörist þrætusamt. Jón Vigfússon hefir fengid veitíngu fyrir biskupsdómi á Hólum eptir Gísla, oc hafdi verit vígdr af

Brynjúlfi biskupi, enn sitr at Leirá. Skipadr híngad stiptamtmadr yfir landid Kristján Gyldenlöve, hjásonr Kristjáns konúngs fimta, enn kom ei út. Heidemann landfógeti stendr fyrir höfudsmanns verkum; oc segir frá ýmsu, er vidbar. Andlát Gísla biskups Þorlákssonar.

I Cap. Nefndarmenn á dögum.

1656 Vetr sá var gódr, er Þorlákr biskup andadist á, enn vor var hardt, oc fèllu hestar í Skagafirdi oc vídar. Mun eg nú þess gèta, hvad eg veit þá uppi verid hafa hinna heldri manna. Voru þat fyrst af veraldlegum Henrik Bjelke höfudsmadr oc lögmenn Arni Oddsson oc Magnús Bjarnarson. Þorsteinn Magnússon, Arnasonar, Pètrssonar, Loptssonar, hèldt Þyckvabæar klaustr, hinn lögvitrasti madr þá, oc var þá gamall, þeir Einar son hans höfdu Skaptafellssýslu. Gísli Magnússon lögmanns hygg eg hafi kominn verid til Rángár-þíngs, oc bjó hann sídan at Hlídarenda, enn hann hèldt þó Múla-sýslu, oc um hríd alla, oc Skridu-klaustr, oc var kalladr vísi Gísli, er sagt hann hafi fengit at Hlídarenda korntunnu á sumri. Torfi Erlendsson hafdi Arness-þíng, hann hèldt þat nærst fyrir Jón eldra Vigfússon frá Hvoli, Gíslasonar, þann er at Stórólfshvoli bjó. Magnús Bjarnarson var í Vestmanna-eyum. Þorkèll, son Gudmundar Hákonarsonar hèldt Borgarfjardar-sýslu; enn stundum hafdi Björn Gíslason, Bjarnarsonar prófasts, Gíslasonar, umbod fyrir sunnan Hvítá. Sigurdr, son Jóns Sigurdarsonar í Einarsnesi, Gudmundarsonar, hafdi sýslu vestan Hvítá, oc var gervimadr, enn Runólfr Sigurdarson, födurbródir hans, hygg eg at hefdi Hnappadalsþíng, oc nockra litla hríd sýslu á Snæfellsnesi; Sigurdr Jónsson hafdi oc haft Stapa-sýslu fyrri enn Þórdr, son Steindórs Finnssonar; Sigurdr átti Kristínu, systur Þórdar prests Jónssonar í Hítardal, oc hèldu þau vid Einarsness ætt. Bjarni son Pètrs Pálssonar frá Stadarhóli hafdi sýslu í Dölum, at eg hygg, enn Eggèrt, son Bjarnar Magnússonar, hinn audugasti madr, hálfa Bardastrandar-sýslu, oc

bjó at Skardi, enn Jón at Reykhólum Magnússon, Arasonar hálfa. Þorleifr Kortsson Stranda-sýslu; Gudmundr Hákonarson Húnavatns-þíng; Benedict, son Halldórs lögmanns, Hegraness-þíng; hann lèt þau missiri gánga þar dóma, oc hèldt lengi sýsluna; Björn Pálsson Vadla-þíng; enn Þorbergr Hrólfsson oc Hrólfr Sigurdarson, bródurson hans, Þíngeyar-þíng; bjó Þorbergr at Seilu í Skagafirdi, enn Hrólfr nyrdra. Ecki veit eg hvert Gísli Magnússon at Hlídarenda, er fyrr var nefndr, hèldt þann tíma alla Múla-sýslu, eda Þorsteinn Þorleifsson, Magnússonar, mágr hans hafdi vidtekid. Þessir voru oc adrir veraldlegir med hinum heldri mönnum, lögrèttumenn, er opt höfdu lögsögn, eda ríkismenn eda merkilegir at nockru, oc meigu þó fleiri til vera, enn eg fæ talit. Jón í Flatey Torfason prests, Finnssonar, Jónssonar, Bjarnarsonar, Þorleifssonar hirdstjóra, hann var fródr madr; Jón Finnsson var födurbródir hans; Snæbjörn oc Sveinbjörn, synir Arna prests á Látrum, Jónssonar í Flatey, Bjarnarsonar. Pètr Einarsson á Ballará oc Magnús í Asgardi, bródir hans, synir Einars Teitssonar; Rögnvaldr, son Sigmundar í Fagradal, Gíslasonar, Jónssonar á Svarfhóli; Jón á Vatnshorni, launsonr Pètrs Pálssonar, oc Arnór, son Asgeirs Arnórssonar, er átti Ingibjörgu dóttur hans; Bjarnar tveir, sonr Jóns Dans Magnússonar oc sonr hans; Hannes Eggèrtsson, Hannessonar í Snóksdal oc Jón bródir hans; Hannes átti Jórunni dóttur Jóns Magnússonar í Haga; Gudmundr í Hvammi á Bardaströnd, son Jóns Magnússonar; Dadi Gíslason á Hrafnabjörgum, bródir Bjarnar í Bæ; Gísli at Saudafelli, son Olafs Hannessonar í Snóksdal, fadir Sigurdar Skálds; Sæmundr oc Arni, synir Magnúsar Sæmundarsonar, Arnasonar at Hlídarenda, Gíslasonar, oc Björn bródir þeirra at Hóli í Bolúngarvík; Þorlákr, son Ara Magnússonar; Snæbjörn Torfason frá Kyrkjubóli; Hákon, son Arna Gudmundarsonar, Þórdarsonar lögmanns, hann fèck Herdísar, laundóttur Bjarna Pètrssonar at Stadarhóli, oc bjó sídan at Vatnshorni í Haukadal, oc gjördist búhöldr mikill oc audmadr; Arni oc Jón voru synir hans; Jón bjó í Brokey, Pètrsson, er lengi hafdi verit á Englandi, oc hóf hèr at hreinsa ædardún, oc var fálkafángari oc gyldr í mörgu; hann átti börn mörg, oc vard gamall; Benedict vard merkilegastr barna hans, þó önnur væri eldri, oc fadir hans gamall, er hann var borinn. Loptr bjó í Sælíngsdal Arnason, Loptssonar prests, Pètrssonar, Loptssonar; Jón á Knerri, son Steindórs Gíslasonar; Þorgils

Jónsson á Brimilsvöllum; Halldór í Olafsvík, son Gudmundar Gudmundarsonar, Hallssonar, sem Halls ætt er vidkènd, Olafssonar prests; Arni oc Helgi, synir Vigfúsar prests Helgasonar vid Hellna, Arni var sídan lögrèttumadr, oc bjó at Heydalsá. Olafr í Keflavík Þórdarson, Þórdarsonar á Kyrkjufelli, Asmundarsonar betra; Jón hèt son hans, er var seinni madr Hallbjargar, er átt hafdi Steindór frá Ökrum, oc var Steindór einn son þeirra. Magnús var enn uppi vestra, Gissurarson frá Núpi, Þorlákssonar; Jón Egilsson frá Skardi í Lángadal; Arni Dadason, Arnasonar, Oddssonar, hann bjó at Asgeirsá; Gudbrandr, son Arngríms prests lærda; Helgi Ingjaldsson á Reykjum, Illhugasonar; Oddr snickari, bródir Arna at Asgeirsá; Magnús, son Eiríks Magnússonar, Bjarnarsonar, Jónssonar biskups, oc frændr hans fleiri; Magnús var fadir Eiríks oc Jóns, födur Odds, födur Jóns Hjaltalíns; Þorlákr Pálsson í Vídidalstúngu oc Jón sonr hans; Páll Pálsson á Márstödum; Benedikt í Bólstadahlíd, son Bjarnar Magnússonar, Bjarnarsonar, Jónssonar biskups, oc Þorsteinn son hans; Björn Hákonarson, bródir Gudmundar á Þíngeyrum; Jón Nikolásson Skagfirdíngr; Sigurdr Arnfinnsson, bródir Einars prests; Markús Olafsson á Breid; Gudmundr Kolbeinsson, Hjálmssonar; Gudmundr Arason í Flatatúngu; Halldór Þorbergsson, Hrólfssonar; Rafn Jónsson frá Hlíd, Arnfinnssonar; Magnús á Sjáfarborg Jónsson, Jónssonar, Grímssonar lögmanns, fadir Sigrídar, er Benedikt Pálsson átti; Hallgrímr Halldórsson á Vídimýri; Vigfús oc Jón, synir Jóns lögmanns Sigurdarsonar; Eggèrt Jónsson á Ökrum, bródir Gudmundar vestr í Hvammi; Einar, bródir Þorláks biskups; Gudmundr snickari í Bjarnastadahlíd, bródir Halldórs í Olafsvík, allra manna hagastr, oc frændr hans voru fleiri. Asgrímr skáld Magnússon bjó at Höfda; Grímr at Vidvík, son Eiríks at Lundarbrecku, af ætt Ivars fundna, smidr mikill, hafdi verit þar sídan á dögum Gudbrands biskups, oc var Þorlákr silfrsmidr, son hans, uppkominn í þennan tíma. Kolbeinn á Stóruvöllum var bródir Gríms, ôti forfadir lángfedgum Þórdar Kancellíráds; Gudmundr á Siglunesi, bródir Sveins prests á Bardi, Jónsson, Gudmundarsonar; synir Einars Skúlasonar oc Sæmundar prófasts Kárssonar. Benedikt á Mödruvöllum í Hörgárdal, son Páls Gudbrandssonar; Jón Þorvaldsson á Audbrecku oc brædr hans; Grímr í Miklagardi, son Sigurdar Hrólfssonar; Magnús á Gilsbacka oc Halldór at Núpufelli, synir Halls Bjarnasonar; Vigfús Eyfirdíngr Olafsson; Jón Illhugason;

Sigurdr Magnússon á Skútustödum; Pètr, son Bjarna Oddssonar at Bustarfelli; Jón í Hafrafellstúngu, Einarsson, Nikolássonar, þorsteinssonar; Sigurdr oc Jónar tveir oc Arni í Haga, Halldór oc þorlákr, synir Bjarnar á Laxamýri, Arni hafdi tveggja manna megn; Nikolás Einarsson, Nikolássonar; Jón Jónsson á Draflastödum; þorgrímr Gudmundarson í Krossavík; Rafn Jónsson á Kètilstödum; Bjarni, son Eiríks Sigvaldasonar á Búlandi, dótturmadr Bjarna Oddssonar á Bustarfelli, hann var undarlegr í mörgum greinum, oc hafdi lögsögn, Eiríkr á Búlandi var son hans, mikill madr oc sterkr. Magnús Kortsson bjó í Arbæ, bródir þorleifs lögmanns, er sídar var, fadir Lýds prests; frændr þorsteins Magnússonar voru í Skaptafells-þíngi, oc Hávardr Loptsson, er sjónirnar sá, oc synir Arna Magnússonar á Eydum austr; Jón, son Sigmundar Ormssonar, þess er búit hafdi at öllum bæum í Oræfum, oc verit mikilhæfr, hann bjó at Hofi, hans son var Einar at Svínafelli, fadir Jóns, födur Sveins, oc, at því er èg hygg, Sigmundr á Hnappavöllum. Klás Eyólfsson, Amundi þormódsson, Bárdr Gíslason, Gísli Brynjúlfsson nafnkèndir úr Rángár-þíngi. Alfr Gíslason úr Arness-þíngi; Bergr at Amóti, son Benedikts í Búdardal; þórdr son Orms í Eyum; synir Ögmundar Hallssonar, er lifdu; Jón oc Sigurdr, synir Arna lögmanns; Eiríkr Oddsson á Fitjum oc Oddr son hans; Pálmi Henriksson, Gíslasonar, bjó at Varmalæk; Sigurdr Gudmundarson í þverár-þíngi; Jón, Steinþór oc Vigfús, synir Eiríks Steinþórssonar frá Ökrum, oc þeirra synir, því þeir voru sumir daudir sjálfir; hafdi Steinþór Eiríksson átt Hallbjörgu fyrri, er ádr gètr, oc med henni son, er Eiríkr hèt, oc var dáinn. Olafr var son Vigfúsar, oc vel á sig kominn, fadir Kristínar at Stadarstad.

II Cap. Frá Brynjúlfi biskupi.

Meistari Brynjúlfr biskup var mikit fyrir flestum mönnum, er þá voru á Islandi, oc hèrlendir, eptir því sem Jón prófastr Halldórsson segir; hann tók saman skíra Máldagabók, þó þat væri þá allerfidt, er kyrkna fjárhaldsmenn voru tregir, oc kyrkna fèn farid gègnum margra hendr; ritadi hann upp allar eignir þeirra í föstu oc lausu, sem hann mátti framast vita at þeim heyrdi, þó svo at fjárhaldsmenn voru vel íhaldnir; þackadi hann þeim, er vel hèldu

kyrkjufjánum, oc lockadi svo menn at gjöra; betr enn þat er undan hafdi gengid, eda brast á Máldagabók Gísla biskups Jónssonar, tilsagdi hann alvarlega oc þrálega at kalla inn aptr med lögum oc dómi, ef fjárhaldsmenn vildu ei sjálfir í borgun vera; voru kyrkju-eigendr hönum sumir erfidir, enn hann vildi þó ei ófrægja þá. Hann var mjög vandr at um lærdóm skólans oc hans kènnenda, tók ei til skólameistara únglínga óreynda, þó utan hefdi farit snöggvast, heldr fullordna menn rádsetta, Attestatos oc Baccalaureos, reynda at stjórnsemi oc sidlæti; voru á hans dögum Björn prestr Snæbjarnarson, er sídan var at Stadarstad, oc Þorleifr prestr Jónsson, er fyrr er gètit, at fengi Odda; þá Gísli prestr Einarsson, Oddr prestr Eyólfsson eldri, oc Olafr prestr Jónsson, allir hinir lærdustu menn. Heyrarar (Lókátar), er sídan kölludust Conrectores, voru einnin vellærdir, Attestati oc skólameistara-gildi: Pètr prestr Gissursson, Gamlasonar; Torfi prestr *Jónsson*, frændi hans; Bödvar prestr Sturluson; Halldór prestr eldri Jónsson, Bödvarssonar frá Reykholti; Páll prestr Arnason; Olafr prestr Jónsson; Kort prestr Amundason, Baccalaureus; Halldór prestr Jónsson ýngri; Einar prestr Einarsson. Olafr prestr Gíslason oc Þorlákr prestr Arngrímsson hins lærda, þeir voru teknir í vidlögum, Olafr prestr um vetr, enn hinn um hálfan. Einnin voru kyrkjuprestar vellærdir menn, hafdi biskup alla slíka í virdíngu, oc galdt þeim fljótt oc ríflega laun þeirra, sóktu því margir námsmenn eptir at komast í hans þjónustu, þótt hann væri sidvandr, oc báru flestir menjar hans í lærdómsgreinum nockrum oc sidferdi framar ödrum, mannadi hann oc þá, sem þess vard audit. Þá framadist lærdómr kènnidómsins, því biskup fylgdi hönum fast, oc ann lærdum mönnum; tók hann oc til læríngar marga fátæka sveina, er skarpleik höfdu. Odd prest Eyólfsson eldra lèt hann njóta nafns oc lærdóms módurfödur hans, Odds prests Oddssonar á Reynivöllum, oc tók hann hardtnær af fátæki í skóla oc sína þjónustu, kom hönum svo til siglíngar oc skólameistara embættis. Teit prest Pètrsson frá Hesti oc Gissur Bjarnason frá Þíngmúla tók hann einnin í skóla oc þjónustu sína, oc kostadi til utanfarar; vard Teitr sídan kyrkjuprestr í Skálholti. Hann tók oc Olaf prest Gíslason, nær því af fátæki, til lærdóms oc menníngar, oc vígdi til kyrkjuprests í Skálholti, enn ei var Olafr sá hugþeckr mönnum fyrir mælgi; biskup útvegadi hönum sídan Hof í Vopnafirdi, oc gaf at skilnadi 20 hundrada

jörd oc 100 dali, enn þat vard miklu seinna, enn hèr var komit. 60 dali gaf hann Páli presti Jónssyni til utanfarar, er seinna hèldt Melstad, syni Jóns Magnússonar frá Reykhólum, Arasonar, því hann hèt eptir Stadarhóls-Páli, módurfödur Brynjúlfs biskups. Sigurd, son Bjarnar Gíslasonar, tók hann í fríslóla, oc var hann smásveinn hans um 3 ár, oc veik úr þjónustunni at óvilja biskups, þó af brádsinnis vandlæti hans, gaf hann hönum 30 dali at skilnadi, oc rekommenderadi sídan til landþíngskrifara-embættis, oc svo gjördi hann vid fleiri. Flestir skólasveinar tóku vitnisburd hans úr skólanum til háskólans, oc gaf hann þeim 3 dali eda 4, 5 eda 6; oc ef þeir ritudu hönum sídan brèf á latínu, helzt ef hönum líkadi framför þeirra oc lifnadr, sendi hann þeim ætid peninga aptr, oc hvatti til menta oc frama, enn Torfa prest Jónsson, frænda sinn, efldi hann öllum framar til menníngar, oc meir enn frá megi segja. Jón bóndi Torfason í Flatey gaf hönum Flateyarbók, sem fyrr gètr, oc biskup hafdi ádr bodit vid 5 🙰 í jördu, hana gaf biskup konúngi. Þat var enn mark um lærdóm Brynjúlfs biskups, at hinir lærdustu menn Meibomius oc Langius ritudu hverr ímóti ödrum, hvört Kristr hefdi pínzt oc dáit á fimtudegi eda föstudegi, (þat var þá tídska at dispútèra um slíkt,) oc bádu Brynjúlf biskup úr skèra, svo mikit ord hafdi hann á sèr, enn hann afsakadi sig, oc gèck forsjálni til. Hann var hinn röksamlegasti prèdikari, skír, slèttordr oc gagnordr, oc útlagdi svo at tók fyrir allan miskilníng, svo at all-audþeckjanleg var hans ræda frá annarra flestra; gudrækinn var hann oc bænrækinn, oc reglubundinn mjög vid tídir oc saung kvöld oc morgna; hann fastadi hvörn föstudag, enn þar til hvörn midvikudag í föstunni. Á hans dögum gèck rádsmadrinn jafnan nærst biskupinum fyrir öllum ödrum embættismönnum á stólnum, oc hèldt svo rádsmanns embættit fullum veg sínum; hafdi rádsmadrinn med vandanum, oc myndugleika yfir stóls landsetum 15 hundrud oc 2 hesteldi frí, enn stód biskupi fullan reikníng; oc á medan kauptíd stód á Eyrarbacka, oc hann var í stadar eyrindum, hafdi hann fyrir sig oc þènara sinn vissan kost hjá kaupmanninum; enn fyrir þat oc annat, sem biskupsmönnum var til góda gjört, var kaupmanninum fengin hvert ár smjörtunna af stólsleigum. Brynjúlfr biskup var adgætinn húsbóndi oc stjórnsamr, svo þegar hönum vard ímilli eyrindagjörda oc bóknáms, gèck hann opt oc sá um verklag oc

húsabyggíngar, oc sagdi fyrir hversu eitt edr annad skyldi gjöra; þó var hann eigi smásmuglegr, eda gèck í fjós, peníngahús, vinnukvenna badstofu, sodbúr, eda slíkt, var þat ætlad yfirbrytanum, oc hafdir þar til skilvísir menn. Þeir voru rádsmenn á dögum Brynjúlfs biskups: Ormr Vigfússon í Eyum; Jón Halldórsson, mágr biskups; Hákon, son Orms í Eyum; Hannes Helgason; Bjarni Eiríksson frá Búlandi tvisvar; Gísli, son Sigurdar prests Oddssonar frá Skálholti; Teitr Torfason, Snæbjarnarsonar, gamall Baccalaureus; Halldór prestr Jónsson, oc þeir tveir miklu sídar, enn hèr var komit; þeir voru allir reyndir menn oc skynsamir, enn lítit var at segja um Björn Þorvaldsson oc Benedikt Þorleifsson, er sídastir voru, oc litla hríd. Brynjúlfr biskup var í daglegri umgengni dramblaus, oc yfirlætis, ókræsinn, oc voru vid bord hans daglega allir embættismenn á stólnum, oc svo skickanlegir gèstir, betri bændr oc sendimenn gódra manna, voru ætíd rædur yfir bordum, um andlegt edr veraldlegt, lögmálasóknir, frásagnir eda hvad annat, oc máttu menn ei sídr frædast vid enn mettast; enn hinum heldri mönnum hèldt hann bord í badstofu sinni, drack oc veitti stórmannlega, þá hann tók til þess, tjádi þá ei undan at skorast, oc þoldu fáir til jafns vid hann. Vid vini sína oc presta, er hönum þóknudust, var hann trúfastr oc einlægr, slèttr oc metnadarlaus, ávarpsgódr vid hina minni menn, oc taladi opt vid skynuga bændr oc skilgóda um búnadar háttu oc ástand sveita, þycktist ei heldr vid, þó þeir hèldi svari sínu, ef á rökum var byggt; vid oflátúnga var hann smáglettinn oc vidqvæmr í ordum, enn vid stórbocka stór oc skorinordr, gjördu allfærstir sig til at gánga á hans hlut, var hann oc eigi þrætukær edr áleitinn vid adra menn, oc átti sjaldan í lagadeilum. Faung öll til stadarins oc búanna, þau voru þrjú eda fjögr, vildi hann láta vera ærin, svo at, ef hönum sýndist skortr mundi á nockru verda, fengu rádsmenn oc yfirbrytar, er fyrir því skyldu sjá, hardar átölur fyrir forsjáleysi þeirra. Þótti hönum einu sinni á þorra eda litlu sídar, fiskr ei vera svo mikill heima á stólnum, sem hann vildi, hugdu þó adrir hröckva mundi lángt á sumar framm; lèzt hann þá mundi uppflosna meiga med allri fjölskyldu sinni oc stadarfólki fyrir annarra forsjáleysi; var þá ei annars kostr, enn at rádsmadr, eptir slíka deilu, gjördi út hina hvötustu menn, um hávetr, med hesta marga járnada, til at sækja fisk austr í Skaptafells sýslu, oc allt í Hornafjörd, því þar spurdi

hann at skreid mátti fá keypta; hann lèt fyrst vega út fisk oc smjör stadarfólki til fædis hvern mánud eptir annann, oc þótti þat ómaks oc ámælisminnst, oc hèldst þat sídan; hann var öldúngslegr sýnum, hár medalmadr, þrekinn oc karlmannlega vaxinn, sterkr oc laungum heilsugódr, röddin skörugleg, oc ritadi eptir med höfdinu; hárit lèt hann ei ná lengra enn eyrnablödin, enn skeggid var raudt, þyckt oc mikit, oc breiddist yfir brínguna út á axlir; tóku nafnbótamenn eptir hönum at bera skegg; oc þótt hann væri ávarpsgódr, stód þeim ótti af hönum, er lítilsigldir voru. Hann ritadi *R* vid nafn sitt, greindist menn á hvert merkti raud eda Ragnheidarson, því hann ann módur sinni mjög. IL stód á bókum hans, þat var þýdíng nafns hans, *Lupus loricatus*. Svo þótti mönnum sem ár oc fiskigánga hefdi aukizt med biskupsdómi hans, var hann oc audsæll. Ei var hann mjög eptir glislegu lausafè, heldr gagnlegu, varanlegu oc fèmætu; hafdi hann glöggvan reikníng á kaupum oc sölum, borgadi fljótt oc refjulaust hvad sem skyldi, enn galdt stundum tvenn verd fyrir þat, er hann girntist af ödrum. Hann keypti miklar jardir fyrir lausafè, var fyrst á hans dögum gefit 1 hundrad lausafjár vid jardarhundradi eda tvö, enn hann gaf stundum 3 ℔ eda 4 fyrir jardarhundrad í þeim jördum, er hann girnti, oc borgadi fljótt oc ríflega, oc sýndi þarmed gódgjörd nockra þeim, er hönum seldu fúslega, fèck því fyrri keyptar jardir enn adrir menn; enn vid þat tóku jardirnar at stíga í verdi. Sídst keypti hann þær, er kyrkjur stódu á, nema hin girnilegustu höfudból væri; eda þær, sem adrir menn áttu ítök í, nema hann keypti ítökin med; vildi hann lengi helzt eiga jardir í Borgarfirdi. Hann var stórgjöfull vid kyrkjur oc fátæka oc vini sína, oc gaf 3 ℔ hundrada eda meir í fasteign; voru þarmed tveir kyrkjustadir í Austfjördum, As í Fellum oc Dvergasteinn í Seidisfirdi, þá gaf hann fyrir beneficium prestum til uppheldis, er þar þjónudu, oc Skálholts biskupum umrád til skyldu-veitíngar. Hann var nýnæmr um sumt, oc fyrilagdi skútu sína hina gódu, er hönum þótti hún ei fengsöm; lèt hann byggja öll jardarhús á sumum jördum af gódum kostum, seldi sídan edr gaf á burt. Stekkr edr fjárhús var á Grund hjá Vatnsenda í Skorradal; þar lèt hann byggja bæ af grundvelli, sterkan oc þakinn súd, lèt oc gjöra þar kyrkju af gódum kostum, med skrúda oc kluckum, oc vígdi þar hálfkyrkju;

þar gjördi hann oc krosshús, oc lèt flytja þángat af Eyrarbacka sjóveg á skútunni oc inn eptir Borgarfirdi mikit lausafè oc gagnlegt, er ei mátti flytja á hestum svo lángan veg, voru þat eikarkistur miklar oc katlar oc þvílíkt; ætladi hann at Margrèt Halldórsdóttir, kona sín, skyldi setjast þar, ef sín missti vid, oc lifa af fasteign þeirra, er þá var mest í Borgarfirdi, oc af stólsjördum í Heyness umbodi, oc hafdi fengit brèf fyrir þeim af konúngi 6 vetrum fyrir andlát Þorláks biskups, enn þat snerist sídan á adra leid. Eigi vildi Brynjúlfr biskup láta lasta pápiskan sid, eda þá er hann höfdu; sumir kölludu hann sýngja tídir, enn fródir menn segja lítit til þess hafit, annad enn aptansaung hans eda morgunsaung, er hann afrækti aldrei. Ecki vildi hann láta ámæla Jóni biskupi Arasyni forfödur sínum, oc var þat eigi mjög kynjandi, sem hitt, at hann vildi ei heldr lasta láta krossa eda bílæti helgra manna, oc sagdi þau vera þarfleg til at vekja hugann vid bænagjördir, hafdi hann oc krossmark Krists fyrir augum, er hann sat eda fèll á knè til bænar í kyrkju, oc sat í Maríu-kapellu jafnan enn ecki í biskups-sæti, lokadi at sèr oc hafdi krossmarkit fyrir sèr; lèt hann þá er daglegar bænir voru, lesa þar kapitula úr ritníngunni, oc sást opt at loknu embætti at hann hafdi tárfellt. Mikit hèldt hann til kyrkjunnar, oc kvad ei frá hennar setníngum víkjandi, ef ei væri á móti ljósu Guds ordi; kvad Lúther verid hafa ærit frekan, þótt hann væri lærdr madr oc gudrækinn. Eittsinn kvad hann svo at ordi vid vini sína, at kyrkjan hefdi fyrir lánga vangætslu hirdara sinna fengit óklárindi í höfud sèr, enn þá hefdi Lúther verit sem kambr sá, er jafnt rífr hár oc svörd sem óklárindin. Hann hóf ecki ferd á laugardegi, ef hann mátti annars, heldr á þridjudag; svo gjördu lengi sídan bændr, er bjuggu nærri Skálholti, oc vissu þó ógjörla, hvadan sá sidr var; hann gætti oc þess, hvad hönum tilfèlli á messudögum helgra manna. Slíka hluti hyggja menn hann numid hafa í æsku af módurfrændum sínum oc vidfasta ordit, oc fleiri eru þeir, sem ætla hann mjög hneigdan verit hafa eptir hinum forna sidnum. Enn þat sem hèr er sagt af hönum, er eptir Jóni prófasti Halldórssyni hinum fróda, oc er þat allt merkilegast: oc þó ei væri fegrad, sem tídt hefir verit um slíka menn, oc þó ei væri stigit yfir bresti, sem enn er tídara um þá, enn sumt væri satt, er í sögnum er, um eigi sem mest rèttlæti; þá má þat eigi telja, sem ofmikit ómark er fyrir: enn ei þarf nú at dyljast vid

sannindi, at svo laungum tíma lidnum, oc er sýnt at madrinn hefir verit mikilmenni af sjálfum sèr, hversu sem var um annat.

III Cap. Frá prestum.

Þau missiri, er Þorlákr biskup andadist, gjördist Einar, son Þorsteins prests Tyrfíngssonar, skólameistari at Hólum. Prestar voru þá þessir helztir uppi: Vigfús prófastr, son Arna Magnússonar, Vigfússonar, Þorsteinssonar, Finnbogasonar lögmanns, hèldt Hof í Vopnafirdi; Eiríkr, son Olafs prófasts Einarssonar, Kyrkjubæ í Túngu; Bjarni Gissurarson Þíngmúla, hann var skáld gott; Steffán prófastr Vallanes, son Olafs prófasts Einarssonar, hann var skáld mikit oc yfirsetti sálma Thómasar Kingós, oc kvad margt annad; Þorvardr Arnason hèldt Klifstad; Rögnvaldr Hólma í Reidarfirdi, son Einars prests, er mikill styrjaldarmadr var, Magnússonar frá Reykjum í Túngusveit, Bjarnarsonar; son Rögnvalds prests var Marteinn, er enn mun gètit; Eyólfr hèldt Kolfreyustad, Bjarnason, Ormssonar prófasts at Kálfatjörn, Egilssonar, mikill fyrir sèr; Höskuldr Einarsson, bródir Odds biskups, lifdi í Heydölum, oc var gamall mjög, enn Halldór prestr Eiríksson hèldt stadinn; Magnús prófastr á Hörgslandi hèldt Kyrkjubæar-Þíng, Pètrsson, Gunnarssonar at Vídivöllum, Gislasonar; Arni, son Klásar Eyólfssonar, Þyckvabæar-Þíng; Þorsteinn Jónsson Holt undir Eyafjöllum; Magnús Jónsson, Sigurdarsonar, Einarssonar frá Heydölum, Breidabólstad í Fljótshlíd; Þorleifr prófastr Jónsson frá Einarsnesi Odda, hann átti Sigrídi, systur Páls prófasts í Selárdal, þeirra son hèt Björn; Torfi Jónsson, Gissurarsonar, Gaulverjabæ; frændi Brynjúlfs biskups, Jóseph Loptsson, Skaptasonar, Olafsvelli; Erasmus Pálsson, Erasmussonar, Villadtssonar, Hrepphóla; Halldór prófastr Dadason, Jónssonar á Svarfhóli, Olafssonar, Hruna; Engilbert Nikolásson Þíngvelli, hann var læknir; Jón Dadason Arnarbæli, hálfbródir Halldórs prófasts; Halldór Jónsson, Bödvarsson, var kyrkjuprestr í Skálholti; Gísli Bjarnason prófastr hèldt Stad í Grindavík; Hallkell Steffánsson, Hallkelssonar, Hvalnes, hans bródir var Björn, mikill madr oc sterkr, er sídan vard prestr, oc hèldt Snæfokstadi, oc fór med Helga presti at Húsafelli, oc grófu þeir nöfn sín þar í hellinum, hann var módurfadir Finns biskups. Þorsteinn

Bjarnarson málara hèldt Utskálar, drambsmadr mikill; Amundi Ormsson Kálfatjörn; Olafr Jónsson, Krákssonar, Hallvardssonar, Garda á Alptanesi; Steffán Hallkelsson, Steffánssonar, Seltjarnarness þíng; Einar prófastr Illhugason Reynivelli í Kjós; Hallgrímr Pètursson Saurbæ á Hvalfjardarströnd, hann var mikit skáld, oc orkti ágæta sálma af pínu Krists oc margt annad. Grímr Bergsveinsson, Einarssonar, Hallgrímssonar, Sveinbjarnarsonar, hèldt Garda á Akranesi; Jón prófastr Mela, Jónsson prests Þorsteinssonar úr Vestmanna-eyum, hann var merkilegr madr, mælskr oc vel-látinn; Audun Jónsson á Hesti Hvanneyrar-þíng; Eyólfr Jónsson Lund í Reykjadal sydra, hann var ágætr lærari; Jón Bödvarsson Reykholt, Jónssonar, Einarssonar, Sigvaldasonar Lángalífs; Helgi Húsafell, son Gríms prests, Jónssonar, þess er veginn var í Sídumúla, Grímssonar; Gunnar Pálsson Gilsbacka; Jón Olafsson, Jónssonar á Svarfhóli, Hvamm í Nordrárdal, hann var mikill oc sterkr, eptir því sem frændr hans voru, Jóseph prestr á Olafsvöllum eda Þorgils á Brimilsvöllum, enn þó ei eptir því sem Jón födurfadir hans var eda Jón Páski; Sigurdr prófastr hèldt Stafholt, son Odds biskups. Jón Jónsson gamli at Stadarhrauni var þá dáinn fyrir þremr vetrum, oc hafdi haft 3 vetr hins 12ta tugar, oc lesit smáan stíl á bók, oc haft alla heilsu. Þórdr Jónsson hèldt Hýtardal, Gudmundarsonar, Þórdarsonar, hann var höfdíngi; Jón Akra, Brandsson prentara, Jónssonar, Jónssonar svenska, Matthíassonar; Björn prófastr Snæbjarnarson, Torfasonar Stadarstad; Vigfús Helgason Hellnaþíng; Gudmundr Jónsson Nesþíng; Vigfús Illhugason Setberg, bródurson Orms í Eyum; Þorlákr prófastr Helgafell, Bjarnason frá Stokkseyri; Asmundr Eyólfsson Breidabólstad á Skógarströnd, er sídan var prófastr, Helgasonar, Eyólfssonar prests á Melum, Grímssonar, son hans var Brynjúlfr, fadir Halldórs biskups; Jón prestr Middalaþíng, Ormsson, Jónssonar, Þorleifssonar, Gudmundarsonar undir Felli, Andrèssonar; Erlendr Einarsson, frændi hans, Hjardarholt í Laxárdal; Kètill prófastr Jörundarson Hvamm í Hvamms-sveit, hann var lærdr vel; Gunnlaugr Bjarnason Saurbæar-þíng, hann þá mjög gamall; Halldór prófastr Gufudal, Teitsson, Halldórssonar, Einarssonar, Sigvaldasonar Lángalífs; Nikolás Gudmundarson Flatey; Páll prófastr Bjarnarson, Magnússonar í Ögri Jónssonar, Selárdal, hann var vellærdr í hebresku máli; Gissr Sveinsson Alptamýri, bródir Brynjúlfs biskups;

þorleifr Bjarnason Sanda; Jón Jónsson prófastr Holt í Önundarfirdi; Jón prófastr frá Ögri Arason, Magnússonar, Vatnsfjörd; Torfi Snæbjarnarson, Torfasonar, Kyrkjuból í Lángadal; Sigurdr Gíslason, Einarssonar frá Heydölum, Stad í Grunnavík. Jón Gissurarson, Gamlasonar, Hallgrímssonar hèldt Stadarbacka; Erlendr Olafsson, Erlendssonar, Pálssonar, Melstad, hann ákærdi hardlega jardasölu Páls födur födur-födur síns til erfíngja Jóns biskups Arasonar, oc var hinn mesti óvin þeirra af því; þorvardr Olafsson, Erlendssonar, bródir hans, Breidabólstad í Vestrhópi, hardgjör madr mjög oc kèppinn; þorsteinn Vestrhópshóla Asmundarson, þorsteinssonar á Grund, hann var handverksmadr á smídi, óhlutvandir menn kölludu hann hinn merglausa, því hann var opt lángordr í kyrkju, þó ærid kaldt væri á vetrum; hann var födurfadir Páls prests Bjarnasonar, er seinast var at Upsum; þorbergr bródir hans var kyrkjuprestr at Hólum; Magnús Jónsson hèldt Mælifell, sumir kalla Jón födur hans son Jóns prests á þaunglabacka, enn sumir segja hann væri á Reykjum í Hjalltadal, oc sonarson Brands ríka í Fljótum; Magnús prestr var fadir Skúla prests í Goddölum. Hallgrímr prófastr Jónsson hèldt Glaumbæ, Gunnlaugr í Vallaholti Flugumýrar þíng, hans nafn bar seinna Gunnlaugr prestr at Helgafelli; Gudmundr Erlendarson Fell, sköruglegr madr oc velgáfadr oc skáld gott, er mælt þeir Hallgrímr prestr Pètursson hafi sendt hvörr ödrum kvedlínga sína til yfirskodunar; hann átti afqvæmi þar, enn Bjarni var launsonr hans, sem lengi bjó í Holkoti í Slèttuhlíd oc var einrænn, enn hinn mesti verkmadr oc þrifnadar. Sveinn Jónsson, Gudmundarsonar frá Siglunesi hèldt Bard í Fljótum, hann var vel lærdr madr. þorsteinn Illhugason hèldt Velli í Svarfadardal; Jón Einarsson Stærra Arskóg, hann var þríkvæntr, oc var skamma stund saman vid adra konuna, ei meir enn 4 mánudi, orkti hann þá kvædit: Gud kann at græda gjörvöll mín sár etc.; hann var haldinn mjög forspár, oc er kona hans hin þridja tefldi vid lítilsháttar mann, er Nikolás hèt oc kalladr Valltinkollr, kom hann frá brèfriti oc kvad:

Kafsveittr at klóra blad, kollvotr þá ordinn er,
veit eg ecki verra enn þad, Valltinkollr sefr hjá þèr.

Hann kvadst mundi drukna í á einni mjög lítilli, er Skallá heitir, oc hafdi orkt um, oc vidkvædi: hafi skömm fyrir skiptin öll hún

Skallá, oc er hann reid eittsinn í ána, hvein hún mjög; þá mælti hann: láttú vel, þú fær mig senn; oc í henni týndist hann, enn kona hans gèck at eiga Valltinkoll, oc var þat miklu seinna enn hèr var komit. Bjarni son Halls Bjarnasonar hèldt Grund í Eyafirdi, hann þótti framarla, oc var haldinn svo mikill rædumadr, at menn sóktu lángt at til at heyra hann; Gunnlaugr son Sigurdar prófasts Arnasonar hèldt Saurbæ í Eyafirdi; Eiríkr son Halls prests hins digra, Arnasonar, Pèturssonar, hèldt Höfda nordr, var hann skáldmæltr, oc þótti vel á sig kominn, enn Olafr bródir hans var prestr vestr í Grímstúngum, oc vel framadr madr; Jón yngri Gissurarson, Gamlasonar hèldt Múla nordr; Jón prestr Magnússon Laufás, skáld mikit oc sterkordr; enn Sigurdr skáld Presthóla, Jónsson, Bjarnasonar Skálholts rádsmanns Hróbjartssonar; enn var uppi Geir prestr Markússon frá Felli í Kinn, Geirssonar, Jónssonar; oc í Borgarfirdi sudr Halldór prestr Jónsson á Ferjubacka, bródir Gudmundar, sem höggvinn hafdi verit; fáum vèr eigi talit alla merkilega presta í Nordrlandi, er menn vita þó víst um, þvíat ei er vel kunnugt hve lengi þar voru hverir uppi.

IV Cap. Aldar sidr.

Lengst af 17du öld var hinn sami sidr í landi breytíngalaus; lög voru Jónsbók oc fornar rèttarbætr, oc fáar einar skipanir Dana konúngs, voru þó lagamenn betri enn fyrri, enn dómar mjög at álitum sem ádr, oc mikid vald lögmanna oc lögrèttunnar; svo var oc dæmt í hèrudum af dómsmönnum sem ádr, oc eigi af lögum Dana; var margt haglega skipad eptir lendsku landsins, ef því hefdi ordid fylgt framm, oc eldi jafnan nockud eptir af fornu atferli. Alþýda var mjög fáfród, líkt sem í hinni fyrri öld oc atburdalítil til at betra vinnu sína, kunnu flestir lítt til, oc var all hugsunarlítil sem fyrri, oc sem þá var vída oc fráleit öllum breytíngum; var því manndómr lítill, oc fór ei landi framm, þó all árgott væri, oc var þó hverki meira ydjuleysi enn sídan, oc ecki óhof á klædaburdi eda haldi alþýdu; var vidrlífi opt hardt, enn klædnadr med ullarlit eda sortadr; hafdi verit sidr til þessa, at karlmenn höfdu kýlabrækr, enn konur socka hvíta eda svarta; þó mátti þat nockud valda fátæki almúga, at kauphöndlun var

ecki góð, enn landskuldir tvöfaldar vid þat er sídan vard, 2 [illegible] af 20 hundrudum. Margt var þá enn í landi hèr sterkra manna; uppeldi var mjög misjafnt, strángt hjá hinum heldri mönnum, oc var þat tídska med þeim, at kènna konum handvyrdir; var miklu meira ríkilæti þeirra enn sídar, oc þeir audugri margir, oc meiri grein á þeim oc alþýdu oc meiri virdíng á þeim, oc þó eigi hefdi adra yfirburdi enn fjármagn eda ætterni, er þá var virdt meira enn seinna vard. Höfdíngjar lètu skègg vaxa sèr í hinni 17du öld nidr af hökunni, enn rökudu kjálkana oc hina efri grön; lærdir menn voru miklu fleiri enn fyrri, oc svo mjög í túngumálum hinum fornu, at ei hefir betr ordit, enn jafnast vid þá sídan, enn í ödru mörgu voru þeir lítt at sèr flestir, oc helzt í náttúruvísi oc þánkafrelsi öllu, oc brá mörgum til hindrvitna, oc nálega var allt fólk undirlagit hjátrú oc teikna trú, oc ei höfdu menn þau greindarvísindi, er vel máttu skilja sátt frá ósönnu; var þetta efni til, med því at höfdíngjar voru trúræknir, at svo var hardt gengit eptir fjölkýngi, oc svo hitt at hindrvitna trúin olli, at margir lögdu hug á þat, er adrir vildu illt, eda girntust at hræda adra, enn almenníngr óttadist þat; enda voru lögin hörd vid alla misbrota menn, oc svo hörd í sumu, at alþýda lagdi óvild á þau oc yfirmennina; þó ollu þau því hjá mörgum, eda þó heldr vani sá er ákomst af þeim oc hörku þeirra, at margt var haldit ókvædi er þau fyrirbudu, oc urdu því eigi mjög margir stórglæpamenn, oc mundu ordit hafa færri, ef ei hefdi hlutdrægni verit ofmikil stundum; oc víst var almenníngr eirnari fyrir þat er hann var einfaldari; var fátt manna lesandi, oc öll þeckíng lítil, nema þat sem lært var bóklaust, oc vard þat þá mörgum vidfast, kunnu þá oc fleiri menn rím oc ættvísi enn seinna er fjöldi vard læs, oc vanhirdtu ei svo lítil vísindi, þau er færi gafst á oc bóklaust voru kènd, sem opt hinir seinni menn mikil, er þeim budust audveldlega; þóttust af því flestir menn í 17du öld óvitandi, sem þeir voru, þar sem hinir, er á margt líta snöggvast, þykjast sídan einfærir um hvervetna. Skáld voru þá fleiri enn í hinni undanförnu öld, oc betri enn flest höfdu verid, oc þó at slíka menn skorti flesta þeckíngu til at laga sig eptir gódum smeck fornra skálda, þá voru nockrir þeir, er svo urdu frægir af gáfunni einni saman oc hluttekníng í efni sínu, at ei er víst, audveldt sè af þeim at bera, í því sem þeir lögdu verk á.

V Cap. Utanför Gísla biskupssonar oc þíng.

Þennan tíma var Þorkèll son Gudmundar Hákonarsonar sýslumadr í Hunavatns-þíngi, þvíat Gudmundr lagdi af sèr med merkilegum ordstýr. Þá hafdi Gísli, son Þorláks biskups, látit af skólameistara-embætti at lidnum jólum, þá fadir hans var andadr, sakir umsjónar, er hann þurfti at hafa med módur sinni, oc annara stadar eyrinda; enn hinn 21ta dag Aprílis mánadar var prestastefna haldinn at Flugumýri oc talad um biskups-kosníngu, var þá Gísli kosinn í stad födur síns, oc kosinn biskup seinastr af almenníngi á landi hèr; var þat meir af ást manna vid födur hans oc Gudbrand biskup lángafa hans, enn fyrir sjálfs hans lærdóm oc atgjörfi; var hann þá fyrst hálf þrítugr, oc hafdi at litlu í embættum stadit, höfdu sumir viljad hafa heldr Olaf prest Hallsson í Grímstúngum. Hann fór utan um sumarit med Mads Rasmussyni, nafnkèndum kaupmanni, oc Þórdr bródir hans, enn Hallgrímr prófastr Jónsson í Glaumbæ var officialis. Þat vor lèt Benedikt Halldórsson dóm gánga at Lýtíngstödum, oc annann sídan at Vallalaug um fjár vardveitslu Jóns Olafssonar, voru þar í hinum fyrra dóminum Eggèrt Jónsson á Ökrum, Gudmundr Kolbeinsson, Rafn Jónsson, Arnfinnssonar, Halldór son Þorbergs Hrólfssonar, lögrèttumenn, Erlendr Nikolásson oc Ingimundr Bessason, Hrólfssonar. A alþíngi bad Brynjúlfr biskup alla menn útvega konúnginum eda sèr konúnginum til handa íslendskar sagnabækr fornar; hann vígdi þrjá presta at nordan. Eigi kom höfudsmadr á þíng, enn birt var þar brèf Fridriks konúngs þridja til hans, útgèfit 9da dag Maji hid fyrra árit; þarí lèzt konúngr merkja óvilja alþýdunnar hèr á landi, at leggja nockud af sínu til hospítalanna, baud hann því biskupum oc lögmönnum oc 24 hinum beztu mönnum at gjöra tilskipun þá, at alþýda eptir tiltölu oc jöfnudi legdi nockud; þá tilskipun kvadst konúngr vilja stadfesta sídan. Þannin var þá optast leitat at landsmenn sjálfir legdi undirstödu til laga sinna, þó þeir vanhirdti þat opt, enn fengi stundum eigi allt samþyckt er þeir lögdu undir. Höfudsmadrinn var ei útkominn, enn Thómas Nikolásson, umbodsmadr hans, óskadi med brèfi, at meistari Brynjúlfr biskup oc Arni lögmadr Oddsson útnefndi 12 menn at gjöra þar um, auglýsandi gódvilja höfudsmannsins, at hann vildi bædi leggja nockud til sjálfr, oc þarmed sjá til at höndlunar-fèlög Islands,

kaupmenn þess oc skiparar, gæfi nockud; af þeirri samkomu vard nærsta lítit, nema þacklæti vid konúnginn oc höfudsmanninn fyrir umhyggju þeirra; kvádust þeir heitit hafa árlegum fiskatolli; enn ef meira skyldi uppá menn leggja, þá lèt Arni lögmadr þat rád vera, at heitdagr væri haldinn eins oc fyrir nordan, med einmánadar komu, oc gæfi þá hverr af eginlegum gódvilja sínum meira edr minna, fátækum hospítals limum: fèll svo nidr þat umtal at sinni. Dómr hafdi farit fram um vorit at Ingjaldshóli, um lausamenn oc búdamenn; þvíat Þorgils bóndi Jónsson á Brimilsvöllum hafdi þat kært, at hann eda adrir menn fengi ecki hjú fyrir lausamennsku þeirri, er mjög tídkadist: var þar fyrir dóminum Matthías Gudmundsson, sýslumadr á Stapa; Halldór Gudmundarson í Olafsvík; Asbjörn Gudmundarson, er þar bjó einnin; Jón Illhugason í Lóni, bródurson Orms í Eyum; Jón Steindórsson, Gíslasonar, er bjó at Knerri; Finnr Sigurdarson prests, Finssonar; oc Jón Jónsson. Vestra hafdi þat oc ordit, at tveir menn voru bornir galdri; annar þackadi presti sínum fyrir messugjörd, oc rètti hönum hönd, enn vid handtakit hvarf prestinum heilsa, medgekk þá sá madr at hann hefdi haft staf í hendinni, er því hefdi átt at valda, oc at til þess hefdi gjör verit. Þorleifr Kortsson lèt brenna þá, oc var af því mjög lofadr. Kom þat fyrir á alþingi, at dæmt var um eptirlátit fè þeirra, at skiptist milli konúngs oc erfíngja, enn prestrinn, er Jón Magnússon hèt, tæki 20 hundrud í bætr, hálft í jördu enn hálft í lausafè. Þar var oc dæmd 4ra marka refsíng Narfa í Smidjuvík fyrir galdrastaf, er Magnús sýslumadr Magnússon hafdi var ordit vid; oc þó nockud fleira var þar dæmt um. Gudmundr Hákonarson birti þar uppsögn sína á sýslu, oc gaf fátækum eptir sig Asa í Svínavatns sókn, 20 hundrud. Thómasi umbodsmanni var utanstefnt, oc hafdi Hákon landþíngskrifari, er þá var, oc sýslumadr, son Orms í Eyum, umbodit. Björn son Magnúsar lögmanns fèck þá konúngs-brèf fyrir Múnkaþverár klaustri, er fadir hans fèlli frá.

VI Cap. Tilburdir fleiri.

Þat ár var hlutar-ár gott; þá sleitt upp Höfdaskip ok braut, ok druknudu 4 menn; Eiríkr hèt þar kaupmadr, hann hafdi haft

skipti vid strandamenn; ok var haldit þeir hefdi sendt hönum óhapp med fjölkýngi; var kallat at skilgódir menn hefdi sèd sem eldknött fara at skipinu at vestan, ádr uppsleit: mátti þó sýnin vera med rèttu edli, oc skipit fá grand af ödrum atburdi, sem tídt er á Skagaströnd, enda mundi töfra mönnum mátt þykja hægra oc forsjálegra at týna skipinu heldr í hafi, eda þar sem midr hefdi bjargad ordit; enn þadan af fèckst helzt til mikit af slíkum sögum, oc hèldust oflengi, oc má þó ei allar undanfella, þó leidar sèu, ef vita skal hve lengi hverr óvitska geck mest yfir. Kona lagdi steina á barn sitt undir Jökli vestr, svo þat dó, oc var hún hýdd: barn þrèvett af Skaga hljóp upp á fjöll, oc þóttu álfar valda slíku: bóla geck vestra oc vídar um land; dóu einnin úr sótt 6 menn hins 15da tugar undir Eyafjöllum, oc fleiri urdu tjón: hjónaskilnadir 18 í Skagafirdi. Svo sögdu menn at tvær konur hefdi deilt á Mýrum, oc önnur heitizt vid hina, dáit sídan, oc ordit henni at bana. Þá andadist í Júnió Þorsteinn Magnússon á Þyckvabæ, oc Hannes Eggèrtsson í Snóksdal. Þeir voru synir Þorsteins, Magnús, Hákon oc Einar, oc eru frá þeim öllum ættir: Einar var fadir Olafs oc Isleifs sýslumanna, oc þeirra systkina margra; Sigurdr var einn Einarsson, hann átti Helgu, dóttur Þórdar prests Gudmundarsonar á Kálfafelli, þeirra son var Jón, oc annar Vigfús, fadir Gudmundar œconomuss oc Erlendar prests; Jón hèt annar Einarsson, hann átti Alfheidi Amundadóttur frá Skógum, þeirra börn voru Amundi, Margrèt, oc Kort á Kyrkjubóli, fadir Gísla oc Audbjargar, er átti Gudna Sigurdarson. Eggèrt á Ökrum Jónsson var á ferd, hann var þá þrem vetrum betr enn fimtugr, hann reid yfir Jökulsá, er menn kalla Hèradsvötn, hinn 27da dag Agústi mánadar, oc Jón sonr hans 13 vetra; Eggèrt rak af hestinum, oc týndist, þat var jafnskjótt eignad göldrum Gunnlaugs prests í Vallholti, því þeir höfdu deilt um engi; lík Eggèrts fannst um daginn eptir, oc var grafit at Reykjum í Túngusveit, enn Jón sonr hans deildi um engit, oc vann þat, oc var sú hans fyrsta þíngdeila. Þorbergr Hrólfsson á Seilu reid í kaupstad um haustit, hann var þá gamall mjög, hann lagdist í tjaldi sínu á heimleid hjá Oslandi, oc vard komit heim á bæinn med harmkvælum, lá nær viku, oc andadist sídan; hafdi hann haft Þíngeyar þíng med Sigurdi bródur sínum oc Hrólfi syni hans 4 vetr hins 5ta tugar, enn lifat 3 vetr hins 9da tugar; þat var hinn 8di dag Septembris er hann dó, oc stódu

til arfs eptir hann brædrasynir hans 9; þá dó ok Magnús á Sjáfarborg lögrèttumadr, Jónsson, Jónssonar, Grímssonar lögmanns á Ökrum, fadir Sigrídar, er Benedikt Pálsson átti, oc köllud var hin stórráda, hann var skáld, þat skedi í Novembrí snemma. Einnin andadist Margrèt á Öndverdunesi, dóttir Odds biskups Einarssonar.

VII Cap. Vígsla Gísla biskups ok fleira.

Sá vetr var nærsta gódr med þýdum oc snjóleysum, oc hlutir 1657 miklir umhverfis allt land. Þá dó Hákon Ormsson, hann átti ecki konu nè afkvæmi, oc fèck Arni lögmadr Matthías Gudmundarson til hans starfa, er verit hafdi í höfudsmannsins þjónustu oc sýslumadr vestra á Stapa; enn Greger Mikkelsson, sveinn fógetans, var settr til at vakta konúngsgardinn. Vor var nockut kaldt, oc gengu landskjálftar miklir, svo tveir bæir fèllu sydra; lá fólk í tjöldum á einum bæ í Fljótshlíd; mjög vel áradi þá til lands oc sjáfar. Þá dó Höskuldr prestr Einarsson í Heydölum bródir Odds biskups, oc druknadi Henrik prestr Jónsson á Stödvarstad; þá andadist einnin Jón prestr Bödvarsson í Reykholti, oc tók stadinn Halldór eldri sonr hans, oc var prófastr seinna; einnin deydi Gunnlaugr prestr Bjarnason í Saurbæar þíngum, oc fèck þau Jón Loptsson frá Sælíngsdal, Arnasonar, módir hans var Þórun Arnadóttir frá Læk, Bjarnasonar, Jónssonar biskups. Gísli son Þorláks biskups var utan farinn, sem fyrr er gètit, hann prèdikadi fyrir konúnginum oc hoffólkinu á látínu, oc var sídan prófadr undir vígslu, sem venja var, er mælt lítit hafi fundizt til hans lærdóms oc andsvara, oc höfudsmadrinn fyrir þá sök heyra mátt af konúngi þá spurn med nockurri misþóknan: hvert ei mætti fá þartil lærdari mann edr algjörfari á landi hèr? enn gengi þat oc afhald, er Henrik Bjelke var þá í, afplánadi slíkt; var Gísli vígdr eptir konúngsbrèfi af Doktor Hans Svaning Sjálands biskupi, 6ta sunnudag eptir páskir, enn þat var þá hinn 10di dagr Mají mánadar; kom hann út um sumarit, oc vígdi þá tvo presta fyrst, Olaf Egilsson oc Þórarinn, er sídan var prestr at Hrafnagili, son Jóns í Hafrafellstúngu, Einarssonar, Nikolássonar, Þorsteinssonar, Finnbogasonar lögmanns,

VIII Cap. *Alþíng, mannalát ok vidburdir.*

Þessi missiri gekk sótt vestra kríngum Jökul, ok dóu 200 menn, vard ok mannadaudi hjá Mývatni; þá brann bær í Reykjarfirdi á Ströndum oc 9 menn inni, oc vída hús; 6 menn týndust á Skagafirdi, oc þrír á Kotferju, er ofhlódu sig í myrkri. Konúngsbrèfum var lýst um jardabókar gjörd, oc um landhlaupara, oc enn fleira. Madr kom sá til alþíngis er Eysteinn Jónsson hèt, úr Holtum, hann hafdi brotit handlegg í födur sínum med heipt, oc var hönum dæmd húdláts refsíng, sem hann mætti bera, oc fíngr höggvinn af hverri hendi. Þar var dæmt um húsaga oc vinnufólk, oc tíundargjörd af Hamri, er Jón Jónsson á Svínavatni bar í lögrèttu, þeirri jördu er Gudmundr Hákonarson hafdi gefit fátækum; einnin at módir annist barn sitt at þridjúngi. Þar bar Gísli prestr Brynjúlfsson á Bergstödum jardamál framm, vegna Sigurdar prests gamla í Goddölum, er Benedikt Halldórsson oc dómsmenn í Skagafirdi höfdu frá sèr vísat, enn því var vísat aptr í hèrad, oc Jón Egilsson, er þat kalladi ránglega gjört, bad forláts á þínginu. Eggèrt Bjarnarson sýslumadr á Bardaströnd, bar þar undir lögrèttuna um galdrarykti Halldórs Bjarnasonar í Bjarneyum, oc um burthorfit barn, oc var þarum dæmt, oc enn fleira. Bjarni Jónsson Eyfirdíngr, lagadeilumadr mikill, var þar dæmdr fjölmælismadr. Á því þíngi taldist meistari Brynjúlfr biskup brèflega undan í lögrèttu, at hafa lengr allt ómak oc umsjón á aukahlutum til hospítala í Skálholts biskupsdæmi, vid þá tregdu, sem alþýda manna sýndi; kalladi eigi ágódann svara kostnadinum, svo at, ef at slíkt lagadist ecki, neyddist hann til at láta hjálída, oc hin fjærlægu tillögin leggja til hinna fátæku veiku manna í sveitunum, er þá mætti meiri not af hafa; bad hann lögmenn sjá til slíkra hluta hin beztu ród, medan konúngr oc lènsherrann (landstjórinn) gjördi þar ei adra skipun á, enn lèzt mundi sjálfr á medan, byggja hospítalsjardirnar fátækum til gagnsemdar; urdu lögmenn því samþyckir at gjafir þessar legdist hinum fátæku mönnum í sveitunum. Þann tíma geck bóla um Vestrland, oc fór ecki ódt, var þó mannskæd, kom hún um haustid nordr í Húnavatns þíng. Þá urdu umbodsmanna skipti at Bessastödum, kom út Thómas Nikolásson oc Margrèt kona hans Þat bar enn til um Sigurd prest Magnússon at Audkúlu í Svínadal, bródur Jóns prests í Laufási, at hann reid frá

Svínavatni heimleidis einn á nóttu, ok lítt drukkinn, fannst at morgni hestrinn oc föt hans sitt í hverju lagi, enn hann í ödrum stad, örendr oc meiddr mjög. Þá dó Þorlákr í Vídidalstúngu, son Páls Gudbrandssonar þrem vetrum betr enn fimtugr, 12ta dag Septembris. Þorsteinn Illhugason skólameistari kvæntist þá, oc sá atburdr vard sudr á Strönd, at þar var madr einn er vedjadi vid sambúa sinn eitt kvöld, at 20 selir skyldu verda komnir í nót hans at morgni, sídan lagdi hann nótina, enn þá nótt vard hann fyrir áras mikilli af nockru, oc flýdi rúmit fáklæddr, fór þá hinn eptir hönum, oc fann hann daudan oc illa leikinn hjá festarsteini nótar, enn 20 selir gamlir voru fastir í henni; sögdu menn þat þá almennt, at sá madr hefdi gefit sig fjandanum; var þá hinn mesti ótti af göldrum um land allt. Þá öndudust enn Magnús Bjarnason á Leirubacka, oc Gudmundr Jónsson í Hvammi á Bardaströnd, er fyrir sýslum hafdi stadit, bródir Eggèrts á Ökrum. Mikill ófridr var þá med Svíum oc Dönum, veitti Karl Gustav Svíakonúngr svo mikinn yfirgáng, at Danir máttu eigi vidhröckva.

IX Cap. Frá ýmsu.

Þareptir gjördi stormavetr mikinn, sudrænan oc snjóa lítinn; 1658
hann var þúngr eystra oc stórfellir, enn gódr á Sudrlandi; kom svo mikit vedr hinn 13da dag Janúaríí mánadar, at vída spillti, oc sló nidr allri yfirbyggíngu af klucknaporti á Hólum, enn rotadi mann í Höfdahverfi er bjarga vildi heyi sínu. Þá var snemmgróit oc fiski-ár mikit. Prentad var á Hólum Dominicale. Kom út Þorkell son Arngríms prests lærda. Þá var ályktad á alþíngi, at í ærlegum sökum skyldi ærlegr madr leggja á refsíngu, ef til væri, enn þó mætti ei lagarefsíng undangánga, þó adrir yrdi at brúkast þar til, nema líflausir þjófar voru undanskildir. Þar var oc dæmt um, hvert börn skyldu fylgja arfi, oc um eidstaf Þurídar Magnúsdóttur fyrir allan galdr gjörfan Jóni presti Magnússyni, sem henni hafdi verit borit; einnin um slag med Dönum oc Islendíngum í Isafirdi; oc samtök Jóns Jónssonar í Reykjadal vid konu sína. Þá fèck Gísli biskup Gróu, dóttur Þorleifs Magnússonar at Hlídarenda oc Sessiliu Bjarnardóttur frá Laxamýri, var brúdkaup haldit at Hólum, oc hönum talin 5 hundrud hundrada í föstu oc

lausu, enn henni 3 hundrud hundrada ok 107 hundrud, þar var rausn mikil oc veitt á þridja dag, voru at bodi flestir virdíngamenn nyrdra, enn alls 230 bodsmenn; enn ei vard þeim barna audit. Konúngsbrèf komu nokkur, oc var eitt um taxta þann er gjörr var þá fyrir 39 vetrum, at kompagníit edr kaupfèlagit vildi hæcka hann, því varan sè dýrari enn fyrri hafi verit. Þat segir sumstadar, at Sigurdr Jónsson frá Einarsnesi, Sigurdarsonar, tæki þá vid sýslu. Þá var dæmt húdláts refsíng þeim konum, er eigi segja rètt til faderais barna þeirra, allt til þess er þær komast í Danmörk. Bóla geck fyrir nordan oc sunnan, oc dóu margir vída tvítugir oc ýngri, oc mest vid sjó. Landskjálfti var á páskum; enn vor svo gott at sóley var sprottin í sídustu viku vetrar, enn sumarit vard þó kaldt, mikill manndaudi vard af bólu í Grímsey, því hún hafdi eigi komit þar ádr, svo menn vissi; dóu oc margir vída, oc margar urdu slisfarir; druknudu 7 menn undir Jökli, enn 5 menn, er voru á ferd hjá Spákonufells höfda, fèllu af baki med undarlegum hætti jafnframt, oc meiddust allir, enn einn dó; nockrir urdu sèr at skada sjálfir. Þessir dóu hinna heldri manna: Olafr prestr í Gördum sudr, Jónsson, Krákssonar, fèck Þorkell Arngrímsson þann stad; oc Olafr prestr á Miklabæ í Skagafirdi, Jónsson, Bjarnarsonar, fadir Hallgríms prests at Múnkaþverá, oc Þorláks prests at Miklabæ, hann hafdi verit prestr 2 vetrum fátt í 60, oc prófastr í Skagafirdi um hríd, oc skorti 2 vetr á nírædan; Arngrímr prestr Gissurarson, Gamlasonar, Hallgrímssonar, oc Sumarlidi prestr Einarsson; Jón prestr Pálsson í Vogshúsum, hann vard brádkvaddr; Jón Arngrímsson í Sælíngsdalstúngu, oc Margrèt Jónsdóttir í Brædratúngu. Halldóra á Oslandi, dóttir Gudbrands biskups, hafdi þá legit í kör nockur ár, hún var nafnfræg at bænrækni oc ölmusugjördum, hún andadist þetta haust hinn 12ta dag Septembris mánadar, hálfníræd. Þeir eru nockrir sem herma at Jón lærdi hafi þá fyrst dáit eystra, enn þó hygg eg þat ósannara enn þat er ádr segir, at þat yrdi 8 vetrum fyrri; hann hafdi átt son hórgetinn í elli sinni, oc hèt sá Jón, oc kalladr litli lærdi, oc var líkr födur sínum. Þá gjördi hret á ymbrudögum med miklum hörkum oc snjóum, oc herdti med vetri, oc æ meira, svo at ei vard vitjad kyrkna á jólanótt oc jóladag. Þá jólanótt skar sig madr á háls í Hraungerdis hjáleigu. Var þá hardr vetr, oc menn urdu úti vída.
1659 Þá andadist Gudmundr Hákonarson 21ta dag Maji mánadar, Thómas

Nikolásson var umbodsmadr. Var styrjöld mikil med Dönum ok Svíum, þvíat Karl Gustav Svíakonúngr rauf sættir, er hann þóttist hafa Danmörk í hendi sèr. Madr oc kona úr Snæfells þíngi voru aftekin; urdu barnahvörf sumstadar. Magnús Magnússon er sagt at þá tæki sýslu, enn eg ætla at þat væri fyrri, hann var á Vestfjördum; oc annar Jón Runólfsson, hann hygg eg hefdi Hnappadals sýslu. Þrír menn týndust af skipi í Hrauni, þá druknadi oc Eyólfr prestr Bjarnason á Kolfreyustad; oc Þorleifr á Irafelli í ósnum vid Hvalfjardareyri; dó oc Steffán prestr Hallkellsson í Seltjarnarness þíngum, oc Þorbergr Asmundarson kyrkjuprestr at Hólum, nær áttrædr, bródir Þorsteins prests í Vestrhópshólum; lögmönnum þótti ei meiga hæcka taxtann sökum fátæktar landsins; þeir ákvádu þat einnin at forlagi Brynjúlfs biskups, at þar skyldi jafnan fylgja máldagabók Gísla biskups Jónssonar er ei fengist önnur ljósari skjöl um kyrkna-eignir. Á alþíngi komu til dóma barnahvörfin, oc sumt annad lítt merkilegt, oc var þá mjög fátídindasamt.

X Cap. Mannalát ok annat.

Annar vetr þar eptir var gódr; þá vard skipreiki í Mýdal 1ta dag 1660
aprílis, oc týndust menn nockrir enn sumir nádust. Þann dag dó Jón Jónsson á Hömrum, oc kom þar þá nautadaudi, oc á fleiri bæum; hestar fèllu oc vída daudir nidr. Þá druknadi Hákon Brandsson í Þorleifslæk í Ölvesi, oc fleiri menn; oc skip týndist í Eyrarsveit, enn þat var seinna á ári. Um þær mundir herjadi Svía-konúngr mjög í Danmörku, oc sat um Kaupmannahöfn, enn Danir vördust vel: þar voru oc nockrir íslenzkir menn, sem sýndu hraustlega vörn, Teitr Torfason frá Kyrkjubóli, Snæbjarnarsonar; Marteinn, son Rögnvalds prests Einarssonar; Oddr Eyólfsson, oc enn fleiri; enn þat vard umsídir Dönum til hamíngju at Karl Gustav deydi. Þá andadist Gísli son Eggèrts Bjarnarsonar at Skardi á Skardströnd, oc Gísli prestr Þorvardsson í Vestmannaeyum, Jón prestr Egilsson á Völlum oc Þórdr prestr í Adalreykjadal nyrdra, einnin Þórarin prestr Eiríksson frá Búlandi, er fyrr var í Heydölum, oc misst hafdi prestskapar, Þórdr prestr Gudmundarson á Kálfafelli, oc Einar Kolbeinsson, er fyrri var prestr at Kolbeins-

stödum, ok afsettr meir enn fyrir 30 árum, enn hafdi æ jafnan sídan átt í deilum ok kærumálum, þótti mörgum þá ærit mál komit at þeim linnti. Þá deydi ok Gísli prestr Einarsson at Stad á Reykjanesi, er fyrir mjög laungu hèldt Vatnsfjörd, bródir Odds biskups, ok var hann þá gamall mjög; einnin Gudrún Jónsdóttir á Eyri í Seidisfirdi, módir Olufar, er Magnús Magnússon sýslumadr átti, oc Finnr, sem átti Múla undir Skálmarnesi, Þórólfsson, Einarssonar, Þorleifssonar, Jónssonar prests í Gufudal, Þorleifssonar í Þykkvaskógi, Gudmundarsonar, Andrèssonar. Nikolás prestr í Flatey átti Ingibjörgu systur Finns, þeirra son var Finnr fadir Þórólfs í Múla, enn dóttir Gudrún, módir Ragnhildar Sigurdardóttur, er Olafr Gunnlaugsson átti, þeirra synir Eggèrt oc Magnús lögmenn, oc Jón. Benedikt Halldórsson lèt gánga dóm á Lýtíngstödum um misþyrmíngar Jóns Þorgrímssonar vid Sigurd Bergþórsson, á hans heimili, Reykjum; þar voru í dómi Hrólfr Sigurdarson sýslumadr, oc er svo at sjá sem hann hafi þá verit í Skagafirdi, Markús Olafsson á Breid, Gudmundr Kolbeinsson oc Halldór Þorbergsson. A alþíngi fóru framm dómar um hórdóma, lausamenn, oc enn fleira. Þá var af hálfu Doktors Thómasar Bangs, prófessórs í Kaupmannahöfn, lesin þar upp handskrift, med nöfnum Þorláks biskups Skúlasonar, Hákonar Gíslasonar í Brædratúngu oc Benedikts Halldórssonar á Vídimýri, 8 ára gömul, um loford þeirra á skuldaborgun meistara Runólfs Jónssonar; þar gekk Benedikt Halldórsson þverlega í móti, oc kvadst eigi hafa at Brædratúngu komit um 24 ár, enn þar skyldi handskriftin hafa gjör verit, oc baud hann þar eid á; Helga Magnúsdóttir, ekkja Hákonar, kvadst ei heldr kannast vid hönd manns síns, gaf þó 20 dali, enn Þorlákr biskup hafdi látit 100 dali fyri meistara Runólf. Jóhan Pètursson Klein kom þá út med umbod höfudsmanns, hann hafdi verit undirkaupmadr á Arnarstapa. A þat alþíng kom Sigrídr stórráda, hún var grunud um hór undir Benedikt bónda sinn Pálsson, sór hún þar fyrir alla menn nema Benedikt, ok svo þat at hann væri fadir sona hennar Magnúsar ok Þorláks.

XI Cap. Frá Þorsteini presti.

Þorsteinn prestr at Utskálum Bjarnarson málara gat barn í hórdómi, þá hann var karlægr af þúngri líkþrá ok blindr, lèt hann

aka sèr á kviktrjám á alþíng, ok fyrir búdir flestra höfdíngja til at fá tal af þeim, ok deildi fastlega um málit, hvar sem hönum gafst færi til, vildi verda sýkn, ok halda stadnum, enn þat dugdi ekki, ok fèkk Þorleifr prestr stadinn, son Klásar Eyólfssonar, enn Þorsteinn fór af hönum; er þó mælt hann hafi látit teyma hest undir sèr umhverfis stadinn, ádr hann fór þadan, ok hafi þar sídan brunnit strax eptir. Hann lèt lesa sèr þat til skemtunar sídan, er voru í mörg hindrvitni, ok lifdi eptir þat mjög lengi, ok samdi sjálfr grafskrift sína harla stórláta ok drambfulla, taldi þar í lærdóm sinn ok fródleik framm yfir allra eda flestra annara manna.

XII Cap. Frá ýmsu.

Þessi missiri voru prentud frædi Lúthers ok Gerhardi hugvekjur á Hólum. Þá var Jóhan Klein höfudsmanns umbodsmadr; kom út Þórdr, son Þorláks biskups, ok vard skólameistari at Hólum, enn Einar Þorsteinsson, er skólameistari hafdi verit, tók Múlastad, ok hèldt lengi sídan, skorti hann þá 3 vetr á þrítugan. Þá gjördist Fridrikr þridji Dana-konúngr einvaldr ríkis síns, ok sóru allar stèttir í Danmörk hönum eida. Skúli prestr, son Þorláks biskups, tók nú Grenjadarstad eptir Gudmund prest Bjarnason, Gamlasonar, oc af hönum; hèt Benedikt Halldórsson, sýslumadr í Skagafirdi, hönum dóttur sinni, ok annari Gudbrandi bródur hans; hèldt Benedikt alla stund Reynistadar klaustr, þó svo sè at heyra, sem hann hafi búit á Vídimýri um hríd. Þá andadist Gróa Þorleifsdóttir, kona Gísla biskups, þrem vetrum midr enn þrítug, ok barst hann lítt af eptir hana, ok gaf sídan nöfnu hennar Gróu, dóttur Þorsteins prests Illhugasonar á Völlum, 20 hundrud í jördu, ok þarmed lausafè; mun sídar getit er hann fèkk einnar dóttur Benedikts. Elín Þorláksdóttir, systir hans, var þá ok heitin Þorsteini, syni Þorleifs Magnússonar, enn Jón Vigfússon frá Lögmannshlíd, Jónssonar lögmanns, Sigurdarsonar, keypti Helgu, dóttur Magnúsar á Reykhólum Arasonar, systur Sigurdar at Skútustödum, ok bjó at Lögmannshlíd sídan; Sigurdr, bródir hennar, tók þá Þíngeyar sýslu med Hrólfi Sigurdarsyni. Þá fór framm skipti at Leirá med börnum Eiríks á Fitjum Oddssonar, er kalladr var hinn heimski, at Arna lögmanns bródur hans; fèkk Oddr Fitjar í Skorradal, 40

hundrud at dýrleika, enn 60 hundrud í arfaskipti, Vatnshorn í Skorradal 24 ℔, Grímstadi í Andakýl 16 hundrud, 5 hundrud í Irafelli í Reynivalla sókn; Gísli fèkk Fiskilæk í Mela sókn 20 hundrud, Hædarenda 16 hundrud, 20 hundrud í Signýarstödum í Reykholts-Reykjadal, Hæl ok Brennistadi 40 hundrud, hálfa Vatnshamra 12 hundrud; Gudrún fèkk Laugarvatn í Middals sókn 30 hundrud, hálfa Signýarstadi 20 hundrud, 5 hundrud í Hömrum í Reykholts sókn, 5 hundrud í Stóradal í Eyafirdi; Helga fèkk Skálpastadi í Lundar sókn 30 ℔, ok Máfahlíd 24 hundrud. Þat bar enn vid hinn þridja dag Nóvembris, at jökulhlaup mikit ok eldgángr kom úr Kötlugjá, ok nærri Þykkvabæar klaustri, ok Alptaveri, ok tók af bæi nokkra, ok svo í Mýrdal; sá eldr tók einnin af Höfdabrekku, ok var þar þurt um morguninn, sem 20 fadma djúp var um kvöldit fyrir; fluttust skip í jökulhlaupinu 77 fadma; tók ok af kyrkju á Höfdabrekku, ok var bærinn sídan fluttr uppá fjallit; varadi öskufall ok myrkr í 9 daga, enn eldrinn sást lángt framm á vetr.

XIII Cap. Ymist.

Þá var þíng á Vatnsleysu hinn 4da dag Decembris, ok var Arni lögmadr fyrir dóminum, enn Sigurdr Jónsson í Einarsnesi sókti Torfa Erlendsson sýslumann fyrir illyrdi á þíngi vid Helga Sveinsson, ok var dæmd af Torfa sýsla ok virdíngar allar ok fullrètti ok hálfrètti á ordunum, eptir því sem þau voru. Torfi var audugr madr, ok var Þormódr sonur hans þá í Danmörku, ok hafdi
1661 konúngs traust mikit. Gjördi þann vetr hardan ok lángan, ok vor kaldt, ok allt árferdi midr, enn fyrri hafdi verid lengi; gengu þá málasóknir med Arna lögmanni ok Torfa. Þann vetr á 12ta dags nótt jóla brann Stóraborg í Grímsnesi, ok allt fèmætt, er þar var inni, enn mönnum vard borgit; Gröf brann ok á Höfdaströnd, þar var bú Gísla biskups, ok týndist mikill fjárhlutr. Þá var prentud á Hólum Molleri handbók, ok eintals sálmar Pèturs lögrèttumanns Einarssonar at Ballará, er hann eignadi Valgerdi Gísladóttur, konu Eggèrts á Skardi, ok lètu þau Eggèrt því prenta. Islendíngar bádu konúng um sumarit, med adstod herra Henriks Bjelke höfudsmanns, at hækka ekki taxtan, enn þeir brædr á Þykkvabæ, Há-

kon ok Magnús Þorsteinssynir, bádu Jóhan Klein fækka heima kvikfè klaustrsins, því þat mætti ei fæda sakir eldgángs ok öskufalls, er þá ok hid fyrra árit höfdu fallit á klaustr-landit, baud hann þá at leysa med geldnautum til Bessastada þridja hlut kúgilda heima á klaustrinu. A þat alþíng er þá var haldit kom ekki Magnús lögmadr Bjarnarson, hann var þrotinn at heilsu, ok gegndi Arni lögmadr Oddsson öllum málum. Þar dó Eiríkr Sigvaldason lögrèttumadr snögglega. Þar fór margt framm; Vigfús Jónsson lögrèttumadr úr Eyafirdi ákærdi Hrólf sýslumann Sigurdarson fyrir rèttarneitun móti Jókkum Mumm, er byggt hafdi Raudasel á landi Vigfúsar, enn Hrólfr afsakadi sig med því, at Sigurdr á Skútustödum, annar sýslumadr, hefdi ei vid verit; áleizt þat ógild afsökun, ok hverr sýslumadr skyldr at gegna málum, er vid var látinn. Medal gjörnínga var eidr Ulfhildar Jónsdóttur, ekkju Steffáns prests Hallkelssonar, hún sór fyrir alla karlmenn nema bónda sinn; þat var hinn 1ta dag Julíí; þann dag kom í dóm bana tilrædi Jóns Þórarinssonar úr Snæfellsness sýslu vid Hallgrím Erlendsson, er hann hafdi hrundit hönum af kletti framm, ok fleira; einnin um galdragjörnínga Margrètar Þórdardóttur, sú mun verit hafa seinni kona Tómasar prests Þórdarsonar frá Tindum, er misst hafdi prestskapar fyrir barngetnad med henni, ok komst í háska af því, at hann vardi mál hennar. Þar er getit sýslumanna: Gísla Magnússonar at Hlídarenda; Þorkell Gudmundarsonar; Bjarnar Magnússonar, bródur Gísla, þó þat sè nokkud óljóst, hvar hann hefdi þá sýslurád; Sigurdar Jónssonar í Einarsnesi; Magnúsar Magnússonar vestra; Bjarnar Pálssonar á Espihóli; Benedikts Halldórssonar á Reynistad; Sigurdar Magnússonar á Skútustödum; Þorsteins úr Múlaþíngi Þorleifssonar, Magnússonar. Tveimr dögum seinna var þar vidtekinn Midgardadómr um vinnufólk, er Matthías Gudmundarson hafdi gánga látit, eptir beidni Bjarnar prests Snæbjarnarsonar at Stad; í þeim dómi voru fyrstir, Jón Steindórsson á Knerri, ok Jón Illhugason í Lóni, lögrèttumenn, Halldór Gudmundarson í Olafsvík, Þorgils Jónsson á Brimilsvöllum, Þórdr, son Steindórs Finnssonar. Þar átti Arni lögmadr ok Torfi Erlendsson mikit saman í máli sínu, ok kölludu þeir hverr annann nöfnum embættislausum. A þeim missirum andadist Halldóra Jónsdóttir í Skálholti, ekkja Halldórs lögmanns Olafssonar, Elín Sigurdardóttir at Helgafelli, ok Gudrún at Borg Sæmundardóttir, Arnasonar, Gíslasonar. Landskjálftar voru

um sumarit. Gunnar prestr Pálsson at Gilsbakka deydi þá, ok Sigurdr prestr, skáldit í Presthólum, er orkt hefir hugvekju-sálma ok margt annat, ok var gáfumadr mikill, son Jóns prests Bjarnasonar; Jón Torfason í Flatey, ok Illhugi prestr Ingjaldsson at Tjörn á Vatnsnesi, hann var einn haldinn fjölkunnugr. Þrír menn týndust í Lagarfljóti. Þá fóru framm brúdkaup þeirra sona Þorláks biskups ok dætra Benedikts Halldórssonar. Þess er getit á þeim vetri öndverdum, er þá fór í hönd, var Oddr Eyólfsson skólameistari í Skálholti, Arni Halldórsson prófasts í Hruna, Dadasonar, kyrkjuprestr, Olafr Jónsson frá Reykholti lókator, ok Sigurdr, son Bjarnar Gíslasonar, sveinn biskups; því þeir vitnudu um kaup Brynjúlfs biskups á 20 hundrudum í Audólfstödum í Lángadal af
1662 Magnúsi Þorsteinssyni. Sá vetr var med blotum ok áfredum, batnadi um stund med midgói, enn hardnadi aptr fjórda í páskum, ok hèlzt framm á vor, fèllu fè ok færleikar. Týndust tveir áttæríngar med 14 mönnum í Lambaness röst, þeir voru á sudrferd; urdu ok þrír skiptapar vid Isafjardar djúp. Var þá deila med Eiríki Jónssyni ok Þorláki Þórdarsyni um 20 hudrud í Gunnsteinstödum í Lángadal. Vóru prentadir Davids sálmar Jóns prests Þorsteinssonar í ljódum ok eintal. Þá andadist Amundi prestr Ormsson á Kálfatjörn, ok Helga Jónsdóttir, ekkja Odds biskups, med Arna lögmanni syni sínum at Leirá, hálf tíræd, ok Þorkell á Þíngeyrum Gudmundarson, Hákonarsonar, hafdi Björn Magnússon frá Múnkaþverá umrád Húnavatns sýslu, ok var til adstodar systur sinni. Einnin dó þá Sigurdr prestr Jónsson gamli í Goddölum, hann var son Jóns prests í Laufási Sigurdarsonar, Jónssonar príors, Finnbogasonar lögmanns, ok hafdi átta Bergljótu, systur Halls Bjarnasonar, ok er mikil ætt frá þeim; Þurídr var ein af dætrum hans, módir Skúla, födur Þóru, módur Ketils prests í Húsavík; annar deydi Magnús prestr Jónsson at Mælifelli, var Skúli merkilegastr hans barna, ok gjördist hann prestr at Goddölum, ok var lengi; hann lèt Gudmund snikkara í Bjarnastadahlíd gjöra þar prèdikunarstól, ok fór ímóti hönum med prócessíu, ok flutti í kyrkjuna; hann var rædumadr mikill, ok þótti mikilmenni, ok verdr mikit at segja af hans afkvæmi. Þau missiri, er nú er frásagt, var getit eins dóms Benedikts Halldórssonar at Lýtíngstödum; þá strýktu foreldrar barn sitt til bana í Eyafirdi, enn stjúpfadir drap stjúpbarn sitt í Skagafirdi. Um þær mundir var spurt til Kaupmanna-

hafnar slis Torfa Erlendssonar, er þá sagt at Þormódr sonur hans, er þar var, ok í vináttu vid konúnginn hafdi brugdit á sig fásinnu, ok gefit þat at sök, at sèr gengi svo nærri, er fadir sinn á Islandi hefdi verit sviptr embætti ok æru, ok þat er ljóst at hann vann þat á, at konúngr gaf út brèf öndverdlega á þessum missirum til Henriks Bjelke höfudsmanns, at hann skyldi setja Torfa aptr í sýslu sína, ok fulla uppreisn á æru ok embætti.

XIV Cap. Frá Brynjúlfi biskupi.

Brynjúlfr biskup átti tvö börn, er fulltída urdu, Halldór ok Ragnheidi. Halldór var heitinn eptir Halldóri lögmanni, módurfödur sínum, hann var þá tvítugr er hèr var komit, þægr í vidreign allri, enn tornæmr ok óskarpr, meir enn biskup vildi at væri, lèt hann af því bregda upp skólalæríngu hans, ok kom hönum utan til Englands, þar framadist hann um hríd, ok var lengi í Jarnamódu. Ragnheidr var vetri eldri, hún hèt eptir módur biskups, ok var skörp ok mannvænleg, ok vel at sèr um allt, ann biskup henni mikit, ok lèt kenna henni kvennlegar handvyrdir, ok allt þat hæverskri konu hæfdi at kunna. Halldór prófastr í Hruna Dadason, Jónssonar á Svarfhóli, var í þann tíma vel virdr af biskupi, hann var mikill madr ok gjörfuglegr, ok svo voru börn hans; Dadi hèt einn son hans, hann ólst upp at mestu í smásveins þjónustu biskups, ok komst í kærleika vid hann, enn ei var hann mjög þokkadr af samþjónum sínum, hann var mikill madr ok frídr sjónum, ok styrkr, ok vel á sig kominn um allt, þat er hönum var ósjálfrádt, trúdi biskup hönum fyrir at kenna dóttur sinni at reikna ok skrifa, ok slíkt annad. Hún hafdi farit um vetrinn, er þá var nærst lidinn, á kynnisleit, til Helgu Magnúsdóttur í Brædratúngu, at því er yfirhelgat var; þar ól hún barn, hèt Þórdr, ok lýsti Dada Halldórsson födur at, enn Dadi hafdi þá nýlega smeygt sèr úr þjónustu biskups, ok vígzt födur sínum til kapelláns, ok var frá Skálholti, átti þó litlu sídar tvíbura vid vinnukonu einni á stadnum, er minnstháttar var, dóttur Sveins Sverrissonar, stadarsmids gamla; vard biskupi þat med ödru til sturlunar, at hann hefdi tekit hina leidustu ambátt jafnframt med dóttur sinni. Torfi prófastr Jónsson, frændi biskups, var fenginn til at segja hönum harmsögu

þessa, setti hann þá fyrst hljódan um hríd, enn sídan hrutu hönum af munni ord Psammetíchuss Egyptalands konúngs: *mala domestica majora sunt lacrymis*, edr: heimaböl er meira enn tárum taki. Þat jók þó miklu á, at dóttir hans hafdi at hans rádi, er hann vissi ei annat, enn hún væri saklaus, enn máske ord nokkut hafi verit ákomit, svarit fyrir allt karlmannafar, ok ei lengri tíd ádr enn hún ól barnit, enn svara mundi tæpum medgaungutíma. Bar hann varla jafnrètt höfud sídan, enn dóttir hans þó miklu sídr; segja sumir, þó vèr vitum ei fullan sann á því, at hönum muni ordit hafa skapbrádt vid hana; enn þat var ei svo mjög at undra, þó verit hefdi nokkurt hæfi í, er í venju var í þann tíma at beita ærinni hörku vid ýnglínga ok börn, helzt fyrirmanna, ok þó alvöruminni menn ok minniháttar ætti hlut at, enn Brynjúlfr biskup var, ok med minni göllum væri hagr þeirra enn þetta var: enn þat er ljóst, at hann fèkk á sama ári brèf Fridriks konúngs þridja henni til uppreisnar, ok at hún mætti njóta kristilegra fríheita, sem rád hennar væri óspjallad; enn Dadi hlaut at láta úti í rètt ok rádspjöll 60 hundrud í fasteign, ok fór þartil allt jardagóts foreldra hans, ok 60 hundrud í lausafè, er frændr hans lögdu hönum, til at kaupa sig í frid med, ok var þat seinna. Lèt biskup As ok Dvergastein koma þar fyrir, sem hann gaf fyrir beneficium á Austfjördum, svo ei rynni inn hja hans erfíngjum, enn Dada mátti hann hverki heyra nè sjá sídan, kalladi hann ordit hafa sèr at fótakefli, á líkan hátt ok Dada í Snóksdal Jóni biskupi forfödur sínum. Dada var lengi nálega hvergi óhætt, svo var mikit ríki Brynjúlfs biskups; hann fór utan at fá uppreisn, enn þat vann ekki, því biskup hafdi ritat í móti hönum; vard hann þó þá at útvega sèr verndarbrèf; samt vard þat fyrir tillögur vina biskups, helzt Páls prófasts í Selárdal, er hann virdi mest, ok þó laungu seinna, at hann nádadi hann, því hönum var gefit allt í vald um þat, svo hann fèkk Steinsholt í Hreppum; gekk hönum opt hrumult, ok kallad sem fyrir óbænum hefdi ordit; var hann ok ei þokkasæll. Brynjúlfr biskup átti þessar jardir í Borgarfidi: Skáney 60 hundrud, Vilmundarstadi 24 hundrud, Hól 24 hundrud, Brennistadi 16 hundrud, Eyri 24 hundrud, Brúsholt 16 hundrud, Skóga 12 hundrud, Kvigstadi 20 hundrud, í Skipaskaga 20 hundrud, Elínarhöfda 20 hundrud, Reyni 20 hundrud, í Kalastödum 40 hundrud, Vatnsenda 40 hundrud, Indridastadi, Skard í Leirársveit,

Skálpastadi 8 hundrud, Túngufell 16 hundrud, Litlaskard í Stafholtstúngum 16 hundrud, Sleggjulæk 24 hundrud, ok enn fleiri. Hann gaf Reyni á Akranesi med 6 kúgildum til afgjalds ok uppheldis æfinlega, þeirri fátækri ekkju í Akraness hrepp, ef ærleg væri ok gudrækin, er ætti 3 börn í ómegd eda fleiri, á medan hún er í ekkjustandi, ok til þess hid ýngsta barn hennar er 15 vetra; enn ef sú ekkja er engin til á Akranesi, þá njóti sú sem er í Skilmannahrepp, enn þarnærst í Skorradal; enn ef hún er engin í þeim hreppum, leggist þat afgjald fyrir skilgetit barn födurlaust ærlegra foreldra, úr Akraness hrepp, medan er í ómegd, ok sè vel ok kristilega alit upp. Skyldi hèrads prófastr hafa umsjá um slíkt, ok byggíngarrád á jördinni, ok taka í laun 60 álnir af afgjaldi, ok mannslán; enn ef þeirri skikkan væri brjálat, fyrir nokkurs manns vald eda vilja, skyldi jördin gánga dómlaust aptr til nánustu erfíngja biskups, sem ógefinn hefdi verit. Var sú gjöf gjör hinn 20ta dag Júníí þat sumar er fyrri getr. Brynjúlfr biskup gaf mörgum mönnum í jördum; þeim mædgum Helgu Magnúsdóttur í Brædratúngu, ok Sigrídi Hákonardóttur 80 hundrud, Ragnheidi Torfadóttur 40 hundrud, Olafi presti Gíslasyni 20 hundrud, Sigurdi syni Arna lögmanns 30 hundrud eda 40, Helgu, Sigrídi ok Valgerdi Halldórsdætrum tilsamans 30 hundrud, Sveini Torfasyni prests 15 hundrud. Einar Torfason hafdi nærst verit skólameistari í Skálholti, enn konúngr hafdi bodit, at Oddr Eyólfsson nyti þess eda hvers annars góds brauds er fèlli, fyrir fræga ok ágæta framgaungu, er Svíar sóktu Kaupmannahöfn; hafdi hann vitnisburdi góda, bædi frá Brynjúlfi biskupi, er hann fór utan, ok svo frá meistara Vilhjálmi Lange, er hann fór híngad aptr, fyrir lærdóm sinn ok sidsemi. Helgi Magnúsdóttir, er opt er getit, keypti Túngufell í Hreppum af Gudlaugu Finnsdóttur, því hún hlaut at selja frá börnum sínum, hafdi Gudlaug sú átt Asmund, bródur Sigurdar lögrèttumanns, Gudnason, Sigurdarsonar, Gudnasonar, Eiríkssonar, Torfasonar í Klofa.

XV Cap. Hyllíngar-eidar oc lögmannaskipti.

Snemma um vorit þess árs, er nú er getit, komu út brèf Henriks Bjelke höfudsmanns, eda lènsherra, sem hann var kalladr, ok budu

biskupum bádum ok lögmönnum, prófföstum, prestum, sýslumönnum ok lögrèttumönnum, ok skilvísum bændum, at koma til alþíngis, eptir bodi Fridriks konúngs þridja, til at vinna hönum arfahyllíngar-eida til einvaldsdæmis; kom höfudsmadrinn sjálfr fyrst út um þínglausnir, ok med hönum Tómas Nikolásson ok kona hans, þó fáir hefdi óskat þeirra; voru því allir menn bodadir sudr til Bessastada hinn 26ta dag Júlíí mánadar; setti þá Arni lögmadr Oddsson tveim dögum sídar þíng á Kópavogi, unnu þar eidana fyrst biskupar bádir, ok meistari Brynjúlfr fyrstr, prófastar allir, sem komast máttu úr hverutveggja biskupsdæmi, ok tveir prestar úr hèradi hverju. Magnús lögmadr hafdi þá sagt af sèr, ok var kosinn í hans stad Þorleifr Kortsson, sýslumadr í Stranda sýslu, unnu þeir lögmenn badir eidinn, Arni Oddsson ok Þorleifr, flestir sýslumenn, tveir lögrèttumenn ok tveir bændr úr hverri sýslu; var Fridriki konúngi svarinn trúnadr, ok öllum afkomendum hans í karllegg ok kvennlegg, ok hefir æ jafnan eflzt konúngs valdit enn minkat ríkismannavaldit þadan af, medan Fridrikr konúngr lifdi ok hans nærstu ættmenn, þó bádu Islendíngar þar hjá konúng, at halda mætti landslögum sínum fornum, ok kvádust vænta þess. Sídan var haldin ágæt veizla, ok stód lángt á nótt framm, súngit ok leikin hljódfæri, ok skotit af þremr fallbyssum í senn, enn því var svarat med skotum af varnarskipi konúngs, sem lá í Seilunni. Arni lögmadr badst þá undan lögmanns embætti lengr, kvadst í því hafa stadit 3 vetr hins 4da tugar, enn allir embættamenn bádu hann brèflega lengr vid vera. Fèkk þá konúngsbrèf Magnús Jónsson á Reykhólum, Magnússonar, Arasonar í Ögri, Magnússonar, fyrir hálfri Stranda sýslu ok hálfum Stranda jördum, hann var úngr madr, dótturson Magnúsar lögmanns á Múnkaþverá; enn Jöklamenn afsögdu alla sýslumenn útlenzka, hygg eg því valdit hafa óvinsæld Matthíasar Gudmundssonar. Höfudsmadr samdi þá þrætur med Arna lögmanni ok Torfa Erlendssyni, hann birti ok konúngsbrèf um, at menn styrki Þormód Torfason, sagnameistara konúngs, med fornfrædum öllum, þeim er fást mætti; konúngr bad ok biskupa senda sèr tvö exemplaría af öllum þeim bókum, sem prentadar hafa verit á íslenzka túngu, edr prentadar verda, þvíat Fridrikr konúngr ann mjög vísindum. A því sumri brann Saurbær á Hvalfjardarströnd at Hallgríms prests Pètrssonar, ok týndist inni karl einn adkomandi, ok haldinn fjölkunnugr, ok var hönum

þó kennt um þat, enn prestr vildi þat ei heyra; ok fleiri urdu slis; hýddi bóndi sá í fljótum, er Sigurdr hèt, son sinn til bana, ok vard fyrir sektum. Þá andadist Olafr prestr, son Hálfdánar prests Rafnssonar at Undirfelli. Þat haust var haldit kaupöl Magnúsar frá Vatnsfirdi, sonar Jóns prófasts Arasonar, ok Astrídar Jónsdóttur, þar var þrímennings leyfi; þau bjuggu sídan í Vígr, ok var hann kalladr Magnús digri. Þá andadist Magnús lögmadr Bjarnarson at Múnkaþverá hinn 6ta dag Decembris mánadar, ok var hann jardadr at Mödruvöllum í Eyafirdi; hann var audugastr hèr landsmanna, medan hann var uppi.

XVI Kap. Skipti eptir Magnús lögmann.

Þann vetr á útmánudum, edr nær Maríumessu á lángaföstu andadist Ragnheidr, dóttir Brynjúlfs biskups, 2ja ok 20 vetra gömul. 1663
Þá var vetr gódr. Tómas Nikolásson var umbodsmadr höfudsmanns. Þá dó Rögnvaldr prestr Einarsson at Hólum, fadir Marteins. Jón Egilsson á Skardi var umbodsmadr Bjarnar Magnússonar í Húnavatns þíngi. Um vorit er getit dóms Hrólfs Sigurdarsonar í ordamáli Jóns Sigurdarsonar vid Vigfús, son Fridriks kaupmanns, födur Þórarins í Grenivík; ok konu einni sydra voru dæmd 3 húdlát, hún sagdi á sig 13 menn. Þat vor hinn 19 dag Júníí mánadar, voru skipti gjör eptir Magnús lögmann, ímillum barna hans ok Gudrúnar Gísladóttur, ekkju hans; komu þessar jardir í hennar tilgjöf: Reykjahlíd 30 hundrud, Strandir tvær vid Mývatn, bádar saman 24 hundrud, Mýrakot á Tjörn-nesi 5 hundrud, ok Hlídarhús á Seltjarnarnesi 10 hundrud; þat eru 69 hundrud allt. Gísli Magnússon at Hlídarenda fèkk, er fadir hans hafdi ánafnad hönum, Mödruvelli med Jálkstödum tvö hundrud hundrada, Litladal hálfan 20 hundrud, Krossavík í Vopnafirdi 50 hundrud, 4 jardir á Lánganess ströndum, Fell, Midfjardarnes, Midfjörd ok Djúpalæk 30 hundrud, Grímstadi hálfa á Fjöllum 3 hundrud, Lund 16 hundrud, Voga vid Mývatn 40 hundrud, í Hallgilsstödum í Fnjóskadal 13 hundrud, Krossanes 30 hundrud, Hól á Fjalli 8 hundrud, ok í kaup hans auk skipta hálft Fagranes vid Mývatn 4 hundrud, enn þat var allt 4 hundrud hundrada 65 hundrud, ok

eru nokkrar ótaldar. Björn Magnússon hlaut Eyrarland med Kotá 1 hundrad hundrada, Gardsvík med Gerdi 60 hundrud, hálfa Midvík 15 hundrud, í Draflastödum í Fnjóskadal 20 hundrud, Mela 10 hundrud, Dæli 12 hundrud, Ljósavatn 60 hundrud, Kross 12 hundrud, Hrafnstadi í Kinn 20 hundrud, Bríngu 20 hundrud, Seljahlíd 20 hundrud, Jökul hálfan 10 hundrud, Halldórstadi 10 hundrud, Brennihól 10 hundrud, Háls 20 hundrud, Haga 20 hundrud, Skridu í Skriduhverfi 70 hundrud, Bergstadi 12 hundrud, Anastadi í Sölvadal 10 hundrud; alls 4 hundrud hundrada 71 hundrad. Helga Magnúsdóttir hlaut Gardsá ok Þröm 60 hundrud, Jódísarstadi 30 hundrud, Torfufell 50 hundrud, Engey ok Laugarnes 80 hundrud, í Hvarfi 20 hundrud, Kross 30 hundrud; þat eru 2 hundrud hundrada ok 30 hundrud. Jórun hlaut Kyrkjuhvamm 15 hundrud, Sanda 24 hundrud, Bjargshól hálfan 8 hundrud, í Blöndubakka 10 hundrud, Þúfu hálfa 8 hundrud, Tinda á Skardströnd 12 hundrud, Nes hálft 10 hundrud, Sandhóla á Tjörnnesi 15 hundrud, Hóla í Laxárdal 20 hundrud, Vetrlidastadi 30 hundrud, hálfan Hól í Fnjóskadal 10 hundrud, Neslönd hálf 10 hundrud, Grenivík 20 hundrud, Vargá 20 hundrud, ok enn fleira; þat var tilsamans 2 hundrud hundrada ok 30 hundrud. Solveig Magnúsdóttir hlaut Borg 70 hundrud, Vatnsenda 16 hundrud, Illhugastadi 16 hundrud, Skutulsey 30 hundrud, Laxárholt 20 hundrud, ytra Samtýni 30 hundrud, hálfa Skjaldarvík 20 hundrud, hálf Látr 10 hundrud, Svínárnes hálft 20 hundrud, Hjalla 30 hundrud, hálfan Hól í Fnjóskadal 10 hundrud; þat eru 2 hundrud hundrada 32 hundrud. Gísla Magnússyni voru aptr lagdir Hrafnstadir í Kinn 20 hundrud, nema sú jörd sè 40, ok í lausafè hlaut hann 3 hundrud hundrada ok 8 hundrud ok 30 álnir. Björn Magnússon fèkk í lausafè 3 hundrud hundrada ok 8 hundrud ok 45 álnir; Helga 2 hundrud hundrada, 32 hundrud; Jórun 2 hundrud hundrada 44 hundrud, 47 álnir; Solveig 2 hundrud hundrada, 24 hundrud ok 15 álnir: þar at auki var allt þat lausafè, er húsfrú Gudrún Gísladóttir hafdi med höndum, ok ei kom í þat sinn til skipta, skyldi sídar jafna skiptin af því fè, þau er nú voru ójöfn, ok seinna skipta med þeim systkinum, því er afgángs yrdi eptir hennar dag.

XVII Kap. Frá höfudsmanni ok landsformönnum.

A alþíngi í sýnódó hinn 30ta dag Júníí, þá er þar voru biskupar bádir ok allir kennimenn, lagdi Tómas Nikolásson, umbodsmadr höfudsmannsins, brèf hans ok bodskap framm fyrir þá þess innihalds, at fyrir því at Enskir ok Hollenzkir hefdi samit frid vid Tyrkja, svo þeir mætti fyrir þá sök frjálslega fara um Nordrhöfin, þá sè Islandi hætt varnarlausu fyrir þeim ok ödru illþýdi, er undir þeirra nafni herja kynni, sýndist því lènsherranum naudsýnlegt at andlegir ok veraldlegir, ok öll alþýda legdi sjálfir skatt á sig, svo at kaupa megi fyrir eitt varnarskip, er vera mætti á ferd umhverfis landit, ok verja þat, þegar tillag þetta er ordit nokkurra ára. Þeir þökkudu höfudsmanninum slíka hans ágæta fyrirhyggju, enn töldu á vankvædi stór, fátækt landsins, ok uppáfallin hardindi, sögdu traudt mundi finnast 10 eda 12 menn á öllu landinu, er ætti 5 eda 6 þúsund dala virdi (þat kynnum vèr eptir dýrleiks mun at virda nú 11 eda 12 þúsundir, ok yrdi nú slíkir heldr færri innlendir); sè þar af allt at taka til þess kostnadar, svo at þó þeir gengi nærri sèr, mundi tillagit verda lítit um fram þúsund dali, enn þat nái skamt til at kosta jafnvel hid minnsta herskip, ok sýnist þat þó lítil vörn öllu landinu; enda sjái þeir ei fært at þýngja á almúganum; fyrir því kvádust þeir skjóta slíku öllu undir Guds födurlega miskun ok vörn á móti öllu illþýdi. Enn til at sýna þakklætis vilja sinn audmjúkan, kvádust þeir samþykkt hafa, at hin andlega stèttin í öllu landi lagdi út 300 dali, ok greidist á nærstkomandi alþíngi, höfudsmanninum til þóknunar í slíka minníngu, enn þeir bidji hann audmjúklega afstýra med gódum tillögum frá þessu fátæka landi ok þeirra stètt öllum óbærum nýúngum, sem einn eda annar landsins fátækt ókunnr, eda ei mjög velviljadr tilætla kynni, því til skada eda þraungvunar. Bádu þeir hann vel virda þá litla þjónustu eda þökk, ok stydja mál þeirra í því, er þeir bádu konúnginn hid fyrra árit, ok öllu ödru. Var þat samþykkt, at biskupar skyldu fullt vald hafa, at meta á sèrhvert prófastsdæmi at jöfnudi eptir inntektinni, ok prestr hverr hafa greidt í fardögum í hönd prófasti sínum, enn prófastr afhendi biskupi seinast á nærstkomanda alþíngi; hèt Gísli biskup 90 dölum af Hóla biskupsdæmi; enn lögmenn ok hinir veraldlegu hètu einnin at leggja nokkut med vidlíkum hætti til höfudsmannsins. Má af slíku sjá,

at ei hefir landit svo mjög audgazt á svo mörgum gódum árum; því þó ríkismenn væri meiri enn nú, þá var flest alþýda litlu byrgari eda engu. Brynjúlfr biskup fèkk þá af Eiríki Múnk, kaupmanni á Eyrarbakka, at setja eitt ár á rentu þá peninga, er komu fyrir hin leystu kyrkna inventaría; hann fèkk þá sídan Henrik Bjelke höfudsmanni, ok voru þeir þá 3 þúsundir ok 40 dala.

XVIII Kap. Þat er frammfór á alþíngi, ok annat.

Þá komu út nokkur brèf Fridriks konúngs þridja: var eitt forbod at kaupa vid útlendar þjódir; eitt um fè Þormódar Torfasonar; eitt var uppreisnarbrèf Torfa, fèkk hann sýsluna aptr, ok baud höfudsmadrinn, at hönum væri reikníngr gjör af inntekt hennar. Sigurdr Torfason, bródir Þormódar, hafdi ok misst prestskapar fyrir barngetnad, enn hann fèkk sídan Mela eptir Jón prófast Jónsson, því hann andadist þá, ok þótti verit hafa hinn virduglegasti madr, ok merkilegr um gáfur ok lærdóm, var þat ok af tillögum Þormódar, þvíat Þormódr hafdi svo mikit yfirlæti af Fridriki konúngi, at hann sókti hans fund opt. Þormódr útlagdi allar norrænar sögur í eina bók á látínu, enn konúngr var vel látínu lærdr; hann ritadi ok um Dana konúnga, ok margt annat, ok rengdi mjög margt í þeim sögum, er Danir höfdu haft þángad til um hin fornu tídindi, ok kom Islendíngum í þat álit fyrstr, at þeir vissi allar sögur nordrlenzkar sannastar í forneskju. A því alþíngi las Arni lögmadr fyrst um afsögn sína á lögmanns embætti, taldi vankvædi, lánga þjónustu, elli ok orkuhnignan, dapran sýnar ok minnis, ok adra hluti, ok tók dæmi af Þórdi lögmanni ok Gísla, syni hans, er svo hefdi gjört, ok hefdi þeir þó verit gildir menn um allt; var þar undirtekit, ok kosinn aptr Sigurdr Jónsson í Einarsnesi, ok vann eid sinn; til hans kvad Hallgrímr prestr Pètrsson heilrædi. Dadi, son Jóns prófasts Jónssonar á Melum, vann ok sýslumanns eid, hann hèldt Kjósar sýslu. Þar var lesit konúngsbrèf, at undirdómarar mætti ei dæma í lífs ok æru sökum; slíkir voru þá lögrèttumenn ok bændr í hèrudum. Engin voru stórmæli. Gísli biskup lèt þar upplesa jardargjöf Þorláks biskups, födur síns, er hann hafdi gefit skólanum á Hólum Ás í Hörgárdal 20 hundrud, med 4um kúgildum ok hundrads landsskuld, med því skil-

yrdi, at hinum fátækasta stúdíósó frá Hólaskóla, er framast í Kaupmannahöfn, leggist til afgjaldit. Tómas Nikolásson fór utan, því Margrèt, kona hans, var dáin, ok fèkk annarar konu, Elínar Pètursdóttur. Hans Pètrsson Bladt sendi þá híngad skip mikit eptir brennisteini. Þá ströndudu franskir menn í Bolúngarvík, týndust nokkrir, enn skiptu sèr upp 30. Þorleifr Kortsson lögmadr tók þá Þíngeyra klaustr, ok bjó þar sídan. Þau missiri deydi Magnús Gissurarson, Þorlákssonar, bartskeri ok lögrèttumadr, er bjó at Lokinhömrum vid Arnarfjörd, födurbródir Torfa prófasts í Gaulverjabæ, sjötugr at aldri, Magnús prestr Sigfússon á Höskuldstödum, ok Þórarinn prestr Olafsson at Bægisá, hans son var Jón, enn annar Þorlákr, fadir Þórarins, födur Þorláks prófasts at Osi. Páll prestr Hallsson, Bjarnasonar, ágætr madr, andadist ok í Danmörku. Þá týndist skip vid Flatey, enn 3 fyrir nordan, ok tvær stúlkur af báti vid Skagaströnd, einnin Asbjörn Jónasson, madr Bóthildar á Bjarnastödum í Selvogi, ok synir þeirra tveir. Kona týndi barni sínu laungetnu í Slèttuhlíd, henni var drekkt at Hofi á Höfdaströnd. Þá fèll Loptr Gíslason ofan af Helgafelli, ok fèkk af því bana. Þórdr, son Þorláks biskups, fór utan um sumarit; gjördi þá er haustadi rigníngar miklar, ok tók af bæ á Vídivöllum í Fljótsdals hèradi austr.

XIX Kap. Frá ýmsu.

Vetr gjördi þá enn gódan ok æskilegan, enn tjón urdu á mönnum ok fè á páskadaginn fyrir áhlaupahríd á nordan, einn drukn- 1664
adi í Túngufljóti, sló vedr hönum um, þá hann ætladi at sækja prest. Halastjarna sást um vetrinn; þat hræddust þá allir menn, ok hvern hlut annann, sem var óvenjulegr; gætti þess lítt á þeim tímum, þó nokkrir menn hefdi atgjörfi, kunnu fáir at sýna, ok var heldr svo háttat uppeldi, at hömlun vard fyrirtektum, ok hræddust margir smá-atvik af hjátrú. Madr hvarf úr Svartárdal. Þá dó Benedikt at Mödruvöllum í Hörgárdal, Pálsson, Gudbrandssonar, hann var vinsæll madr, ok þá mjög adþreyttr, var ei umrædulaust af sumum. Sigrídr stórráda, kona hans, var kvenna frídust, hárit gult sem silki; Magnús ok Þorlákr voru synir þeirra, er hún hafdi svarit á hann á alþíngi; Magnús gjördist sídan illmenni, enn dóttir

þeirra var Hólmfrídr, fögr sýnum sem módir hennar eda fremr, hennar fèkk Jón prestr þórdarson at Myrká, þeirra dóttir var þorbjörg, er Jón prestr átti Ketilsson, módir þurídar, er átti Steffán prestr Halldórsson, ok Hólmfrídar á Laxamýri. þorlákr var fadir Jóns ok Halldóru, módur Bjarnar Tómassonar sýslumanns. Björn var enn sonr Benedikts ok Sigrídar. Mælt er, at Jón Eggèrtsson frá Ökrum hafi fest af Tómasi Nikolássyni Mödruvalla klaustr at Bendikt lidnum fyrir 300 dali, ok eptir þat hafi Tómas kvongazt, ok komit út-aptr þetta sumar. þá deydi Dadi, son Eggèrts Bjarnarsonar á Skardi, ok var Eggèrt nú sonlaus, hann var þá audugastr madr á landi hèr, eptir Magnús lögmann lidinn. Sigurdr Jónsson lögmadr hafdi þá Borgarfjardar sýslu alla, enn Torfi þorsteinsson var þó umbodsmadr hans, ok lèt dóm gánga at Lækjarbug um medferd húsgángsmanna. Sigurdr lögmadr var vel á sig kominn um allt, ok vænlegr til höfdíngja. Jón prestr Bergsson í Fljótshlíd dó, ok Arni þorsteinsson prests, Tyrfíngssonar, úngr madr knálegr ok útlærdr, er sagt ordit hafi af sjósótt, er hann ætladi utan; ok enn Arni Jónsson, Halldórssonar lögmanns, í Kaupmannahöfn af mislíngasótt; Gudmundr á Siglunesi druknadi, ok med hönum Magnús, son Gudmundar Arasonar í Flatatúngu Gudmundr var bródir Sveins prests á Bardi, ok átti afkvæmi margt, einn hans son var Olafr prófastr, fadir Steffáns prests at Höskuldstödum. Svo er sagt, at Tómas umbodsmadr hafi viljad heimta manntalsfiska af biskups mönnum í Grindavík, var hann enginn vin biskups, illa þokkadr af ödrum, ok fór hann ok hans menn verrbúnir aptr þadan. þetta sumar komu út brèf Fridriks konúngs: var eitt um giptíngarleyfi Gísla biskups þorlákssonar ok Ingibjargar, dóttur Benedikts Halldórssonar á Reynistad, var því framfylgt, ok komu þau saman, hún var snotr kona ok vel greind; annad var um lögmanns embætti Sigurdar Jónssonar; slíkt var ok um lögmanns kosníngu þorleifs Kortssonar, at konúngr gaf út brèf því til stadfestu, ok vard nú eigi kosníngin einhlít; hid 4da var um þorkel prest Arngrímsson, at hann skyldi fá eitt hid besta kall er telli; ok eitt til Markúsar prests Geirssonar fyrir Laufási, er hann losnadi; ok enn fleiri. Gísli Jónsson, umbodsmadr Tómasar Nikolássonar fógeta, var settr fyrir Isafjardar sýslu, hygg eg sè sá sem bjó í Melrakkadal, ok þótti fjölbreytinn sumum. Fátt kom fyrir stórmæla á þíngi; þar kom enn mál Jóns Sigurdarsonar úr þíngeyar þíngi,

ok um ord vid Vigfús Fridriksson, voru sýslumenn Hrólfr ok Sigurdr Magnússon hverr um sig skyldadir til at synja Jóni ei dóma útskrifta. Eigi var allskostar gott, þvíat fjallbúendr í Hraunhrepp beiddust dóms á alþíngi, um þá til útörmunar horfandi ok nærsta ólídanlegu umferd húsgángsmanna, helzt vestan úr Breiduvíkr ok Ness hreppum komenda, margt hvad hraust ok vinnufært, svo sem búdarkonur, er fari um sveitir med börnum sínum, sumum drokunar færum, kannske af rádi ok vilja sinna bænda, er sína kaupaeda sumarvinnu selja þó í dýrasta máta í sveitunum fyrir beztu peninga, hafa til leigu vestra 12 mánada búdir, fá mikla hluti, hvar med þeir kunna at forsorga sig ok sína; hafa allopt á haustin meiri byrgdir enn margir búendr, venjast brjálsemi, leti ok sjálfrædi meir enn skattbændr í sveit; gjalda litla tolla yfirvaldi andlegu ok veraldlegu, ok hjálpa fáum eda engum naudþurftugum í þessu landi. Slík óskipun hefir æ jafnan á verit í landi hèr, sökum agaleysis, ok voru þó húsgángsmenn miklu fleiri ok verri vidreignar fyrrum enn nú; enn þat hèlzt lengi, ok er enn vid of á vorum dögum, at hid mesta ókvædi var haldit, at synja hvad mörgum óverdugum, sem adkomu. Ymislig urdu slis á þeim missirum.

XX Kap. Kvonfaung úngra manna.

Fiski-afli var þá umhverfis land, helzt eystra, enn hafís kom nyrdra eptir þíng. Þá hèldt Stafholt Sigurdr prófastr, son Odds biskups, hann átti Gudrúnu Jónsdóttur prófasts Gudmundarsonar, systur Þórdar prests í Hítardal; börn þeirra voru Oddr, Gísli, Sigurdr, Gudrídr ok Hólmfrídr. Oddr var utan 3 vetr, hann bar lángt af öllum systkinum sínum um flesta hluti, hann andadist vetri midr enn hálfþrítugr; Gísli var ok utan um hríd, ok vard rádsmadr í Skálholti; hann keypti þetta sumar Þorbjörgu, dóttur Vigfúsar Gíslasonar á Hvoli, enn Gísli Vigfússon, bródir hennar, vard þá skólameistari at Hólum. Jón ýngri, son Vigfúsar Gíslasonar, fór þá utan, ok verdr hans nokkud vidgetit sídar. Einar prestr í Múla, Þorsteinsson, Tyrfíngssonar, fèkk hid sama sumar Ingibjargar, dóttur Gísla prests Brynjúlfssonar á Bergstödum í Svartárdal, ok Sessilju Grímsdóttur; þau áttu 15 börn saman, er enn mun verda getit. Jón Þorláksson, Pálssonar, bjó at Vídidalstúngu, hann fèkk

þá Hildar, dóttur Arngríms prófasts lærda Jónssonar, þeirra son var Páll Vídalín. Þórdr, son Hannesar í Snóksdal, Eggèrtssonar, Hannessonar, Bjarnarsonar, kvæntist þá einnin, ok fèkk Karítasar, dóttur Jóns prests Ormssonar á Kvennabrekku, enn Illhugi prestr at Setbergi Sigrídar Hannesdóttur, systur Þórdar. Leirulækjar Fúsi var bródir Karítasar, hann var nídkvædinn, enn skorti ekki vit; annar Magnús prestr, fadir Magnúsar prófasts í Hvammi, ok Jóns ok Arna assessórs. Gísli prestr Einarsson at Helgafelli, er skólameistari hafdi verit, fèkk enn Kristínar frá Setbergi Vigfúsdóttur prests Illhugasonar. Þá tók Bjarni prestr Arngrímsson hins lærda Höskuldstadi, ok lagdi ádr út fyrir 100 dali, enn Gunnar prestr Bjarnarson, Magnússonar, lagdi af vid hann. Tómasmessu fyrir jól gjördi fjúkvedr mikit, urdu mannskadar ok fjárskadar, ok hvarf madr af Kjalarnesi, þann hrakti í sjó, því klædi hans rak upp sídar, enn annar vard úti í Hrútafirdi.

XXI Kap. Andlát Arna lögmanns.

1665 Sá vetr var gódr, ok svo þadan af ársæla, er sumradi. Þá bjó at Hesti í Borgarfirdi Audun prestr Jónsson, sá er hestinn seldi fyrrum höfudsmanninum, hann var þá vid aldr, ok átti ekki börn, fyrir því hafdi hann tekit til uppeldis börn Pèturs Teitssonar, prests at Lundi í sydra Reykjadal, Pèturssonar. Benedikt Pètrsson var eitt þeirra, er sídan var prestr at Hesti, ok lèt heita Audun son sinn eptir Audunni presti í Saurbæ. Benedikt prestr hefir ritat annál, ok hóf á þessum vetri, er nú var frásagt, ok mátti hann þat sjálfr muna, ok svo allt þadan af, segir hann af því öllu ljósast, er hönum var kunnugast, var hann ok kalladr rèttordr. Þennan vetr bar þat vid eitt kvöld at Leirá, er þat upphaf sagna Benedikts prests, at Arni Oddsson lögmadr gekk at dyrum þeim á bænum, er til vestrs vissu, ok vildi láta koma loku fyrir, at þá bar hurdina frá dyrunum, ok gekk hún á hann jafnódt, gat hann traudlega lokat umsídir, enn hurdinni var vant at vera svo hægt, at hún fèll sjálf í klofa; hann vard fár vid, ok kalladi undarlegt. Litlu sídar seint á einu Frjádags kvöldi á föstu, enn hann fastadi jafnan á þeim dögum, hafdi hann svo gengit heiman, at menn urdu ei varir vid; hann var vanr at láta hringja til bænahalds kvöld ok

morgna, enn nú kom hann ei. Þar var laug ein skamt frá bænum, enn bar þó leiti á milli; þar hafdi hann gengit til at laugast; enn er heimamadr kom þar at, sá hann, at hann flaut á grúfu í lauginni, ok var andadr; var þá sveipad klædum um líkam hans, ok tekin hurd sú, er var fyrir vestr andyrum, ok á henni líkit borit í kyrkju. Voru þetta mörgum harmatídindi, ok mæltu margir, at ei mundi svo ágætr lögmadr upp þadan landslögum stýra, eda slíkr höfdíngi koma á Leirá. Þat var 10da dag Marzí mánadar, er hann var þrem vetrum betr enn sjötugr. Kvad Hallgrímr prestr í Saurbæ eptir hann, ok kalladi hann einna merkilegastan mann verit hafa eptir Gudbrand biskup. Þau missiri sáust loptsjónir margar.

XXII Kap. Druknun Tómasar.

Mattías Gudmundarson hèldt þá enn Stapa sýslu, enn sá madr hafdi útkomit um sumarit fyrir, er Kristofor Roer hèt, ok fengit forrád umbodsins, ok ridit vestr um haustit med nokkra menn, ok kallat sèr Stapa umbod med haustgjöldum öllum; Mattías kvad þvert nei vid, ok lèzt engu sleppa mundi, fyrri enn ef yrdi at vori komanda; samdist svo med þeim, at þeir voru sáttir at kalla, ok var Kristofor vestra um vetrinn. Enn um vorit eptir andlát Árna lögmanns, bjóst Tómas Nikolásson umbodsmadr vestr á Nes, at innsetja Kristofor; þadan ætladi hann á Vestfjördu, enn fyrst hugdi hann, at halda undir Einarsnes frá Bessastödum; hann kvadst ok þangad mundi halda um kvöldit, ok taka þar hesta til ferdarinnar. Setti hann framm ródrarferju danska, er hann átti, ok gekk þará vid 5ta mann; þótti þá mörgum, sem hann væri ærit harddrægr ordinn, ok var hönum bædi borin fègirni, ofsi ok óheilsmídi. Þeir sigldu fyrir Kjalarnes ok sídan til Akraness, ok sáu menn ferd þeirra af hverutveggja nesinu; enn sem þeir komu gagnvart Melum í Melasveit, urdu þeir menn, er á landi voru, ei fyrr varir, enn skipit hrakti flatt, ok var einn madr á sídunni; hrundu menn þá framm báti litlum, er nærstur var, ef þeim mönnum yrdi borgit, enn þeir fengu ei atgjört, því sá var ómála ok ódaudr at eins, er þeir sáu: týndist þar Tómas ok skipverjar hans. Höfdu menn þat fyrir satt, at blindskèr mundu ollat hafa, þar sem

heitir Kotatángi; enn lík Tómasar rak upp nokkru sídar á Akranesi vid Nordurflös; er þessi frásögn Benedikts prests; enn Jöklamenn ok fleiri eignudu þat fjölkýngi, sem þá var tídt, ok drógu þat saman, at Mattías skyldi sagt hafa þann dag, at gott væri nú vedr fyrir Tómas Nikolásson. Þá var ófridr med Enskum ok Hollenzkum, hèldu Danir med Hollenzkum, ok fyrir þá sök tóku Enskir kaupför fyrir Dönum, ok hindradist siglíng út híngad af því. Svo er sagt, at kona Tómasar Nikolássonar hafi heitit, at gefa Garda kyrkju 20 dali, ef lík hans fyndist, ok þat endti hún.

XXIII Kap. Frá þíngi ok fleiru þesshàttar.

Ekki var mjög tídindasamt á þíngi þá, enn konúngsbrèf komu út, ok var eitt um brúagjörd ok vegabætr; eitt at Gabriel Marcellus mætti taka brennistein. Gudrún Þórdardóttir kærdi fyrir lögmönnum, at Einar Oddsson í Vogum hefdi látit órádvandan dóm gánga yfir Þórd bródur sinn, ok líflátit hann í Gullbríngu sýslu hid fyrra árit, ok kvadst erfíngi hans; enn ef hann er sá, er sídar getr at hengdr var, þá er þar villzt um árit, ok þetta sannara. Þá tók Gudbrandr, son Þorláks biskups, Húnavatns sýslu hálfa. Bárdr Gíslason lögrèttumadr samdi þá merkilega ritgjörd yfir alla Jónsbók, ok eignadi Gísla sýslumanni Magnússyni at Hlídarenda. Prentat var ok um þetta leiti á Hólum sálarlækníng Urbanuss, ok sköpunar-bókar sálmar Jóns prests Þorsteinssonar.

XXIV Kap. Frá Jóni Arnasyni.

Jón hèt madr ok var Arnason, hann bjó á þeim bæ í Reykjadal hinum nyrdra, er Breidabólstadr heitir; hann var at heyverkum um sumarit med bóndanum á Nordr-Reykjum, lögdust þá bádir til svefns vid rúst eina í nesinu, er gengr framm í Hvítá, ok lítit bil á milli þeirra, lá Jón framar ok nær ánni, enn bóndinn ofar; Jón sofnadi skjótt, enn hinn vakti, ok heyrdist hönum þytr mikill koma austan frá ánni, ok þar at, er þeir lágu, ok fara sídan vestr í ána med svo miklu afli, at Jón reistist sofandi beint á fætr, í svo hördum svip, at varla mátti auga á festa, þótti hönum sem þytr sá mundi færzt hafa undir höfud ok herdar hönum,

því þat horfdi vid ánni; vard hönum felmt vid, ok mælti til Jóns, því hann hafdi vaknad, ok kalladi þetta undarlegt, ok spurdi hverju sæta mundi? Hinn segir eitthvad muni umsvipast, þat er nesid byggdi, kvadst þó ætla vera mundi nokkur fyrirbodi; Jón gekk þá til verks, ok var hljódr um daginn. Um haustit reid hann til Stóra-áss at eyrindum sínum, bjóst heimleidis seint á degi, var ok fenginn madr til fylgdar; reid Jón ört, því hann var ölkendr, enn rökkvad var, svo at fylgdarmadrinn missti hans. Um morguninn sást hestr Jóns skamt frá Signýarstödum, enn södulreidi fannst hjá Refstödum, ok þar hjá hetta hans ok vettir, var vafinn lokkr úr faxi hestins um vetlínginn annann, ok hafdi svo slitnad. Reidinn var at ofanverdu í tvennu lagi, sem tídt er, ödrumegin negldr med einum járn-nagla, enn ödrumegin med tveimr, voru þeir útdregnir allir, ok gjardar gagntakit slitit sundr í midju. Ymsar voru getur hvad af hönum hefdi ordit, er hann fannst ekki, sumir ætludu meinvættir mundi áliggja, ok var þat þá trú um fjöllin þar sydra; hefi eg heyrt, at Skardsheidi hafi þá ei farin verit á vetrum, ok svo var vídar. Madr bjó á Refstödum er Steffán hèt, kölludu sumir heimska Steffán; hann var haldinn mjög skygn; hann mælti þá mannsins var saknad: „ekki þarf at leita at hönum Jóni, hann er kominn ofan í Hvítá, eg get gengit slódina hans, hann hefir gengit ýmist rèttr eda hálfboginn." Ei fannst af Jóni utan hempa, er hann hafdi í verit, hana rak upp í víkina millum Hvítár-óss ok Gufuár-óss vid Borgarfjörd. Þórdr hèt einn umrenníngr í Sydra-Reykjadal; hann var at Reykjum nokkrar nætr um sumarit; bóndi bad hann starfa nokkud, enn Þórdr hèt gódu um; litlu sídar hvarf hann á brottu, svo at enginn vissi, hvert hann fór, enn eptir 3 vikur kom hann aptr, kvadst hafa verit vid helli nokkurn austr á heidinni, enn ansadi fáu, ef hann var spurdr, hvad hann hefdi haft til matar, sagdi þar vera súrur ok rætr nógar; svo þótti mönnum þrif hans ok litarháttr, sem hann hefdi ekki skort, ok eins neytti hann matar ok ádr, enn þarum var hönum tídrædt, at hönum hefdi vel fallit, at vera ómakslaus hjá kindum sínum austr þar, ok leidt þætti sèr at heyra knur ok áfrýun manna; litlu sídar hvarf hann brott af bæ þeim, er at Idunarstödum heitir, ok fannst ei sídan; enn laungu seinna, edr nokkrum árum, fundust bein ok stafr, er menn ætludu hans vera, undir steinum

nokkrum í Alptaklettum. Nú hefir eg ei þessvegna viljad undanfella sögur þessar, at skilríkr madr hefir ritad þær, ok þó samtídis, ok í sjálfs hans minni skenar, ok getit grant um öll atvik.

XXV Kap. Frá ýmsu.

Mikil var þá ársæla, grasvöxtr ok nýtíng. Þau missiri týndust 15 skip á Breidafirdi ok á Vestfjördum; voru hvalrekar vída, ok hverjar 15 vættir seldar 60 álnum; sveinn 14 vetra hengdi sig í Borgarfirdi, ok tveir fedgar stálu úr húsum Dana í Dýrafirdi til 7 vætta ok 20, þeir voru hýddir; ok fleiri urdu mannskadar ok ótídindi. Þá deydi Sigurdr Jónsson, prestr til Ögrs ok Eyrar, ok Torfi Erlendsson, sýslumadr í Arness þíngi, stódu 9 prestar yfir grefti hans. Snorri prestr Jónsson var vígdr til Eyrar í Skutulsfirdi; Teitr prestr Halldórsson kapellán til födur síns, Halldórs prófasts í Gufudal; Björn Þorleifsson til Ögrs; Gudbrandr Jónsson til födur síns, Jóns prófasts Arasonar í Vatnsfirdi; Eiríkr, son Eyólfs prests at Lundi í Sydra-Reykjadal, til födur síns; ok Páll, son Ketils prests Jörundarsonar í Hvammi, einnin til födur síns. Jón, sonr Þorláks biskups, fór þá utan í ödru sinni, ok fèkk þar Mödruvalla klaustr, er Jón Eggèrtsson hafdi ádr fengit fyrir ærit fè af Tómasi Nikolássyni, spannst af því sídan mikill ófridr. Jón fèkk Sigrídar stórrádu, ekkju Benedikts Pálssonar, ok komu þau betr skapi saman; þeirra son var Eggèrt, er seinna bjó á Ökrum. Þau missiri dó Hálfdán prestr Rafnsson at Undirfelli, nær hálfníræðr, hans nafn bar seinna magister Hálfdán Einarsson.

XXVI Kap. Frá ýmsu, ok kauphöndlun enskri.

1666 Vetr sá, er þá fór í hönd, var medallagi; þá andadist Gísli, son Sigurdar prófasts Oddssonar í Stafholti, at Oddgeirshólum, þar hann bjó, hinn 7da dag Febrúaríí mánadar, ok seldi á deyanda degi jördina fyrir smájardir slæmar, fyrir því áfrýdi fadir hans þat seinna. Vor var kaldt, enn Gunnlaugr prestr Þorsteinsson segir þó allgott verit hafa, ok urdu 8 skiptapar fyrir Sudr- ok Vestrlandi. Teitr Torfason frá Kyrkjubóli vard Skálholts rádsmadr eptir Gísla, mikill

madr ok sterkr, ok gjörfuglegr at mörgu, ok þokkadr vel. Fè fennti þá ok hesta í 5tu viku sumars. Þat segir sumstadar, at þá dæi Eiríkr Oddsson á Fitjum; þá andadist ok Páll prestr Arnason á Kolfreyustad, Páll Þorláksson í Vídidalstúngu, ok Jörun Jónsdóttir, er átti Hannes í Snóksdal. Jón Jónsson frá Hraunskardi, er kalladr var Osaprestr, reid drukkinn frá Brimilsvöllum, ok fannst sídan daudr upp med Fródá; fleiri urdu druknanir, eda voveiflegr bani stöku manna. Ein kona í Flóa bar út launbarn sitt, svo þat fannst, ok var hún líflátinn. Þetta sumar ætladi Halldór, son Brynjúlfs biskups, út híngad frá Englandi, enn styrjöld var mikil med Enskum ok Hollenzkum, ok rèdu hönum gódir menn á Englandi, at hætta sèr ei til siglíngar, þó nokkrar enskar duggur vogudu, at hleypa til fiskiveida undir Island; sló hann því af, enn andadist um haustit í Járnamódu hinn 16da dag Októbris, af lúngnavisnun, er venjuleg landfarsótt er á Englandi, 24 ára gamall. Brynjúlfr biskup gjördi seinna grafskrift á legstein hans, ok sendi vers þessi:

Halthoris Islandi cineres humus anglica serva,
depositumqve bona qvandoqve redde fide.

Þeir voru medalgaungumenn meistara Brynjúlfs biskups ok Halldórs sonar hans, nordlenzkir menn ok stallbrædr: Bjarni Halldórsson ok Sigurdr Ingimundarson, Englandsfarar gamlir; þeir ridu hvert sumar í Skálholt, ok sídarst flutti Sigurdr út híngad klædi Halldórs ok grafskriftina utan, ok lèt gjöra legsteininn at forlagi biskups. Var þá í þann tíma siglíng mikil af fiskiduggum híngad undir land frá Englandi, ok fylgdi þeim opt herskip; þat kom undir Snæfells jökul fyrir krossmessu á vorum, ok fór aptr, ef fridr var, enn kom stundum tilbaka í Agústó at fylgja þeim heim; skyldu allar duggur vestra komnar á Dýrafjörd á Lárenzíus-messu, enn á Lodmundarfjörd fyrir austan, ok bida þar; med þeim komu nokkrir menn til verslunar med enska vöru, gód klædi, kersu, alún, ábreidur, knífa, skæri ok annad, lágu helzt vid Neshrepp á sumrum, seldu fyrir ullar vöru ok krónur, laungum med gódu verdi; sumir fóru upp til sveita, nordr til Hóla, edr ok til alþíngis, enn voru komnir med allt sitt í Beruvík, er duggurnar komu vestan, ok fóru med þeim aptr. Þetta voru enskir menn, mörgum gódum mönnum vel kunnugir hèr á landi, ok gáfust margir íslenzkir

menn í kaupferd med þeim, ok fóru med þeim til Englands, helzt til Járnamódu (*Yarmouth*); voru þar á vetrum, enn sigldu híngad á vorum, ok fóru á sumrum med vöru sína um allar sveitir, höfdu þeir þat sumt út híngad, er kaupmenn fluttu ekki, ok græddu svo allmikit fè; enn þat er nú kallad landpráng, hefir ok jafnan verit fyrirmunad.

XXVII Kap. Ymislegt er vidbar.

Jón þorláksson, bródir Gísla biskups, var utan, ok hafdi fengit Mödruvalla klaustr, sem fyrr segir, hinn 11ta dag Marzí mánadar, ok ætladi út híngad, enn kaupfarit var tekit af Skottum, ok kom hann ekki út þat sumar. Jón ýngri Vigfússon frá Hvoli kom út, ok hafdi fengit brèf Henriks Bjelke höfudsmanns fyrir allri Borgarfjardar sýslu, enn hana hèldt þá Sigurdr lögmadr Jónsson í Einarsnesi, ok hafdi haldit hinn sydra hluta 4 eda 5 vetr, enn hinn vestra 17 vetr eda 18, þótti hönum sèr tilbekkíng gjör, ok vard kali med þeim, ok eymdi af lengi. Jón bjó fyrst í Hjörtsey 2 ár, til þess er hann flutti at Leirá, er þórdís Jónsdóttir, ekkja Arna lögmanns, var lidin. Jóhan Klein var umbodsmadr höfudmanns, hann kom ei út, enn sendi Jakob Benediktsson sín vegna, þann er sídan fèkk Snæfellsness sýslu ok Stapa umbod; var höfudsmadrinn sjálfr þá mjög aflátinn förum. þá dó Jón í Landeyum, Arnason, Gíslasonar lögmanns, þórdarsonar, hraut á stein, er hann var at draga sleda á tún; ok veiktist þórdr prestr Sveinsson, svo at kallat var af göldrum; hann var fyrri í Ögri, enn hafdi farit þadan til Adalvíkr at bón Arna prests Loptssonar, verit sídan um hríd med Páli prófasti í Selárdal, ok því nærst til þess er hèr var komit med Brynjúlfi biskupi, þá fór hann til frænda sinna, ok lifdi sídan einn vetr; hann ritadi rím, ok var furdulega lærdr í sumum hlutum, enn engum kom þat ödrum til lids enn sjálfum hönum. þá voru prentadir fyrst Píslar-sálmar Hallgríms prests Pèturssonar, ok adrir Gudmundar prests Erlendssonar undir Felli í Slèttuhlíd, minni Katekismus, hústafla ok bænir, ok sálarlækníng Urbanuss segir ok þorlákr Markússon at þá hafi prentud verit. Hlutir voru miklir, ok nýttust illa, ok einnin hey. þórdr hèt þjófr er hengdr var í Gullbríngu sýslu, ok hygg eg rángsett árit,

ok sannara þat, er ádr er sagt; urdu ok nokkrar slisfarir. Einar prestr Arnfinnsson á Stad í Hrútafirdi gat enn barn ókvæntr. Þá tók Jón Vigfússon eldri Arness sýslu eptir Torfa Erlendsson. Þat sumar kom út konúngsbrèf um bænadags hald 4da föstudag eptir páskir, er haldizt hefir á vora tíd; ok annad at uppáskrifadar væri supplíkazíur af ædri yfirmönnum. Enn er menn voru á heimleid af þíngi, dó Snæbjörn Torfason frá Kyrkjubóli, lögrèttumadr, er bjó at Bæ í Króksfirdi; hann var bródir þeirra Teits Skálholts rádsmanns, Einars prests, Páls ok Þorsteins; enn Eggèrt á Kyrkjubóli var son Snæbjarnar, fadir Margrètar, er Teitr átti Arason, Þorkelssonar, Gudmundarsonar á Þíngeyum, Hákonarsonar. Þá dó ok Sæmundr á Sæbóli Eggèrtsson, Sæmundarsonar, Arnasonar at Hlídarenda, Gíslasonar; hans son var Eggèrt, sem átti Þorkötlu, dóttur Jóns Torfasonar í Flatey. Magnús, prestr at Kvennabrekku, missti stadar ok embættis fyrir hórdóm, son Jóns prests Ormssonar; voru þá synir hans úngir, Jón, Arni ok Magnús, er sídar urdu nafnkunnir menn. Sigrídr á Skardi í Lángadal, Jónsdóttir Dans Magnússonar, kona Jóns Egilssonar, andadist hinn 1ta dag Nóvembris, enn 6 dögum seinna Gudrún í Flatatúngu Bjarnardóttir frá Laxamýri, kona Gudmundar Arasonar, enn systir Sessilju á Hlídarenda, er Þorleifr Magnússon hafdi átta. Seinast í þeim mánudi deydi Olafr prestr Olafsson í Vidvík, er deilurnar átti fyrrum vid Olaf lærdakarl, ok hafdi misst prestskapar fyrir hórdóm, enn átt sídan ertíngar vid Jón Pálsson prest sinn, er var at Rip. Vid þat lyktar annál Gunnlaugs prests Þorsteinssonar í Vallholti, þann er eg hefi sèd. Staf rak í Hrútafirdi 20 álna lángan, med broddi miklum ok hvalbeinshólki; eignudu menn tröllum, hvad sem verit hefir med rèttu.

XXVIII Kap. Ar ok tilburdir.

Þá gjördi vetr hinn bezta nema fyrir sunnan, þar flosnadi sum- 1667
stadar fólk upp, ok fór um í hópum. Is þydnadi á þorra af flestum vötnum af sólarhita, enn vor var frostamikit ok gnædíngasamt, ok skáru menn bædi kýr ok ær austr í Mýrdal, ok þar vídar eystra milli krossmessu ok fardaga, gjördi þar ok hvervetna hardt, þvíat illar urdu nýtíngar á eptir, ok dóu sumir. Jón Bjarnason gjördist

þá skólameistari á Hólum, þvíat Gísli Vigfússon lèt af, ok fór sídan utan til meiri frama ok lærdóms. Þau missiri dó Snjólfr prestr Einarsson á Seltjarnarnesi, enn Saurbæ á Hvalfjardarströnd tók Torfi Jónsson frá Reykholti, Bödvarssonar, því Hallgrímr prestr Pètursson tók at krenkjast. Kvennabrekku fèkk Þorleifr, son Jóns prófasts Jónssonar á Melum, ok hèldt lengi sídan. Bjarni Jónsson frá Hvítárbakka, er einnin kallast Bakkakot, dó á vestanför; hann hafdi látit hettu fyrir andlit sèr, enn var drukkinn, ok lagzt at sofa. Eigi komu skip um vorit sökum ófridar med enskum mönnum ok hollenzkum, nema hleypiskúta ein til Bessastada. Magnús Þórólfsson dó undir klettum vid Olafsvík vestra, ok rak af sjó sídar. Þá andadist Gudrídr Jónsdóttir á Stadarhóli; ok vígdist Oddr Eyólfsson eldri, skólameistari í Skálholti, til Holts undir Eyafjöllum, enn skólameistari vard aptr Olafr, er heyrari hafdi verit, Jónsson frá Reykholti Bödvarssonar, bródir Halldórs prófasts, er þá var í Reykholti er hèr var komit. Kort Amundarson Bakkaláreus vard heyrari aptr, enn kyrkjuprestr Loptr, son Jóseps prests Loptssonar á Olafsvöllum. Þá kvæntist í ödru sinni Sæmundr Magnússon, Sæmundarsonar, Arasonar at Hlídarenda, ok fèkk Solveigar, dóttur Jóns prests Dadasonar í Arnarbæli, hann gjördist þá lögrèttumadr. Mál mikit var fyrir nordan í Vadlaþíngi um sumarit, voru nefndir til bændr tveir, er almennt voru haldnir fjölkunnugir mjög; hèt annar Jón Gudmundarson, ok hafdi lengi búit at Hellu á Arskógströnd, kalladr illgjarn ok áleitinn vid menn, enn annar Jón Illhugason prests Helgasonar, þess er stelpurnar hýddi í kyrkjunni, kalladr hinn lærdi, sá bjó í Skógum á Þelamörk, ok var atgjörfismadr, þeir höfdu lengi áttst illt vid, ok dó Jón á Hellu á hladinu hjá sèr heima á steini einum, ok spítti ádr blódgusum þremr; var þat eignad galdri hins, ok svo þótti mönnum, sem hann gengi mjög aptr, ok veitti mörgum ónádir. Var þó eignad gudi at sú aptrgánga hefdi hvorfit, enn ei lidsinni galdramanna, sem of mjög var tídt. Veit eg ógjörla hve hugsa skulu menn á vorum dögum, um svo marga vitra menn ok lærda, er þá voru uppi, er þat var látit vidgángast, er sumir voru brendir fyrir stafi eina ok fjölkýngisgrun, enn ekki vard eydt med röksemdum slíkum hindrvitnum ok illgirni, er þeim fylgdi, er meir var af enn í heidni, hjá þeim er þat stundudu, ok eigi ákomit því at almenníngr legdi svívirdu á fjandans átrúnad, er skömm þótti í heidni; því þat ætla

eg vist, at margir hafi hugsad at þvílíkt væri vísindi nokkur, ok fyrirmunud alþýdunni af yfirmönnum, ok væri fyllilega saklaus, ef ei væri höfd til illgjörda, því sú ætlan hefir haldizt oflengi; enn þó má vita at því veldr helzt tvennt, annad þat at þeirrar aldar kennendr hafa eigi kunnad at eyda slíku med fullskiljanlegum rökum, margir hjátrúarfullir sjálfir; enn annad, at land er strjálbyggt, ok torsókt at sannfæra hvern mann, helzt Islendínga, er skjaldan eru eins hugar, ok opt hafa margir haft litla virdíngu á tillögum fyrirmanna sinna, enn trúad betr sjálfum sèr, ok því er þeim hefir verit skapfeldt.

XXIX Kap. Arfleidsla Brynjúlfs biskups.

Bjarni Bjarnason frá Hesti í Önundarfirdi, kom út þetta sumar í Austfjördum, frá Englandi, spurdi þá Brynjúlfr biskup andlát Halldórs sonar síns, ok reid eptir þat vestr í Önundarfjörd, ok hafdi med sèr Þórd Dadason, dótturson sinn, 6 vetra gamlan, ok arfleiddi hann at Holti vestra eptir landslögum, at öllu því fè, föstu ok lausu, er hann ætti ok eigandi yrdi, med samþykki Jóns prests ok Þorleifs, hálfbrædra sinna, ok Gissurar prests á Alptamýri albródur síns, leiddi hann þá af med nokkrum peníngum, enn tilskildi at, ef Þórdr ætti ekki börn, skyldi sá arfr aptr falla til erfíngja sinna ok í módurætt Þórdar, enn ei til hans födurfrænda; var ok Þórdr þá arfleiddr af Margrètu Halldórsdóttur, módurmódur sinni, med samþykki brædra hennar, Benedikts sýslumanns á Reynistad, ok Hallgríms, er fyrr bjó á Vídimýri, enn þá at Vík í Sæmundarhlíd. Þórdr gjördist ok efnilegr sveinn.

XXX Kap. Þíng ok skipakomur.

Þat bar helzt vid á alþíngi, at þángad var hafdr madr einn af Vestfjördum er galdri var borinn, sá hèt Þórarinn; hann hafdi sloppit úr járnum frá Magnúsi Magnússyni, sýslumanni í Isafirdi, enn nádist aptr af Gísla sýslumanni Magnússyni at Hlídarenda; hann medkenndi at stúlka nokkur, Hallfrídr at nafni, mundi dáit hafa fyrir galdra sína, ok at hann hefdi haft íllt hjarta til Sigurdar

Jónssonar, sóknarprests til Ögrsþínga; var hann úr sókn hans, ok var mælt, at hann hefdi svo talat eitt sunnudags kvöld, er hann kom frá messu, at hardmæltr hefdi prestr verit í dag til galdramanna, enn þat væri óvist, hvert hann yrdi jafn hvatvís nærsta sunnudag; yrdi þá þegar eptir prestrinn undarlega ok þúnglega veikr, ok dæi af því; var sá Þórarinn brendr. Skip komu um þíngtímann á Austfjördum, hèldu menn enska ok Ira; þeir ræntu þar 5 bæi, þrjá í Lodmundarfirdi, ok einn á Lánganesi, voru þar med þeim 2 menn íslenzkir, þeir tóku þat allt er þeim þótti fèmætt, færdu menn úr fötum, ok slepptu nær nöktum, ok spilltu mat; öllu ræntu þeir fè Þorvardar prests Arnasonar á Klifstad ok úr kyrkjunni. Þeir komu 18 á land vopnadir í Lodmundarfirdi, ok ræntu þar duggu, enn drápu einn mann. Fólk flýdi á fjöll ok í hella frá sjónum, ok einn madr í Fáskrúdarfirdi bar med sèr ketil, ok vildi fela í urd, fèll þá á hann bjarg mikit, svo at 15 menn urdu at hefja af líkinu. Skip mikit steytti fyrir austan land, þat var hollenzkt ok Indíafar, hafdi á brott verit 7 ár, ok var á heimleid, enn setti nordr um sakir ófridarins, ok braut vid Sólheimasand; menn flestir komust upp, enn dóu mjög margir er á land komu, því þeir voru í silkiklædum einum, 300 voru alls á því skipi, enn 50 komust til bygda; þeir komu sèr í skip med Dönum um haustit er lifdu, enn sumir skiptust milli manna til vetrvistar. Svo sögdu menn, at þat sem helzt var á því skipi hefdi virdt verit fyrir 3 ok 40 tunnur gulls (ef þat er rètt ritit), þá er þat fór úr Indíum; klukkukopar einn hefdi verit barlestin, enn áhöfn gull ok perlur, silki, skarlat, pell ok purpuri, kattún ok lèrept ærit, ok mörg dýrindi, einnin demantar ok karbúnkular, desmerkettir ok margt annat; vissu menn engin dæmi um jafnmikinn aud hèr at landi kominn, sem þat er upprak smámsaman, enn sýslumönnum var tilsagt at flytja þat allt til Bessastada, því Danir kölludu þat vogrek ok konúngsfè. Þeir sem á vist voru höfdu silki til undirgirdínga ok heptínga á hestum sínum, eda lètu af hendi fyrir annat traustara. Brotit skip ok mannalaust rak ok fyrir vestan nærri Látrabjargi, med bordvid miklum ok annari vöru; ok er skip komu flest, sem var um Michaelsmessu, braut kaupfar í Hólmi, er búit var til utansiglíngar, ok lágu menn af hèr um vetrinn. Enskir nokkrir lágu ok á Vestfjördum, er flúit höfdu fyrir sjóvíkíngum hollenzkum, eda kapurum.

XXXI Kap. Manna útkomur ok fleira.

Nú kom út Jón Þorláksson, ok heimti Mödruvalla klaustr af Jóni Eggèrtssyni; hann var tregr upp at standa, ok urdu þar af lagadeilur ok fleiri glettíngar, fyrst med þeim nöfnum, ok sídan med Gísla biskupi ok Jóni Eggèrtssyni, þvíat Þorgrímr Olafsson, klaustrprestr, kvartadi þar um, at ei hefdi fengit lykil at kyrkjunni á tveimr sunnudögum, nè fengit opnad kyrkjuna, svo at ei væri brotinn, ok eigi hefdi messuvín fengizt til naudsynja þeim, er hann hefdi skriptad, svo þeir hefdi ordit at fara svo búnir, þarmed hefdi Jón Eggèrtsson slegit prestinn í kyrkjugardinum á helgum degi, vanvirdt ok illa leikit, svo hann vildi fyrir þá sök ei taka hann til heimuglegrar aflausnar. Fyrir þat stefndi Jón presti fyrir Þorstein prófast Illhugason, enn hann leiddi hjá sèr, þartil Jón skrifadi fyrir biskup; þarum hèldt Gísli biskup prestastefnu, ok dæmdi Jón skyldugan at standa opinberar skriptir, ok í sumum hlutum undir konúngsins nád ok ónád; stód nú í þessu fyrst. Þat hid sama haust kom út herra Otti Bjelki admiráll, bródir höfudsmannsins; hann hafdi konúngsbrèf, ok átti at láta gjöra varnarskans nokkurstadar á landinu; med hönum kom út Jóhan Klein umbodsmadr, ok var hann fyrstr umbodsmanna í Danmörk á vetrum. Þar voru hersveitar-höfdíngjar nokkrir ok málamenn. Þeir voru 300 saman, er þeir lögdu út, enn sótt kom í lidit, ok dóu margir í híngad siglíngu; 25 dóu hèr vid land, ok voru grafnir at Reykjavíkr kyrkju; lá skipit í Engeyarsundi. Þrjú komu þau stórskip alls híngad; var bændum bodit at flytja alla konúngs skreid frá Bessastada á Víkr sand, ok tjádi engum móti at mæla. Þat sumar gjördist Þórdr Þorláksson magíster utanlands, hann hafdi verit í Wittenbergi, ok í París á Frakklandi, ok farit sídan gegnum Holland ok Nidrlönd til Danmarkar. Jón eldri Vigfússon fèkk um haustit hinn 27da Októbris mánadar, Helgu Þorláksdóttur frá Súdavík, Arasonar í Ögri, Magnússonar; enn Sæmundr, son Odds á Borg, Þorleifssonar, Bjarnasonar frá Skardi, Oddssonar, Salvarar, systur Jóns, hinn sama dag, ok var ekki öl vidhaft, því skip höfdu seint komit; þótti mönnum þat nýlunda. Jón bjó at Stórólfshvoli, ok var sýslumadr; voru hans börn Kristín ok Erlendr at Hvoli, fadir Vigfúsar prófasts at Setbergi. 15 stórfiska rak þá á Vestfjördum, suma med járni, enn suma ei. Vard Otti Bjelki

hèr í landinu, at konúngsbodi, ok var sá vetr gódr; hann lèt brèf útgánga til allra sýslumanna, undir sýslutöpun ok hærsta straff, at leggja skyldi fè til skansgjördar, ok kvad viss gjöld á hvern, skyldi gjalda 36 dali af Kjalarness þíngi, af Borgarfjardar sýslu allri 156, af þórness þíngi 106, skyldu allir tilleggja andlegrar ok veraldlegrar stèttar; mæltu prestar mjög í móti, enn Brynjúlfr biskup sendi brèf um biskupsdæmi sitt, ok áminnti þá til hlýdni; fèll þá
1668 flestum hugr, þó fullhardir væri. Svo var skipad um þverár þíng, at 3 merkr fiska skyldi gjalda af hundradi hverju föstu ok lausu. þat var sídan allt goldit í peníngum, ok er mælt ordit hafi 15 hundrud dala.

XXXII Kap. Mannalát ok annat.

Landskjálftar voru miklir um vetrinn; kaldt vor ok lítill grasvöxtr á eptir; týndist skip á Akranesi, ok tveir menn; adrir tveir á Eyasandi. þá dó þorsteinn prestr Jónsson í Hollti undir Eyafjöllum, ok Torfi prestr Jónsson í Saurbæ á Hvalfjardarströnd, enn Hannes, son Bjarnar Gíslasonar fèkk þann stad, bródir Sigurdar, er um hríd var med Brynjúlfi biskupi ok sídan verdr getit; einnin Gunnlaugr Sigurdarson prestr á Bardaströnd, Hallgrímr Jónsson á Eyri, þorleifr Bjarnason at Söndum, allir aldradir prestar; Gudmundr at Nesi Bjarnason Gamlasonar, er fyrri hèldt Grenjadarstad, ok hafdi uppgefit vid Skúla prest þorláksson, ok Torfi Snæbjarnarson at Kyrkjuboli, fadir þeirra Torfasona. Steindór, son Gísla lögmanns þórdarsonar var þá gamall mjög, ok hafdi hönum enzt betr heilsa enn fè; er þat sagt, hann hafi setit eittsinn at bordi kaupmanns nokkurs í Ólafsvík, svo at þar væri þá einnin Jón sonur hans, er bjó á Knerri, Sigurdr son Jóns, ok úngr son Sigurdar, ok þótti þat fátídt at 4 fedgar væri svo staddir saman. Steindór dó er hèr var komit, ok var þá med þórdi presti í Hítardal, systursyni sínum; enn af Gudrúnu, konu hans, er þat í sögnum, at hún hafi ei lógat festinni, er Jón lögmadr gaf henni fordum, þó hún væri snaud, til þess er brotnadi nistit, ok þá hafi komit úr því skjal eitt, ok þarí verit gefin henni jörd fyrir austan, ok hafi hún þar vid bjargazt í elli sinni; enn ef þat er satt, ætla eg þat nú fyrir laungu skèd verit, ok hún hafi verit skilin

at samvistum vid Steindór, ok hafi dáit fyrri enn hann. Konúngsbrèf kom um Jóhan Trelund, at hann mætti fánga hvali; ok annat um Jón Vigfússon, at hann mætti búa utan sýslu; eitt um þat, at Gudbrandr prestr Jónsson skyldi fá Vatnsfjörd eptir födur sinn; eitt at Sigurdr prestr Jónsson fengi Holt; önnur var þá minna verdt um. A alþíngi deydi Magnús Gudmundarson drukkinn skyndilega. Otti Bjelke fór utan med ærnu fè, ok fèkkst þó eigi meira af svo menn viti, enn þat sem þá var ordit, nema lítit sýnishorn af skansi; slík atferli mörg hafa stodad med ödru til at letja Islendínga alls kostnadar til nýbreytni, þó þörf hafi verit. Þórdr Þorláksson kom út um sumarit, ok fór utan aptr. Þá vard ókyrrd af ótta fyrir fjölkýngi í Trèkillisvík ok í Hrútafirdi. Nýtíng var ill, ok urdu úti 8 hundrud hestar heys á Hólum í Hjaltadal, ok 5 hundrud á Þíngeyrum, tólfræd talin. Jón Eggèrtsson fór utan med mál sín, ok kærdi fyrir konúngi ok höfudsmanni, at Gísli biskup ok dómsprestar hans hefdi ránglega dæmt sitt mál, dregit sig frá varnarþíngi sínu, ok gefit sèr ekki stefnufrest í 14 daga, hrakit gögn sín ok vitni, enn látit óærlega menn sverja í móti sèr, enn þó þessu væri sídar fullkomlega mótmælt; ávann hann mikit um sitt mál, ok er mælt, at fengit hafi mikit af festipeníngunum aptr, var ok Jóhanni Pèturssyni Klein umbodsmanni bodit af konúngi at setja nidr þá þrætu med þeim Gísla biskupi. Endrnýad var þá heitdagsbrèf Olafs biskups Hjaltasonar. Þat haust kvæntist Jón ýngri Vigfússon at Leirá, ok fèkk Gudrídar, dóttur Þórdar prests frá Hítardal. Teitr Torfason gekk ok at eiga Helgu, dóttur Jóns prófasts í Vatnsfirdi; Torfi, son Jóns í Flatey, fèkk Ragnheidar, systur hennar. Magnús, son Jóns sýslumanns frá Reykhólum, Magnússonar, Arasonar, kvæntist þá ok svo einn, ok fèkk Gudrúnar, dóttur Þorgils Jónssonar á Brimilsvöllum; hann gat barn med annari konu jafnsnemma. Páll prestr Kètilsson í Hvammi fèkk Gudrúnar Bjarnardóttur. Páll Torfason, bródir Teits, tók hálfa Isafjardar sýslu. Sigurdr, sýslumadr á Skútustödum, Magnússon, Arason, lá mjög lengi sjúkr, ok þjádist allmikit, hann andadist um allraheilagra messu; var hans sonr Magnús í Brædratúngu, er mál átti vid Arna assessór, fadir Sæmundar prófasts á Miklabæ ok Jóns á Núpi. Þat bar til undir jólin, at prestr til Ögrs Björn Þorleifsson vard fyrir ógrlegri kynjasótt, ok Þórun Arnadóttir, kona hans, þó enn meir; þau voru nýkomin saman;

var þat eignad göldrum, ok lètti af sídar, eptir þat er gjördar voru almennar bænir til guds. Nordan fjúk mikit kom í ymbru vikunni fyrir jólin, med hinu hardasta frosti, urdu menn nokkrir úti, enn 60 hross hröktust í sjó af Skagaströnd, ok bar sum uppá Vatnsnes; saudfè hraktist vída, ok brotnudu 18 skip fyrir vedri um Skardströnd ok Breidafjardar eyar, enn tvö týndust med mönnum á Skagafirdi. Á fjórda í jólum druknadi Teitr Torfason, Skálholts rádsmadr, í polli þeim er Bauluskurdr heitir, er vard fyrir hönum í myrkri skamt frá útverkum, áttu þau Helga ekki barn saman, er þau höfdu skamma hríd saman verit, enn launson átti Teitr, er Sigurdr hèt. Þótti mörgum at Teiti mikill mannskadi, ok ei sízt Brynjúlfi biskupi; enn seinna gjördi Jón Vídalín grafarletr hans þannig:

Hic Titus Hectoreos artus et Achillea membra
deposuit, summo restituenda die.

XXXIII Kap. Frá ýmsu, helzt mannalátum.

1669 Þegar á bak jólum rak upp í Stadarsveit mörg hundrud steinbíts, ok hugdu menn þat af stormi þeim hinum mikla er verit hafdi þá. Frostavetr var þá mikill ok stórvidrasamr, gekk hann mjög at mönnum, ok helzt um Vestrland, vard mikill fellir ok hestadaudi fáheyrdr vída; var þá sá vetr kalladr af mörgum hestabani. Mest fèll í Skagafirdi, ok var kallat af fallit hefdi þúsund hesta milli Þíngeyra ok Hóla í Hjaltadal; var þá ridit úr Helgafellssveit á Skardströnd. Skiptapi vard á Hjallasandi, annar í Dritvík, þridji í Stadarsveit, fjórdi í Selvogi; hlutir urdu miklir, ok var hlýtt vor ok gott, enn vída druknudu menn. Madr hèt Símon Gíslason, hann átti heimili at Saxahóli undir jökli, ok bjóst eitt kveld heim þángad af Hellissandi; hann fannst at morgni í hrauni fyrir sunnan Gufuskála-ós, daudr ok beinbrotinn. Nokkrir dóu þá af ofdrykkju. Sigurdr hèt einn madr, Eiríksson, Jónssonar, Eiríkssonar, Steindórssonar á Ökrum, Finnssonar, hann var skáld gott ok skrifari, átti hann heimili at Lángárfossi, ok fannst örendr austan framm vid Lángá; höfdu menn þat fyrir satt, at sjáfarfall hefdi undirgengit, er hann hafdi lagzt at sofa. Getit er enn á því vori eins dóms Benedikts Halldórssonar í Skagafirdi. Þá voru prent-

adar Avenaríí bænir á Hólum. Margt andadist presta: Sigurdr prestr Arnason á Skorrastad, fadir Arna prests, er þar var sídan, ok Engilbert prestr Nikolásson á Þíngvelli, læknirinn, var hann þá gamall; Grímr prestr Bergsveinsson í Gördum á Akranesi, ok Audun prestr Jónsson á Hesti, hafdi þó Benedikt prestr Pètursson tekit þar vid fyrir tveim vetrum. Einnin deydi Vigfús prestr Illhugason á Setbergi, bródurson Orms í Eyum, fadir Illhuga prests, er eptir hann kom, ok Erlendr prestr, er fyrr var í Skardsþíngum, enn þá í Hjardarholti, Einarsson, Gudmundarsonar, Jónssonar prests í Gufudal, Þorleifssonar, hann hafdi verit líkþrár, ok átti ei börn eptir, enn þángat kom aptr Eiríkr prestr Vigfússon, Eiríkssonar, Steindórssonar, Eiríkssonar frá Lángárfossi, Steindórssonar frá Ökrum, Finnssonar, hann var seinna prófastr, ok var bródir hans Olafr, fadir Kristínar á Stadarstad. Fleiri dóu prestar: einnin Gudmundr á Keldum Torfason, Eiríkssonar, Bjarnarsonar, Þorleifssonar lögmanns frá Skardi, hann hafdi átta Valgerdi, dóttur Halldórs lögmanns Olafssonar; þeirra dóttir var Gudlaug, er átti Oddr hinn digri, son Jóns prófasts Arasonar í Vatnsfirdi, módurmódir Gísla biskups Magnússonar at Hólum. Oluf Jónsdóttir, kona Hallgríms Halldórssonar í Vík, sú er fyrr átti Jón Arngrímsson, dó ein fyrir sig, ok Steinun, ekkja Eggèrts á Ökrum, módir Jóns. A þeim missirum var Jóhanni Klein leyft at taka saman ædardún allan á Islandi; enn Henrik Muller ok Hans Pètursson Bladt fengu forrád af konúngi fyrir kaupskap á 7 höfnum Islendínga, gjördust þadan af þau atvik, er mjög tóku af hina ensku siglínguna. Þá gjördi stórfjúk í áttundu viku sumars, ok fennti fè á fjöllum.

XXXIV Kap. Galdramál.

Um vetrinn ok framm á sumar var mjög kvellíngasamt í Selárdal, vard yfrit meint Helgu Hallsdóttur, konu Páls prófasts, ok þótti mönnum af fjölkýngis ásókn vera, flýdi hún umsídir bæinn med allmörgu heimafólki; enn eptir margar bænir til guds í söfnudum þar vestra, lètti því af; kom þat þá í ord, at Jón Leifsson, drengr einn úr Arnarfjardar dölum, hefdi því valdit, fyrir þá sök at hann fèkk ekki at eiga vinnukonu hennar; Jón medgekk þat,

ok kalladi þann mann hafa kennt sèr galdra, er Erlendr Eyólfsson hèt; var hann brendr þar vestra fyrir alþíng; kom Eggèrt, sýslumadr á Skardi, Bjarnarson, á þíng med málsrekstr þann, ok kölludu lögmenn vel ok rèttvíslega slíku máli framm fylgt. Þeir greindu ok Jón Leifsson bedit hafa eptir sèr at skrífa, at Erlendr Eyólfsson væri valdr í hans ólukku, ok enginn annar, hverki daudr nè lifandi; enn Erlendr neitadi þverlega, nema því einu, at hann hefdi kennt Jóni þá mynd, er hann kalladi Ausukross. Páll prófastr ritadi einnin til lögmanna á þennan hátt: «Æruverdugum «ok virduglegum herrum ok landsins höfdíngjum, herra Sigurdi «Jónssyni sunnan ok austan, ok herra Þorleifi Kortssyni, mínum «herrum, med allri alúd! Þegar jardskjálftar gánga, grípr hverr til «fastra taka er til nær, ok eg nú, bædi mín vegna, í mínum hörm«um, sem spurt munud hafa, ok annara vegna, sem líkan málahlut «eiga, seilist til ykkar beggja, sem fastra landsins stólpa, midt í þeim «galdragángi ok ædi, sem árlega skekja ok skelfa frómra velgengni, «ok grundvöll kristilegrar kyrkju hèr á Vestfjördum, hvar um ekki «verdr ykkar herradómi svo tilkynnt sem bæri, ydar annríkis «vegna ok umsvifa á lögbergi, þó þessi leki sýnist fyrst ausandi, «sem sökkva ætlar annars þessum landsparti. Því beidist eg í «Guds nafni ok hans dýrdar vegna, at þessi Jón Leifsson, sem eg «lýsi valdan í öllum þeim kvala feiknum, sem gengit hafa í vetr «yfir mitt hús, sem málsrekstr þar um genginn ljóslega vottar, ok «12 dánumenn hafa til lykta búit, sleppist ekki undan rèttlátum «dómi, sem galdramönnum hæfir; því nái hann komast med lífi «frá þessari ódædu, sem sjálfr einnin medgengit hefir, er víst hann «deydi, kvelì, ok tjón gjöri mèr ok ödrum; er þat þá í ykkar «ábyrgd bædi fyrr ok sídar, ef þat af ykkr hlotnast, hann lífi «haldi. I annann máta tilsegi eg ykkr hans skólameistara Erlend «Eyólfsson, sem þessum Jóni hefir kennt hvernin hann skyldi «mínum þessa eymd med göldrum yfirbella, ok annann fleiri galdr «hönum sem ödrum undirvísat. I einu ordi: þessi Erlendr órád«vandr er sekkr djöfulsins úr hverjum hann tekr hvad hverr vondr «girnist, meistari þeirra, sem lært hafa ok læra vilja, uppsprettu«brunnr alls djöfuls í þeirri sveit ok kannske vídar, fullryktadr ok «fordæmanlegr, fullr af djöfli, svo eg meina þúsund manns muni «hann afmádan vilja; enn hverir geta eda þora upp at stynja? «gáit því at gudi, hverjum þèr eigid reikníng at gjöra, svo þat

«illa, sem mögulegt er, mætti takast af Israel, annars vegna eins, «þó ekki væri fleiri, kann ólukka at koma yfir lönd ok lýdi. Gud «veri med ykkr ok styrki í því, ok öllu gódu." Var brèf þetta útgefit í Selárdal hinn 7da dag Júníí, ok álitu lögmenn ok lögrèttumenn Erlend rètt tækan af valdsmanni á Bardaströnd undir ytrustu ransókn, eptir konúngsbrèfi 1617, enn hvert þat brèf hefir híngad sendt verit fyrir lög leikr heldr tvímæli á. Þat eitt vitu menn víst, at slík lög voru til, ok vitnar þat at frekja þessi var svo annarstadar sem hèr á landi, ok má ei afráda at þær sakir, sem enginn ótti eda hjátrú fylgdi, hafi verit sóktar svo, eda heldr hèr enn annarstadar. Nádist Erlendr sídan, ok var færdr nordr Þorleifi lögmanni Kortssyni at Þíngeyrum, ok þar brendr; þótti mönnum, sem hann mælti nokkra stund úr eldi; hafdi hann medgengit ádr, at hann hefdi bædi fjölkýngi framit ok kennt ödrum. Slík ærsli gengu þá í Trèkillisvík, sem hid fyrra árit, ok var þar tveimr mönnum dæmdr synjunar-eidr.

XXXV Kap. Umferdar ákæra.

Sveitarmanna ákæra í Kjós hafdi verit borin fyrir Dada Jónsson sýslumann, enn hann bar fyrir lögrèttuna; má þaraf sjá, at all-illa hefir tilgengit; hún var á þann hátt: «Vèr hreppstjórnarmenn ok «búendr í Kjós gjörum æruverdum valdsmanninum Dada Jóns«syni vitanligt, at vèr þykjunst fulla orsök til hafa fyrir hönum «um at kvarta þau stóru þýngsli ok átrodníng, er vèr med ödrum «þessarar sveitar búendum nokkur nærst umlidin sumur mætt höfum, «af þeim ærit mikla mannfjölda, sem til umferdar sunnan frá «sjósídunni í þessa Kjósarsveit sig gefit hefir, af hverjum fólksfjölda, «bædi karla ok kvenna, vèr meint höfum allmarga heldr færa enn «ófæra verit hafa á ádrsögum tíma sèr næríngar at leita med ein«hverjum erfidismunum, sem bædi Gud ok menn tilskikkad hafa, «ok nátturunni ok naudsyninni vel henta. Enn vèr höfum þessa «vora umkvartan þessvegna undandregit, at vèr vid dulizt höfum «at sú umferd ok átrodníngr þesshàttar fólks mundi þannin ár«lega í vöxt fara, sem annars skèd er, svo at ef þannin lengr «framfer edr úr þessu magnast kynni fyrrnefnd fólks umferd ok «átrodníngr, þá er í þessu efni eigi annat audsjáanlegra fyrir vorri

«skynsemi, enn at þat fátækt búandi fólk sem fyrir er innan þess«arar sveitar, ok nefndum átrodníngi mætir, muni allshendis van«megnast slíkum þúnga at gegna til tæríngar líkamans edr daglegs «fóstrs, hvaraf uggandi er at, sökum þesshâttar sjálfrædis umferdar «ok átrodníngs, muni ei alleina konúngleg Majestæt sína skatta ok «skyldur missa, heldr ok búandi fólkit ásamt med hinum hljóti frá «jördunum at gánga, hvar fyrir vèr bædi Guds, rèttarins, vorra «ok þessarar sveitar búenda vegna, at fyrrskrifudum valdsmann«inum Dada Jónssyni innilega óskum, at hann med einhverjum «kristilegum ok naudsynlegum upptektum, ok sæmilegu atfylgi vid «virdugligt ædra veraldlegt yfirvald, vora þessa eigi ónaudsynlega «umkvartan álíti, svo nokkrar skordur (ef mögulegt væri) vidreis«ast mætti, at upptekinn óvani ádr nefnds umfarandi sunnanfólks «í þessa sveit mætti aptrast, ok oss ok ödrum bærilegri verda." Margir dómar fóru þar framm adrir, ok enn fleira, þótt eg ætli litla þörf til at greina, þat er eigi kom til almennings.

XXXVI Kap. Brynjúlfr biskup vildi segja af sèr.

Þá lèt Páll Gíslason á Hvanneyri af landþíngskrifara embætti fyrir elli sakir. Var þat sumar sigldr upp Straumfjördr, ok gjörvar þar upp búdir. Brynjúlfr biskup fèkk stadfestíngu konúngs uppá arfleidslu Þórdar Dadasonar. Þórdr Þorláksson var þá utan med Þormódi Torfasyni, frænda sínum, á bæ hans Strangalandi vid Karmsund í Stafángrs stipti, fèkk hann konúngsbrèf útgefit hinn 15da dag Júníí uppá at vera Více-biskup í Skálholti, ok þó engin laun taka, enn rèttr biskup eptir meistara Brynjúlf; ætladi um þær mundir Brynjúlfr biskup at gefa sig frá, ok hyggja menn hann af þessu hafa haft pata nokkurn; enn er Sigurdr lögmadr Jónsson vard þess vís, ritadi hann hönum á þennan hátt: «*Senectus «habet suum honorem, cupiunt juvenes, adeptam incusant.* Eg «undirskrifadr Sigurdr Jónsson, undir Guds þolinmædi lögmadr «sunnan ok austan á Islandi, læt med þeim einföldum ordum «augljóst, at mig ránkar nú vid ordróm mèr til eyrna komnum, «í þann máta, at æruverdugr, heidrlegr ok hálærdr herra biskup«inn M. Brynjúlfr Sveinsson, eptir Guds almáttugs forsjón vor and«legr yfirmann, hefdi í rádi edr áformi haft at resignera, eda af

»at leggja þat háverduga biskups tignar embætti, vid hvört vor «dýrdar herra hefir hann nú nokkur ár kristilegri kyrkju til upp«byggíngar sparat ok vidhaldit; enn hvad helzt af þessu áformi «rædst edr ekki, þá er eg ofannefndr Sigurdr Jónsson auglýsandi, «ok alvarlega óskandi fyrir mína egin persónu, at velnefndr eru«verdugr minn herra biskupinn, M. Brynjúlfr Sveinsson, vildi samt «án umbreytíngar, eptir almáttugs Guds adstod, framvegis blífa, «svo lengi drottinn ann mèr eda ödrum landsins innbyggjurum «þess njótandi at verda, hafandi í minni þessa gömlu lærdóms-reglu: «engan skal til lausnar nefna, ok því at eins skipti ágjöra, at þeim «gángi lögleg forföll til er fyrr var nefndr. Herrann dýrdarinnar «spari vel ok lengi vorn herra biskup, ok gefi allt farsællegt, med «gódri þolinmædi í Jesú nafni, amen; skrifat vid Öxará 1669 þann «1ta dag Júlíí." Einnin ritudu prestar hönum til látínubrèf um hid sama, ætla menn Þorleif prófast Jónsson í Odda samit hafa, bródur Sigurdar lögmanns, voru þeir undirskrifadir, Þorleifr prófastr, Torfi prófastr Jónsson í Gaulverjabæ, Halldór prófastr Jónsson í Reykholti, Einar prófastr Illhugason á Reynivöllum, Jón prestr Dadason í Arnarbæli, Arni prestr Halldórsson í Hruna, bródir Dada, Þórdr prestr Bárdarson á Torfastödum, Jón prestr Snorrason at Mosfelli, Jón prestr Gíslason í Middal, Hannes prestr Bjarnarson at Saurbæ vid Hvalfjörd, Páll prestr Gunnarsson á Gilsbakka, Loptr prestr Jósepsson í Skálholti, Þórdr prestr Þorleifsson á Þíngvelli, frændi biskups, Einar prestr Magnússon í Mörk, Helgi prestr Grímsson at Húsafelli, Jón prestr Oddsson í Skrauthólum, Alfr prestr Jónsson í Kaldadarnesi, Jón prestr Steffánsson á Seltjarnarnesi, Þorleifr prestr Arnason at Kálfafelli, Sigurdr prestr Jónsson at Hólmum undir Eyafjöllum, Jósep prestr Loptsson á Olafsvöllum, Sigurdr prestr Helgason vid Hellna, Hallgrímr prestr Pètursson, er Saurbæ hafdi haldit, ok þá bjó at Ferstiklu. Þessu tók Brynjúlfr biskup vel, kom til alþíngis, ok sat Synodum generalem, sem hann var vanr.

XXXVII Kap. Frá ýmsu.

Þetta sumar kom út Jón Eggèrtsson, ok þóttist hafa sigr mikinn, enn hafdi þó kostad ærnu til, voru þó í þann tíma audveldar

utanfarir; Jóhan Klein kom ok út med konu sína ok börn. Þá var mál vestra, ól Ragnhildr, dóttir Torfa prests Snæbjarnarsonar, barn at Kyrkjubóli, ok kendi Snorra presti Jónssyni at Eyri, hann var bródurson Jóns prests Magnússonar skálds í Laufási; sídan dó hún ok barnit, enn brædr hennar, Einar ok Páll Torfasynir, áttu at sækja eptir rètti ok rádspjöllum; stefndi Páll Snorra ok samdist med því, af lögmönnum ok lögrèttumönnum, at Snorri galdt 10 hundrud í föstu, enn 20 hundrud í lausu; fèkk þá Bjarni Gunnlaugsson prests, Snorrasonar, Margrètar Torfadóttur; þeirra son var Torfi prestr at Snæfjöllum, enn Rögnvaldr Ragnheidar, son Sigmundar Gíslasonar, Jónssonar á Svarfhóli. Gísli Vigfússon frá Hvoli kom þá út, ok hafdi fengit màgistri gradum. Þá tók Teitr prestr Halldórsson vid Gufudal, enn Jón eldri, son Sigurdar lögmanns frá Einarsnesi, fór utan. Skadar urdu enn nokkrir, ok smærri tídindi, ok nenni eg ei at tína. Orm þóttust menn sjá í Lagarfljóti um haustit, ok hefjast hátt; þá var margslags sótt, ok flekkjasótt sum, gekk svo framm á vetr um allt land, ok sofnadi margt fólk. Jón prestr Einarsson, bródurson Þorláks biskups nýkvæntr frá Glaumbæ, týndist þá í hèradsvötnum, ok annar prestr, er Þórarinn hèt, úr Kelduhverfi, austr í Jökulsá.

XXXVIII Kap. Mál Jóseps sona.

Þat hafdi enn borit vid á þeim tímum í Skálholti, at fóstrdóttir Brynjúlfs biskups, Ragnheidr, dóttir Torfa prófasts Jónssonar, frænda hans, fríd sýnum ok vel á sig komin, vard til þrætu þeim Lopti presti Jósepssyni ok Jóni Sigurdarsyni ýngra í Einarsnesi, hann var þá skólasveinn; höfdu þeir bádir hug á henni. Komu þá flog nokkur at Jóni ok andvökur, ok þó ei nema þá hann var í Skálholti, hugdu menn þegar þat væri af galdri, ok eignudu Lopti presti Jósepssyni ok Skapta, bródur hans, höfdu þeir hótad Jóni nokkud svo, ok þat sagdi Jón, at prestr hefdi fengit sèr stafi nokkra vid svefnleysi, enn sèr hefdi heldr ordit vid verra enn betra; kvadst hafa látit þá í bók, ok mundi Skapti frá sèr tekit hafa, því hann hefdi skilad sèr bókinni; kvad ok Skapta sett hafa tvo stafi á halsband sitt. Þarum var haldin prestastefna, ok átti Loptr prestr at færa sig undan med tylftareidi; þat mátti hann ei gjöra,

ok vard hann grunadr um medvitund; sídan var hann settr af prestskap, enn biskup vildi ei selja hann í hendr veraldlegum dómendum, eda jafnvel brennudómi, ok ritadi konúngi hans málefni; fór Loptr prestr sídan utan, ok var í Danmörk ok Holsetulandi ok Svíþjód um lánga tíma, ok adstodadi presta, þar sem hann fèkk. Jón Sigurdarson gat barn vid Ragnheidi, ok fèkk þat biskupi mikils, vildi Jón fá hennar, enn þat tjádi ei medan biskup lifdi. Jón var þó vel farinn ok gjördist mikilsháttar seinna, enn var kalladr kvennsamr af sumum. Skapti fór laungu seinna nordr til Hóla, ok bjó seinast at Þorleifstödum í Skagafirdi, vard hann madr gamall, ok var fadir Þorleifs prófasts ok Magnúsar á Vídimýri, födur Sæmundar, ok þeirra systkina.

XXXIX Kap. Arferdi, tídindi ok þíng.

Sá vetr var gódr, enn hardnadi; þá gekk hlaupabóla vestra; 1670
prentad var á Hólum *Dominicale* ok Hallgríms sálmar, bænabók Gudbrands biskups, ok nokkrar huggunar greinir móti freistíngum. Þá var gott fiski-ár fyrir nordan, enn medallagi sydra. Skip týndist á Eyrarbakka med 6 mönnum, enn 3 komust af; annad med þremr mönnum vid Hvalnes. Stöku menn druknudu, eda urdu brádkvaddir, enn einn var sá í Hrútafirdi er hengdi sig í hrosstagli. Þessi missiri urdu lát margra merkilegra manna. Fyrst andadist um vetrinn Fridrikr konúngr hinn þridji, ok tók ríki Kristián sonur hans hinn 5ti med því nafni, hann gaf út brèf um hollustu eid sinn, ok annat at skógr væri ei höggvinn á kyrkjueignum at þarflausu, eitt um kauphöndlunar fèlag á Islandi. Þessir öndudust hèr út: Einar prófastr Sigurdarson, Einarssonar frá Heydölum, hann hèldt Stad í Steingrímsfirdi; Sigurdr prestr Torfason á Melum, bródir Þormódar; Ketill prófastr Jörundarson í Hvammi, merkilegr madr; Jón Sigurdarson, bartskeri í Káranesi í Kjós, eptir hann orkti Hallgrímr prestr Pètursson, ok var hann lofadr af mönnum; Gudmundr Þorleifsson í Arnardal; Gudmundr prestr á Þæfusteini; Þórdr prestr Jónsson í Hítardal, hann var höfdíngi, ok hafdi átta Helgu, dóttur Arna lögmanns, voru þeirra börn Jón ok Þorsteinn á Skardi, ok Gudrídr, er gipt var Jóni Vigfússyni at Leirá. Um sumarit andadist frú Margrèt Halldórsdóttir, kona

Brynjúlfs biskups, ok sídan þórdís Jónsdóttir at Leirá, ekkja Arna lögmanns, ok fór Jón Vigfússon fyrst þángat eptir þat. Gudmundr prestr Erlendsson í Felli var andadr ádr. Danskr madr vo íslenzkan í Djúpavogi, skaut hann, er þeim bar til, flýdi sídan til Berufjardar, enn þorsteinn sýslumadr eystra þorleifsson, Magnússonar, nádi hönum, þó fríadist hann sídan. Kona ein á Höfdaströnd bar út barn sitt, ok var líflátin, ok fleiri urdu misferli. Sá vard ómerkilegr hlutr, er því er talinn at skrásettr hefir verit ádr, ok þó meir hins vegna, at menn hèldu þá slíkt forboda fyrir dómadegi; þat var at fátækan mann dreymdi í Seydisfirdi mann einn ókendan, þóttist spyrja hann at heiti, sá nefndist rádsvinnr, rádhollr, rádgjafi, ok kvad þetta:

Hætta stór, heiminn er allt um kríng,
undan fór ydrunar áminníng,
enginn hana aktar neitt, allfáir geyma,
er því bruna bálit heitt búit þeim gleyma,
sjáit vid, senn lída tídir,
brúsa lid blæs hardt ok strídir,
lömb ok kid leidast um sídir;
einn ok sèrhvör sjái at sèr.
Kemr, kemr, kemr snart, kemr óvart,
kemr, kemr, kemr snart, Kristr at dæma.

Henrik Bjelke höfudsmadr kom ei út; var hann þá aldradr ok þúngfær. Var sendr konúnglegr kommissaríus Jens Rodsteen af Leerbek, kom hann undir Vestmanna-eyar hinn 28da dag Júníí, ok nádi ei alþíngi; med hönum var Teitr Pètursson, fóstrson meistara Brynjúlfs, hann sendi admirállin Rodstein til umbodsmannsins Jóhans Pèturssonar Klein, því hann hafdi verit hèr um þann vetr; var Teitr settr upp í Vestmanna-eyum, ok þadan til fastalands, ok fór hann med flýti til alþíngis, svo at fógetinn fèkk hinn 1ta dag Júlíí birt lögþíngis mönnum inntak brèfsins, ok tilsagdi þeim öllum, er tilnefndir voru, ok þar voru samankomnir, at gegna konúngs eyrindi, ok bída á lögþínginu til þínglausna, enn ella fara sudr at Bessastödum, ok þat kusu þeir. A þíngi veitti Jóhan Klein Sigurdi, syni Bjarnar Gíslasonar, landþíngskrifara embætti; því Páll Gíslason á Hvanneyri hafdi aflátit fyrir elli-sakir, vann

Sigurdr eidinn. Þar kom fyrir galdramál, borit Sigmundi Valgardssyni úr Stranda sýslu, hana höfdu þeir Magnús Jónsson ok Vilhjálmr Arnfinnsson, ok voru í dómi med Þorleifi lögmanni Kortssyni þeir lögrèttumenn: Sigurdr Jónsson, Sæmundr Magnússon at Hóli í Bolúngarvík, Arni á Heylæk, son Vigfúsar prests Helgasonar, Þorgils Jónsson á Brimilsvöllum ok tveir adrir; enn med Sigurdi lögmanni Arni Pálsson, Magnús Kortsson í Arbæ ok 4 adrir, ok slapp Sigmundr med hýdíngu, því hverki medkenndi hann, nè þóttu líkur nógu sterkar. Þrætumál kom þar meistara Gísla Vigfússonar, ok Jóns Eggèrtssonar vid Þorvald Gunnlaugsson í Hrísey, um eptirskilit fè Markúsar Jóhanssonar Mumms. Eyólfi Jónssyni úr Stranda sýslu voru dæmd þrjú húdlát, sem mest fyrir galdra líkur; ok fleira kom þar enn slíkt fyrir, ok mörg mál önnur. Eitt var dómr Bents Lárizsonar hins sænska at Laugarbrekku, milli Stapa kaupmanns ok Bödvars Jónssonar á Yxnakeldu. Eptir þíngit fóru menn sudr at Bessastödum, ok unnu eidana fyrir admirálnum hinn 9da dag Júlíí, ok las Jóhan Klein þá fyrir, fyrst meistari Brynjúlfr biskup ok Gísli biskup, þarnæst 6 prófastar úr Skálholts umdæmi, Þorleifr Jónsson í Odda, Torfi Jónsson í Gaulverjabæ, Björn Snæbjarnarson at Stad, Einar Illhugason, Vigfússonar at Vindási í Kjós, Eiríkr Vigfússon í Hjardarholti, ok enn einn, enn þrír at nordan, Skúli Þorláksson á Grenjadarstad, Hallgrímr Jónsson at Glaumbæ, ok Þorlákr Halldórsson at Audkúlu; þá sýslumenn, þá 2 lögrèttumenn ok 2 bændr úr hverri sýslu, er allr almúgi hafdi fengit umbod sitt; prestar höfdu ok gefit hinum umbod, er á þíngi voru. Þar eptir var haldin ágæt veizla öllum fyrirmönnum, er þiggja vildu, ok heitit mildri stjórn, enn nýnæmi engin bodud; þar gjördi Jóhan Klein sátt med Gisla biskupi ok Jóni Eggèrtssyni, án útláta á bádar sídur, fyrir medalgaungu 24 hinna beztu manna, er Jens Rodsteen kommissaríus útnefndi; urdu fyrir gjörd ok medalgaungu meistari Brynjúlfr biskup, ok lögmenn bádir, Sigurdr Jónsson ok Þorleifr Kortsson, sýslumenn hinir helztu ok adrir beztu menn, fannst mörgum til hve vitrlega ok djarflega Jón Eggèrtsson svaradi þá fyrir sig, ok þó skikkanlega; enn ekki dugdi sú sætt til hlítar, sem jafnan verdr þá er óvild er innkomin. Meistari Þórdr Þorláksson hafdi fengit stadfestíngu Kristiáns konúngs uppá biskupsdóm í Skálholti, ok kom hann út med admirálnum, ok fór til Hóla til Gísla biskups, bródur

síns. Admirállinn birti þat Brynjúlfi biskupi, at konúngr vildi at Islendíngar hefdi nokkra kauphöndlan sjálfir, sem adrir þegnar hans, ok bad hann auglýsa þat prestum í öllu hans biskupsdæmi, ok vita hvad þeir treystu sèr til at leggja, svo upplagdir peníngar eda höfudstóll mætti verda; þarum ritadi biskup próföstum til, ok bad þá halda prestastefnur í hèrudum, ok senda sèr aptr svar brèflegt fyrir sumarmál hin næstu; fýsti hann þá at taka því nádarbodi konúngs med þökk ok hlýdni, kalladi þat bædi mildilegt ok nytsamlegt, ok óvíst hvert betr færi ef neitad væri; enn flestir töldu vankvædi á fyrir fátæktar sakir at taka því bodi, ok kom þat svo fyrir ekki.

XL Kap. Mál Jóns Vigfússonar, ok enn fleira.

Þetta sumar kom sá skipstjórnari med kaupfari sínu í Straumfjörd, er Thor Brunnersen hèt; hann kærdi skriflega yfir Jóni Vigfússyni sýslumanni, at hann hefdi hinn 15da dag Agústi yfirfallit sig ok stýrimann sinn, Pál Boested, med höggum ok slögum, sem gódir menn vissi, bædi íslenzkir ok danskir, ok heitit at skipstjórnarinn skyldi fá ólukku, ok ekki vel komast heim aptr í sitt land; beiddist hann því, at yfirvöld í landi hèr hèldu þeim sýslumanni til at setja sèr fullnóga borgun fyrir skipit, ádr hann færi hèdan, ella neyddist hann til at setja þat upp. Þar vard ekki af, ok lagdi skipit út um haustit, ok braut á Kotfjörum austr hjá Landeyum, týndust tveir menn ok mikit fè, ok vard margrædt um. Var Jóni sýslumanni dæmt at vinna eid fortakslausan, at hann hefdi aldrei galdr eda fordædu lært nè brúkat, ok aldrei í rádi verit, vitordi eda samsinníngu med fjölkýngis mönnum, ok ei sè hann valdr töpunar þess skips eda manna, sem í Straumfirdi voru, ok ströndudu á Kotfjörum í vestri Landeyum á Islandi; þann eid skyldi hann vinna hinn 8da dag Júlíí at Smidjuhóli í Mýra sýslu í návist fógetans Jóhans Kleins. Á þessum missirum vígdist Einar Torfason, Snæbjarnarsonar, til Stadar í Steingrímsfirdi, eptir Einar prófast Sigurdarson, var hönum þó mjög mótmælt, því hann var þokkadr all-lítt. Þá fèkk meistari Gísli Vigfússon Gudrídar, dóttur Gunnars prests á Hofi; þeirra son var Vigfús á Hofi. Þá var hjónabandsmál þeirra Einars Gudmundarsonar ok Sigrídar Þorkels-

dóttur úr Húnavatns þíngi. Gjördist Helgi Jónsson prestr at Melum, ok keypti at fógetanum veitínguna fyrir 100 dali. Þessir menn deydu þá enn: Bárdr Gíslason í Vatnsdal, lögrèttumadr vitr, er skírt hafdi Jónsbók, fadir Þórdar prests, ok Gísli Jónsson í Melrakkadal, kalladr hinn lærdi, bródir Þórdar prests, er var í Hítardal, hann dó skyndilega í Höfda kaupstad. Þá kvæntist Dadi Jónsson sýslumadr í Kjós, ok fèkk þjónustu stúlku Mattíasar Gudmundssonar á Stapa danskrar, hún hèt Margrèt Gam, þeirra börn voru Jónas Gam í Maríubæ á Sjálandi, Pètr á Vallá í Kjós, Ursula ok Soffía, er Lárits Skevíng á Mödruvöllum átti seinna enn Þórunni, dóttur Þorleifs Kortssonar, var Hannes son þeirra Þórunnar, enn Hans son þeirra Soffíu. Skipti urdu þá á sýslum; hafdi fallit misklíd milli Bjarnar Pálssonar á Espihóli ok fógetans, enn Björn, son Magnúsar lögmanns, bjó þá at Múnkaþverá, hèldt klaustrit, ok var í uppgángi; kom svo, at Björn Pálsson sleppti sýslunni, enn Björn Magnússon festi hana fyrir ærna penínga, þar med gaf Helga Gudmundardóttir, kona hans, 50 dali konu fógetans, hugdu þau eigi þá, hve útseljast mundi. Jón Þorláksson hafdi ok skipti um þær mundir vid Þorstein, son Þorleifs Magnússonar, sýslumann í Múla sýslu, er átti Elínu, systur Jóns, þóttist Jón ei meiga vera á Mödruvöllum fyrir fjölkýngis áreitíngum af Jóni Eggèrtssyni, ok gaf Þorsteinn hönum upp sýslu sína, nema fjóra hina nyrdstu þíngstadi, þeim hèldt hann, ok hafdi Martein, son Rögnvalds prests Einarssonar, at umbodsmanni; fór hann um haustit nordr, enn er hann var kominn med lest sinni yfir brúna á Jökulsá, gjördi med kvöldinu vedr mikit med snjó, ok braut brúna, ok var þat kallat brúarbilr. Þorsteinn var gæflyndr ok fastlyndr, ófrídr sýnum, kvartadi hann ekki yfir gjörníngum af Jóni Eggèrtssyni, ok var þá haldinn fjölkúnnugr, sem fadir hans. Gudmundr Steindórsson hèldt *Hunavatns sýslu hálfa, móti Gud*brandi Þorlákssyni, ok var afsettr, enn Gudbrandr, son Arngríms prófasts lærda, fèkk þann hlut aptr, hann var fadir Þorláks Vídalíns, þvíat Arngrímr prófastr hafdi fyrstr Vídalíns nafn, ok þadan hafdi þat Jón biskup, sonarsonr hans, ok Páll dóttursonr hans. Gudbrandr bjó í ýmsum stödum, ok var vel látinn ok skáld gott, enn opt átti hann óhægan fjárhag; enn af Gudbrandi Þorlákssyni var lítit látit. Björn Pálsson á Espihóli átti Ragnheidi, dóttur Magnúsar bónda á

Reykhólum Arasonar í Ögri, þeirra börn voru Magnús á Espihóli ok mörg önnur; Björn var athafnamadr, ok hýsti vel bæ sinn, ok er frá hönum kyn mikit.

XLI Kap. Frá Brynjúlfi biskupi.

Þann dag, er Margrèt Halldórsdóttir átti at jardast, kona Brynjúlfs biskups, vígdi hann þrjá presta, ok stód líkkistan á medan í kyrkjunni, enn biskup framdi þó verk sitt med allmikilli hugprýdi; enn medan jardarförin skedi fèll hann í ómegin nokkrum sinnum; hann var þá ok horfinn þeim öllum, er hönum voru nákomnastir. Seldi hann þá allt sitt fè í Borgarfirdi, fast ok laust, med gódu verdi, hverjum þeim er kaupa vildi, enn keypti aptr fasteign mikla í Austfjördum, var þat erfíngjum hans til hins mesta óhagnadar. Hann hafdi látit smída skemmu mikla ok sterka á Hæli í Flókadal, til at geyma í smjör, katla ok annad lausafè, enn seldi sídan med jördunni. I skipaskaga hafdi hann látit byggja krosshús mikit ok sterkt. I Túngufelli í Hrunamannahrepp átti hann 5 hundrud, lèt þar skipta túni, engjum ok skógi úr þeim hluta jardar, ok byggja vid túngardinn bæ af grundvelli sterklega, öll hús med súd ok þili, ok kalladi Jadar; nokkru sídar gaf hann þau 5 hundrud med allri byggíngu Sveini, syni Torfa prests Jónssonar frá Gaulverjabæ, frænda síns, er bar nafn födur hans; sá Sveinn hèldt Múnkaþverár klaustr laungu seinna. Med slíkum hætti lèt hann byggja af grundvelli med miklum ok sterkum vidum öll bæarhús hjá Gröf í Grímsnesi, ok kalladi Grafarhól, ok lèt gjöra garda umkríng, enn gaf litlu sídar þá jörd Sigrídi Hákonardóttur í Brædratúngu. Bordsilfr sitt smídad, skeidar, staup ok skálar, margt vel gjört ok óbrúkad, lèt hann sídarst umsmelta, edr hann seldi þat eptir vigt fyrir dali, þeim er kaupa vildu, sídan lèt hann íslenzka smidi gjöra þaraf annad bordsilfr eptir sjálfs hans fyrirsögn, sterkt, stórt ok vidhafnarlaust, enn þó var ei grunlaust um sumra smídi, hvert ei væri falsat. Bókhlödu sína ágæta, þar er komin var saman flest frædi, geymdi hann i nordrstúku kyrkjunnar; vard hann þess var eitt sinn, at mús hefdi nagad eina eda adra bók, þá hèldt hann at hún mundi leggjast á hveitilím útlenzkt, er í bókunum var, ok lèt því rífa þær úr gódu bandi

útlenzku, ok binda aptr í trèspjöld ok band íslenzkt, ok hèr tilbúit skinn, ok bera mikit skinnlím í; tjádi engum at telja hann af slíku, því allt hlaut jafnan at vera sem hann vildi. Enn þótt hann væri svo tilbreytinn í slíku, þá var hann eigi laus í embættis athöfnum sínum edr vináttu. Vard þat ok einmælt, at hann hefdi verit hinn mesti madr af sjálfum sèr um flesta hluti. Bjarna Einarsson frá Asi í Fellum hafdi hann fyrir umbodsmann um jardakaup sín eystra; ætladi hann at láta Þórd dótturson sinn stadnæmast þar, sem þær jardir lágu, svo at sem fjærst væri Bessastada valdi.

XLII Kap. Frá Jóni Vigfússyni, ok ýmsu ödru.

Nærsti vetr eptir þau tídindi, er nú voru talin, ok eidasumarit, 1671
var hardr ok þurt vor; fiskr var mikill fyrir sunnan. Þá dó Mattías Gudmundsson á Stapa med undarlegum hætti, hann var mjög í skuldum ok lítt þokkadr af flestum; Marin Eiríksdóttir hèt kona hans, ok var jótsk, ok mikil vexti, hennar fèkk Bent Láritsson hinn sænski, hann bygdi Bentsbæ vid Búdir, ok var búsýslumadr mikill; enn seinna fèkk hennar Jakob Benediktsson, danskr madr frá Jótlandi, hann tók þar sýslu ok umbod eptir Mattías. Þann vetr andadist ok Vigfús Hákonarson frá Brædratúngu. Fjórir menn týndust á Seltjarnarnesi ok einn í Höfnum af skipreika, ok skip týndist í Jökulfjördum vestr med fjórum mönnum. Þrír menn urdu úti fyrir nordan ok einn á Lónsheidi. Þá gjördi vedr mikit, ok braut búdir dana á Djúpavogi, ok 30 skip íslenzk á Austfjördum. Skrida hljóp á Reynivöllum í Kjós, laugardags nóttina fyrir páskir, ok tók af mestan hluta túnsins, hún klaufst um bæinn, enn grandadi hverki mönnum nè fè. Hús hrundu í Grímsnesi ok Ölvesi af landskjálftum. Bólusótt gekk enn á Vestfjördum hæg, ok þó fleiri sóttir vídar. Smalamadr at Bustarfelli í Vopnafirdi fannst úti myrdtr. Þá var prentat á Hólum rím meistara Þórdar Þorlákssonar, Musculi bænabók, sálmabók ok Davids saltari hinn stutti. Hardindi voru þá ok snjóar miklir hvervetna, kvádu svo at ordi prestar í Borgarfirdi, er þeir svörudu því er biskup rèdi þeim at leggja saman í kaupskip: „Þridja afsökun er," sögdu þeir, „almennilegar óhægdir, ok bágindi vors bjargrædis af ýmsum

„áttum ok tilfellum: at nordan hafísinn, at sunnan hretvidri, sumr-„in stutt, vetrnir lángir, nú grasbrestrinn, þá nýtíngarleysit, hèr „hagaskortrinn ok jardbönnin, þar hretvidri, hrídir ok hrakn-„íngar, bætast á illdýri, húngr ok hordaudi hjarda vorra ok fèn-„adar, enn af eptirstödvunum hljótum vèr at taka almennilegar ok „árlegar skuldir." Yfirstódu þá hórdómsmál Þórdar prests at Undirfelli í Vatnsdal, hann var son Þorláks, Þórdarsonar at Mardarnúpi, ok vafdi þau lengi; ok urdu mörg misferli. A alþíngi komu fyrir mál mörg úr sýslum Dada Jónssonar ok Jóns Vigfússonar eldra í Arness þíngi, ok annara. Eggèrt Bjarnarson frá Skardi bar framm galdramáls rekstr sýslumanna á Bardaströnd um *Jón* Ulfsson, enn hann vildi ekkert medkenna, var hönum dæmd hýdíng sem nærst lífi hans. Magnús Magnússon ok Páll Torfason, sýslumenn í Isafirdi, komu med þann mann, er Sigurdr Jónsson hèt, hönum hafdi så madr borit galdra, er Gudmundr hèt Magnússon; þar um nefndi Jóhann Pètursson Klein, höfudsmanns umbodsmadr, ok lögmenn sýslumenn þá í dóm, er á alþíngi voru, Eggèrt Bjarnarson á Skardi, Gísla Magnússon á Hlídarenda, Þorstein Þorleifsson, Jón Vigfússon eldra á Hvoli, Björn Magnússon á Múnkaþverá, Dada Jónsson úr Kjós, Jón Vigfússon á Leirá, Jón Runólfsson, Gudbrand Arngrímsson, Jakob Benediktsson á Stapa, enn lögrèttumenn Amunda Þormódsson, ok Sigurd, son Arna lögmanns Oddssonar. Medkenndi Sigurdr galdra á blödum, guds ords vanbrúkun ok adra hjátrú, med illum atvikum, enn ekki særíngar ok formæli, sem hann hafdi gjört í hèradi, var hönum dæmt líflát, ok at brenna búkinn. Jón Vigfússon vann eidinn, er hönum hafdi dæmdr verit, enn þó vard hönum þá nokkud annat til ákæru. Dugga hollenzk hafdi komit snemma um vorit á Krossvík á Akranesi, þar var á Torfi, son Hákonar Bjarnasonar, Hákonarsonar, Arnasonar at Hlídarenda, frændi Jóns, hann hafdi fengit stadfestu í Hollandi med þeim hætti, at hann kom híngad undir land á sumrum á duggum, til at verdsla nokkru til frammfæris sèr; var hann frómr madr, enn óheppinn í fiárhag sínum; hann fór á fund vid Jón sýslumann, frænda sinn, ok kannadist hverr vid annann, fór sýslumadr til skips med Torfa, ok er ei getit, hvad þeim fór í milli. Enn einn morgun litlu sídar, kom Torfi á land í Skipaskaga ok tveir bátsmenn hollenzkir med 6 tóbaksrullur, eptir því sem þá var venja til at flytja, ok báru í búd Hannesar Teitssonar, erlegs manns, er

opt geymdi eitt eda annat fyrir sýslumann; tók Hannes vid þeim í þeirri meiníngu, at þær mundu sýslumanni tilheyra; hann lèt ok mann sinn flytja þær á hestum heim at Leirá. Enn á medan duggan beid eptir Torfa, ok Torfi eptir verdinu, komu menn frá Bessastödum, ok tóku hann ok dugguna, ok fluttu sudr þángad. Var Torfi hafdr uppá alþíng til vidtals ok andsvara vid sýslumann, ok lýsti því berliga í lögrèttu, at þær tvær tóbaksrullur hefdi sýslumadr keypt af sèr, ok heitit vísu verdi fyrir, enn ekki afhendt, ok í þeirri meiníngu kvadst hann þær í land hafa látit flytja til Hannesar Teitssonar, eptir umtali þeirra; þar gekk sýslumadr í móti, ok kvadst hafa markad þar í skipinu rullur þær undir konúngsmark K ok M med krít, ok þar svo eptirskilit; voru þær fluttar fjórar, at forlagi sýslumanns til Bessastada, ok voru 2 vættir ok tveir fjórdúngar med trè ok mottum; stód þat svo um hríd. Var Jón Ulfsson hýddr þar á þínginu, enn Sigurdr drepinn ok brenndr sídan. Enn Torfi fór slippr til Hollands, gjördist þar Kalvinisti, ok dó seinast af brennivíni.

XLIII Kap. Tilburdir ýmsir.

Þat bar til þessi missiri, at gipt kona í Grímsnesi stakk sig í kvid á knífi, er hún hafdi týnt í rúmi sínu, fór á fætr sídan, ok skar sig á háls. Fór utan hinn danski madr, er vígit vann, ok galdt erfíngjunum 80 dali, veit eg ei hvert hann var sektadr meira, ok var ei gód stjórn, er íslenzkir valdamenn skyldu ei meiga dæma hann um víg, þó at konúngr hefdi þá linad seinna. Sigurdr kom þá út, son Sigurdar prófasts í Stafholti Oddssonar, ok hafdi fengit konúngsbrèf fyrir Hítardal, enn Sæmundr prestr son Odds Þorleifssonar, var þá vígdr þángad, ok hafdi veitíngu Jóhans Kleins fyrri, sendu þeir þá konúngi sitt málefni bádir. Konúngsbrèf voru gefin út um íslenzka fálka ok hesta, ok at sýslumenn uppberi kostnad sinn af fè óbótamanna at loknum skuldum. Þau ár var jafnan íllt med Birni Pálssyni á Espihóli ok Jóni Eggèrtssyni. 2 menn druknudu á Breidafirdi, er fluttu kvígur, því önnur var óbúndin. Þá var hlýtt sumar, enn grasvöxtr þó lítill, ok gott haustit. Sá madr gat barn vid dóttur sinni, er Jón Eiríksson hèt, í Skálanesi á Austfjördum, lýsti hún á hann naudúngu, enn hann

týndi sèr sjálfr viku sídar. Jóhann Klein fór utan um sumarit, enn allir eptirlegu menn úr höfnum, ok var þeim bannad at liggja hèr um vetr. Sumir menn hlupu í burtu at austan eginkvæntir, ok tóku med sèr adrar konur. Þá andadist Gudrún Gísladóttir lögmanns, ekkja Magnús lögmanns, hún var þá at Eyrarlandi, ok gömul mjög, ok var jardsett at Mödruvöllum. Þá dó ok Bjarni prestr á Þaunglabakka nordr, Alfr prestr Jónsson í Kaldadarnesi, Jón prestr Gunnlaugsson á Núpi; þann stad fèkk Dadi Halldórsson þá. Fleiri prestar dóu, ok svo nokkrir menn adrir af misförum. Oddr Jónsson, prófasts í Vatnsfirdi, Arasonar, fèkk þá Gudlaugar frá Keldum austr, hann bjó at Reynistad sídan. Þat sumar kom út Þormódr Torfason at taka arf eptir Sigurd prest, bródur sinn, á Melum, seldi hann fasteign sína alla út hèr fyrir 18 hundrud dali, þarmed var Svignaskard; sídan fór hann utan aptr í Höfda ok til Hollands, enn þadan á ödru skipi til Danmarkar; þar var med hönum Loptr prestr Jósepsson, því hann var dæmdr á konúngs nád, ok tveir adrir íslenskir menn, braut skipit vid Sámsey, ok vard bjargad mönnum ok nokkru fè; Sigurdr Asgeirsson hèt einn Islendíngrinn, hann ok bátsmadr deildu drukknir, ok kom Þormódr þar í, ok vard banamadr bátsmannsins ófyrirsynju, voru þeir þá teknir ok settir í hald, Þormódr ok Sigurdr; dæmdist Sigurdr frí seinna, enn konúngr nádadi Þormód. Er sagt hann hafi verit margbreytinn ok nokkud hardlyndr, ok ordit mannsbani, er hann átti þó at verja sig, enn hversu sem var, þá frelsti hann lærdómr hans, djarfleikr ok snilli. Þá fór Arni prestr úr Dýrafirdi Loptsson, Arnasonar, til Sælíngsdals, enn þángad fór Bjarni prestr Brynjúlfsson, ok þá visiteradi Brynjúlfr biskup Vestfjördu í 7da sinn. I þeirri för hygg eg þat hafa verit, er hann reid um Hvalfjardarströnd ok um þat framm, er Hallgrímr prestr Pètrsson var, ok þá nær karlægr, ok er sagt hann hafi sendt til hans med sálm, enn hann hafi snúit aptr vid ok vitjad hans. Konu var drekkt í Húnavatnsþíngi fyrir barnsmord, hún hèt Gudrún Bjarnadóttir. Þá dó Hannes Arnason í Nordtúngu ok Helgi í Einarsnesi. Aflagt var þá aptr brennisteinsverk í landi hèr, ok má þó verit hafa all-ardsamt. Um haustit fór meistari Þórdr Þorláksson utan, ok var vigdr um vetrinn í Kaupmannahöfn til Vícebiskups í Skálholt af Doktor Jóhanni Vandalín, ok undir eins meistari Arnold de Fine til Vicebiskups í Noregi.

1672

XLIV Kap. Mannadaudi.

Sá vetr var stórvidrasamr á Islandi; þá andadist Vigfús prófastr Arnason at Hofi í Vopnafirdi, ok fèkk þann stad Teitr Pètrsson frá Skálholts kyrkju; hann átti ferd yfir Brúará, ok reid djarflega, ætladi at láta synda eptir ferjunni, enn hönum sló í kaf ok hestinum, rak hestinn upp daudan, enn hann hugdu menn sjálfan í leir fastan ordit hafa, þó fannst lík hans seinna. Þá dó ok Gunnar prestr Bjarnarson at Hofi á Höfdaströnd, Jón prestr Erlendsson í Villíngaholti, ok Eyólfr prestr Jónsson at Lundi, hinn merkilegasti madr; voru þeir hans synir: Jón prestr á Gilsbakka ok Einar sýslumadr, vitrir menn ok vel at sèr, ok Jón prestr, er seinna var í Hvammi, sem sá morgana. Enn deydi Ögmundr prestr Torfason í Otrardal, Bjarni lögrèttumadr á Eyvindarstödum, ok konur presta, Gunnlaugs Sigurdarsonar í Saurbæ nordr ok Hallkells Steffánssonar; Jón sonr Steindórs Gíslasonar, er bjó at Knerri, fór sudr á Þorra, ok andadist at Leirá af munnbita sínum, á þridja vetri um sextugan, hann hafdi átta Solveigu, dóttur Gudmundar prófasts Einarssonar at Stadarstad, þeirra börn voru Sigurdr á Knerri ok Halldóra, er átti Jón prestr Gudmundarson á Þæfusteini, Gudný, er átti Hallkell prestr Steffánsson, ok Gudrún, er átti Gudni Sigurdarson. Jón prestr Gudmundarson var fadir Helga prests at Stadarhrauni, ok Gudmundar prests at Helgafelli, ok Elínar, konu Torfa prests í Saurbæ, ok Valgerdar, er átti Steinn biskup; enn dætr Gudmundar prests at Helgafelli voru Ragnhildr, er átti Sigurdr prestr at Bardi, Karitas, er átti Sigurdr skólameistari, sem sídan hèldt Dala sýslu, son Vigfúsar, Arnasonar at Heydalsá, Vigfússonar prests vid Hellna; Halldóra, er átti Þorsteinn prestr í Saurbæ, ok Kristín, er átti Sæmundr, son Þórdar prests at Stadarstad, Jónssonar, Vigfússonar frá Hvoli, Gíslasonar lögmanns, Hákonarsonar.

XLV Kap. Misferli ok annat.

Þennan vetr var skipreiki sudr í Gardi, ok týndust fjórir menn; ok tveir á Akranesi, týndust af ödru 5 menn, enn tveir af ödru; einn í Beruvík á Snæfellsnesi med 7 mönnum, annar á Hellissandi med

8 mönnum. Á Grímseyarsundi týndist skreidarskip Bjarnar Magnússonar á Múnkaþverá, er kallat var Hjörtr, fyrir hafís spaung, þar fórust 11 menn, ok voru 10 kvæntir; Hollenzkir einir voru nærri, ok vildu duga þeim, enn lá vid voda sjálfum. Margir urdu einstakir mannskadar, gekk þá ok bóla sunnanlands. Þá kom út meistari Þórdr Þorláksson, ok fèkk Hof í Vopnafirdi til uppheldis sèr, hèldt hann þar umbodsmann sinn, enn sat á Hólum sjálfr med Gísla biskupi bródur sínum. Konúngsbrèf kom ok þá, at Sæmundr prestr skyldi halda Hítardal, enn Sigurdr sleppa, vard Sæmundr sídan prófastr; annad brèf kom um kyrkjuþjófa, at þeir sèu hengdir. Bær brann at Brandagili í Hrútafirdi, ok bóndinn inni ok húsfreyan, ok fadir bónda, ok karl einn tírædr, vissi enginn hvad olli, því þar var ei lengi med eld farit. Madr drakk sèr bana undir jökli, sá hèt Páll Jónsson. Þá var galdramál Páls Oddssonar í sýslu Gudbrands Arngrímssonar í Húnavatns þíngi. Sumar var hid bezta, ok gjördi mikit gras; var þá sigldr upp Straumfjördr ok tekinn fiskr einn. Sá madr var hengdr á Höfdaströnd, er Jón Jónsson hèt eda Ivarsson, at því er adrir segja, hann hafdi stolit úr Hofsósbúdum.

XLVI Kap. Frá þíngi, málum ok fleiru.

Páll Torfason, sýslumadr í Isafirdi, bar framm á alþíngi galdramál fedga tveggja Þórdar Jónssonar ok Jóns Þórdarsonar, er ei fengu fríunarmenn; nefndu lögmenn í dóm sýslumenn þessa, Eggèrt Bjarnarson á Skardi, Bjarna Pètrsson á Stadarhóli, Vilhjálm Arnfinnsson af Ströndum, bródur Einars prests á Stad í Hrútafirdi, hann var sjálfr haldinn mjög fjölkunnugr ok kalladr af alþýdu Galdra-Vilki, Gudbrand Þorláksson úr Húnavatns þíngi, Magnús Jónsson af Ströndum, Hrólf Sigurdarson úr Þíngeyar þíngi, Jón Þorláksson úr Múla þíngi, Jón Vigfússon eldra frá Hvoli, Dada Jónsson úr Kjós, Jón Vigfússon á Leirá, Jón Runólfsson ok Jakob Benediktsson: barst ekki annat á þá enn heitíngar einar á Þórd, voru hönum dæmdar tvær hýdíngar, enn Jóni syni hans ein. Önnur mál voru smærri. Þar var lesit upp veitíngarbrèf meistara Þórdar, fyrir biskupsdæmi eptir meistara Brynjólf biskup. Jóni Vigfússyni, sýslumanni á Leirá, vard þar sundrorda vid Jóhann Klein

umbodsmann, er hann var nýlega kominn út, lèt hann þá þegar eptir alþíng stefna hönum til Heyness á Akranesi, fyrir dóm Sigurdar lögmanns, hinn 3dja dag ágústi mánadar, sóru þá Þórdr Grímsson ok Þórdr Erlendsson lögrèttumenn frammburd Torfa, einnin Hannes Teitsson ok Gudmundr Jónsson, at ekkèrt sýnilegt mark hefdi verit á rullum þeim, er um var deilt, þá þær voru á land fluttar, nema þat er þær höfdu úr Hollandi, enn sýslumadr gat ei sannad sína sögn, var þá dæmt, at hann hefdi brotit af sèr lèni sitt, ok lögsagnarar þegar settir í sýsluna; því kaupskapr vid utanríkis menn var þá mjög hardlega bannadr, ok þúngt vidlagt, enda Sigurdr lögmadr enginn fylgismadr hans. Umbodsmadr fór utan aptr hid sama sumar. Þá voru ok mál med Birni Pálssyni ok Jóni Eggèrtssyni, enn Þorleifr lögmadr Kortsson samdi med þeim; einnin med Birni Magnússyni ok Magnúsi Jónssyni, systursyni hans, er átti Gudrúnu Þorgilsdóttur frá Brimilsvöllum, ok lögmadr vard sídan, ok fèllu þau mál nidr. Mikit tók vída á því ári af túnum ok engjum fyrir skridaföllum. Þá kvæntist Jón eldri, son Sigurdar lögmanns frá Einarsnesi utanlands, enn hèr á landi Gudbrandr Jónsson úr Vatnsfirdi ok Páll Torfason frá Kyrkjubóli, sýslumadr, hann fèkk Gróu, dóttur Markúsar Snæbjarnarsonar frá Ási í Holtum; hann taldi sèr þá hundrad hundrada í fasteign ok hundrad hundrada í lausafè, ok gaf 60 hundrud í tilgjöf, enn Gróa fèkk heiman 100 hundrada ok jafnt í lausu. Páll var athafnamadr; þessi voru börn þeirra: Snæbjörn, er sídan verdr getit, Magnús, Þorsteinn í Búdardal ok Teitr prestr, fadir Jóns biskups. Einar prestr Torfason fèkk þá ok Ragnheidar Jónsdóttur frá Midhúsum, Magnússonar, Arasonar, hún var systir Magnúsar Jónssonar, þeirra börn voru Þórunn, Einar ok Gudrún, enn Isleifr Þórdarson frá Reykjum fèkk Önnu, annarar dóttur Markúsar í Asi. Þat hafdi verit sidr í 17du öld, at gamanvísur voru kvednar til allra brúdkaupsmanna fyrir vítabikar, ok fundit nokkud óhæversklegt hverjum til, ok mjög alvörulaust, ok kalladar vítavísur, ok tídkadist þat þá enn. Þá bjó í Hrappsey í Breidafirdi Arni Jónsson, hann var á sjó, ok dró flydru hina sömu tvisvar, ok missti hennar aptr, enn þridja sinn undir bord, ok fèll þá daudr nidr, enn þarnærst eptir drógu hásetar hina sömu flydru. Skiptapi vard í Höskuldsey, ok týndust tveir menn, ok vída urdu menn úti eda druknudu. Orm þóttust menn sjá í Lagarfljóti, ok þvílíkast

um haustit sem tvo hólma; enn annat smærra, er tilbar á þeim missirum, hyrdi eg ei at rita, ok þó líklegt at margt sè undanfellt, sem merkilegra er enn sumt, þat sem talit er; því fáir skrásettu þá tilburdi, sem skyn vissu á um allt land, þó af mörgu sè ljóst sagt í munnmælum einum.

XLVII Kap. Frá meistara Brynjúlfi biskupi.

Nú kemr vetr, ok er mjög hardr eystra, enn hinn bezti fyrir
1673 sunnan land; urdu þar miklir hlutir, enn litlir fyrir nordan. Peníngafellir vard í nordrsýslunum. Hafskip komu snemma, ok konúngsbrèf, at fángar, sem brjótast úr járnum, missi líf sitt. Fátt var stórmæla á þíngi. Bergr í Þorlákshöfn, son Benedikts Þorleifssonar í Búdardal sókti þar ordamál. Jóhann Klein umbodsmadr kom út um alþíng med konu sína, ok ól hún hèr sveinbarn; enn um sumarit hafdi andazt úr sótt Þórdr Dadason, dóttурson Brynjúlfs biskups, 11 vetra gamall, ok gott mannsefni; var þá úti allr hans afspríngr, ok snerust mjög þánkar hans frá veraldar umsýslun, til at rádstafa efnum sínum, sem hönum líkadi; var Torfi prófastr Jónsson í Gaulverjarbæ þá helztr hans frænda, ok verit hönum jafnan eptirlátr, ok nú nálægastr til adstodar hvervetna, þar sem þurfti; fyrir því gaf hann hönum eptir sinn dag, ok testamenteradi med konúngsleyfi, allt sitt aflafè fast ok laust, enn erfdafè sitt, 50 hundrud í jördum, skyldu nánustu frændr taka, ok hlutu þeir þat Þorleifr ok Gissr prestr; enn barni þessu Jóhans Kleins er getit var, gaf hann bækr sínar latinskar ok griskar, ok á útlendum túngum skrádar; hugdu lærdir menn alla bókhlödu hans ei minna enn þúsund dala verda, medan hún stód heil, enn margt sundradist; gaf hann ok mörgum lærdum manni bók. Islenzkar bækr sínar, sögur ok frædibækr, gaf hann frændkonu sinni Helgu Magnúsdóttur í Brædratúngu, ok Sigrídi Halldórsdóttur í Gaulverjabæ til helmíngaskipta. Hann rádfærdist þá einnin vid lögmenn ok lögrèttuna, hvert eigi mundu óhætt, at afhenda inventaríum stadarins vícebiskupinum, meistara Þórdi, eptir samníngi, enn þeir kvádu sèr þat sýnast.

XLVIII Kap. Tilburdir.

Nú andadist frú Ingibjörg Benediktsdóttir at Hólum, kona Gísla biskups, ok meistari Gísli Vigfússon á Hofi, skólameistari. Þá var gott sumar, enn graslítit. Eyólfr Arason hèt madr fyrir nordan, er hengdr var fyrir peníngastuld frá Vilhjálmi Arnfinnssyni. Skip týndist med 6 mönnum úr Vestmannaeyum, annat med 8 mönnum á Vestfjördum, ok þrír menn á Akranesi. Þorvardr Runólfsson frá Brennistödum, Sigurdarsonar frá Einarsnesi, frændi Sigurdar lögmanns ok bródir Jóns sýslumanns, var uppödslumadr, hann átti Þórunni Eggèrtsdóttur, Hannessonar frá Snóksdal, hann reid út í Haukadalsvatns ós í dölum í öli, ætladi at hitta vinkonu sína, ok druknadi þar. Margir urdu einstakir mannskadar. Bjarni Sveinsson, er getit hafdi barn vid Sigrídi Þórdardóttur, systur konu sinnar, var höggvinn á alþíngi, enn henni var drekkt í hèradi. Mál Margrètar, dóttur Jóns Eiríkssonar, er hann hafdi naudgat, at því er menn vildu sverja, var sett til konúngs nádar. Enn stód þá yfir hórdómsmál Þórdar Þorlákssonar, er prestr var, því hann vafdi þat mjög, bjó hann þá at Stóruborg. Skip týndist í Hænuvík, ok fórust 4 brædr, svo at fadir þeirra horfdi á, ok barst af aumlega, enn adrir 4 voru heima. Kona skar sig í Laugardal, enn madr, sá er þar bjó, átti dóttur hennar, hún skar sig litlu sídar. Þá deydi Þorlákr prófastr Bjarnason at Helgafelli, ok Þorbjörn prestr Einarsson á Raudasandi, einnin Arni prestr í Vestmanna-eyum, son Klásar Eyólfssonar. Jón Vigfússon frá Leirá fór utan med mál sitt, til at fá uppreisn, ef hann mætti; kom hann sèr framm ok því, vid Pètr Griffenfeld, höfud-kancellera, er í þann tíd hófst yfir adra menn, sakir lærdóms síns ok vitrleiks, ok hann kom hönum á framfæri; sat hann þar um vetr. A þeim vetri nokkru fyrir jól, setti meistari Brynjúlfr upp skilmála sína í Skálholti vid meistara Þórd Þorláksson, enn hann ritadi upp nokkrum dögum sídar. Þá tók snjóflód bæinn á Klifstad austr, adfángadag jóla, ok Þorvard prest Arnason, hann var merkilegr lærimeistari, ok fadir Arna prófasts at Þíngvöllum í Þíngvalla sveit.

XLIX Kap. Hardindi ok ýmsir tilburdir.

1674 Þessi vetr var þúngr med miklum frostum nordan ok austan land, enn hey höfdu ónýzt sumarit fyrir af votvidrum sífeldum, af því vard þat, þó lengi hefdi allárgott verit, med því at þá var hagnadr minni vidhafdr, eda varúd um kvikfènad enn á vorum dögum, at peníngafellir gjördi mikinn, ok þvínærst húngr ok manndauda, ok mest fyrir nordan Vadlaheidi; strádó nidr bædi fè ok menn, ok lögdust margir bæir í audn, fylgdi þarmed fiskleysi ok öll óáran; dóu 230 menn í Vopnafirdi, ok eyddust 14 bæir, enn á Hofi urdu eptir tvær kýr ok 6 ær, ok svo vidlíka á ödrum hinum betri bæum. A bak páskum hófst þó manndaudinn mest, ok hèlzt árit allt, enn þá taldist at dæi 11 hundrud í Þíngeyar þíngi úr húngri ok vesöld, enn 14 hundrud í Múla þíngi; margt vard ok úti á heidum. Var enginn gródr kominn í fardögum, ok aldrei fór klaki úr jördu á því sumri; var þess vors hörku vidbrugdit alla stund sídan. Ekki vard fyrir hestleysi sakamanni komit úr Þíngeyar sýslu til alþíngis. Þó var hinn mesti fiski-afli fyrir sunnan ok vestan, 15 hundrada hlutr fyrir vestan jökul, ok nær því í Gardi sudr. Þar urdu tveir skiptapar med 9 mönnum. Eptir fardaga linnti frostum ok hrídum, vard sumar þurt, ok grasvöxtr lítill. Komu engir at austan til þíngs, enn fáir at nordan. Þá var prentat á Hólum Odds bænabók, *Examen Catecheticum*, ok frædasálmar Jóns prests Einarssonar. Þann tíma andadist Jón prófastr Arason í Vatnsfirdi, hann átti eptir margt afkvæmi: Gudbrandr prófastr, son hans, tók Vatnsfjörd; annar var Magnús í Vígr, fadir Þorbjargar, er átti Páll Vídalín; þridji son hans var Oddr, er seinna var á Reynistad, fadir Gudrúnar, módur Gísla biskups Magnússonar ok systkina hans; 4di Sigurdr prestr, fadir Sigurdar prests at Holti í Önundarfirdi; 5ti Ari, hann jók ok ætt sína. Dætr Jóns prófasts voru Helga, er átt hafdi Teit Torfason, enn sídan fèkk hennar Þorsteinn prestr Geirsson í Laufási, lærdr vel; Ragnheidr, er átti Torfi Jónsson frá Flatey, Torfasonar sýslumanns frá Bardaströnd; önnur Ragnheidr, er giptist Gísla biskupi Þorlákssyni; ok Anna digra í Vídidalstúngu, kona Olafs prests Þorvardssonar. Fèkk Gísli biskup Ragnheidar á þessu sumri, enn meistari Þórdr, bródir hans, Gudrídar, dóttur Gísla sýslumanns at Hlídarenda, hins göfugasta manns, Magnússonar

lögmanns, Bjarnarsonar, var þeirra hóf haldit at Hlídarenda at Gísla med mikilli rausn. Enn þat vard um Hólmfrídi, ekkju Jóns prófasts Arasonar, ok börn hennar hin ógiptu, at þau fóru nordr med Gísla biskupi, ok mannadi hann þau. Oddr fór ok med hönum, ok vard rádsmadr at Hólum, enn sídan útvegadi hann hönum Reynistadar klaustr; hann var mikill ok feitr, svo at hestar báru hann ekki, medan hann lifdi at munum sínum, ok af því var hann kalladr hinn digri.

L Kap. Frá málum, brèfum ok þíngi.

Jón Vigfússon, Jónssonar lögmanns, Sigurdarsonar, bjó í Lögmannshlíd, ok var þá sýslumadr í þíngeyar þíngi fyrir 6 árum, er hèr var komit, med Hrólfi Sigurdarsyni. A þessu sumri kom út Jón Vigfússon frá Leirá med brèf Kristjáns konúngs 5ta, er Griffenfeld kancelleri hafdi útvegad hönum, at hann skyldi vera vícebiskup á Hólum, ok taka vid eptir Gísla biskup þorláksson, var þó misrædt um af sumum, hversu brèfit væri tilkomit; í því brèfi eru nefndir amtmenn í stiptinu, hefir ok Henrik Bjelke kalladr verit befalíngsmadr, ok ætla eg allt sè eitt ok hid sama, þó amtmanna nafn yrdi eigi algengt hèr fyrr enn eptir Henrik Bjelke. Annad brèf var til meistara Brynjúlfs, at hann skyldi vígja Jón; hafdi hann ok fengit meistara nafnbót, ok vígdi meistari Brynjúlfr hann biskupsvígslu í Skálholti; þat þrennt hafdi aldrei sked hèr á landi, at sýslumadr vard biskup, ok at biskup var vígdr hèr, ok at fjórir voru biskupar samlendir undir eins, settist meistari Jón at Leirá, ok lifdi af eignum sínum um hríd. Konúngsbrèf kom enn um bænadaga; annat um ófrjálsa útlenzka kaupmenn; ok enn um prestatillagit, getr þess seinna. Jakob Benediktsson bar framm á alþíngi galdramál Bödvars þorsteinssonar af Snæfellsnesi, um hindran á afla skips Bjarnar prófasts Snæbjarnarsonar at Stadarstad; hafdi Bödvar medgengit þat í hèradi, enn kvadst sídan hafa á sig logit; var hönum borin ill kynníng, ok var hann brendr, ok annar Páll Oddsson úr Húnavatns þíngi. Jón Eggèrtsson sókti þar Björn Pálsson, ok var því vísat heim. þar var mál med Jóni presti á Mýrum Halldórssyni, Marteinssonar, ok Vigfúsi Jónssyni at Leirulæk; ok Eggèrt Bjarnarson frá Skardi flutti þar framm fjölkýngis merki ok annat. Kom ok enn fyrir mál Margrètar,

dóttur Jóns Eiríkssonar úr Múla þíngi; ok getit er þar dóms Benedikts Halldórssonar úr Skagafirdi. Drekkt var konu nordlenzkri, er undankomst hid fyrra árit, ok barn gat vid systurmanni sínum. Ok enn bar þat til, at madr stakk annann med staf í fótinn í Húnavatns þíngi, kom í blástr, ok fèkk sá bana er stúnginn var, enn hinn fèkk fordat sèr. Ekki voru þá tídir umskiptasamar í þann tíma, hverki at háttum nè hugferdi manna eda tilburdum. Á þeim missirum er getit þorsteins prests Olafssonar í Miklagardi, er marga sálma orkti, ok mjög undir ókendum lögum.

LI Kap. Frá biskupum, ok för þórdar biskups í Skálholt.

Nú kom út ljósahjálmrinn mikli í frammkyrkju í Skálholti, er Brynjúlfr biskup hafdi látit steypa, sá vóg nær 12 fjórdúngum, enn kostadi 32 dali, átti kyrkjan þaraf brotakopar fyrir 11 dali; hann hafdi ok tillagt altarisflösku af silfri, er vóg 24 dali, enn setti hana 20 ok 8, enn þá voru allir peníngar heilir silfrdalir í þann tíma, er svo voru taldir; einnin fèkk hann kyrkjunni mörg ornamenta í messuklædum ok ödru, fyrir fornt ok ónýtt. Hann virdi byggíngarkostnad hennar eptir reikníngum fyrir fjögr hundrud hundrada ok 30 hundrud á landsvísu. Hann tók þetta sumar vid brèfi Kristjáns konúngs 5ta, þar hann segir at Herra Henrik Bjelke til Ellingegaard, riddari ok annad er hann telr af nafnbótum hans, hafi lagt inn dali 1721 ok tvö mörk fyrir óbrúkanlegt inventaríum af Islandi. þat var þó miklu meira, er hann tók vid eptir Eirík Múnk; fyrir þat lagdi konúngrinn út til Skálholts biskupsdæmis ok fátækra prestakalla jardir þessar undan Skridu klaustri: Fagradal í Jökulsdal 10 hundrud med 60 álna landskuld ok 2 kúgildum, Hvamm 20 hundrud med hundrads landskuld 2 kúgildum, Eiríksstadi 20 hundrud, med hundrads landskuld einu kúgildi; Skeggjastadi 20 hundrud, med hundrads landskuld ok einu kúgildi; Kolmúla í Fáskrúdarfirdi med hundrads landskuld ok einu kúgildi, Kross í Mjófafirdi med húndrads landskuld ok 4 kúgildum, Selamýri í Lodmundarfirdi 10 hundrud, med 20 álna landskuld ok 3 kúgildum, Austrdal 20 hundrud med hundrads landskuld ok 4 kúgildum; Brimnes 20 hundrud med hundrads landskuld ok 4um kúgildum; Karlskála 20 hundrud med hundrads landskuld ok 3

kúgildum; Krossanes í Reidarfirdi 13 hundrud 40 álnir med 40 álna landskuld ok 3 kúgildum; Arnarstadi í Breiddal 10 hundrud med 60 álna landskuld ok hálfu ödru kúgildi; skal þat jardagóts ætíd liggja undir Skálholts stipti, enn afgjöld þess prestum í fátækum prestaköllum til uppheldis, sem biskup skal hvert ár rèttilega útskipta. Þetta brèf konungs med egin hendi hans ok innsigli afhendi meistara Brynjúlfi biskupi Jóhann Klein umbodsmadr, höfudsmannsins vegna, til at gjöra skíra skilagrein á því kyrkjugjaldi, ádr Brynjúlfr biskup skildi vid biskupsdæmit, ok samankalladi til Bessastada hinn 28da dag Júlíí meistara Þórd Þorláksson vícebiskup, tvo prófasta ok 9 presta, ok lèt þá taka saman þann reikníng allan, ok ritadi med þeim undir gjörnínginn. Meistari Þórdr hèldt Hof í Vopnafirdi til þessa, til uppheldis sèr, ok hafdi þar umbodsmann sinn ok kapellán, enn nú afhendi Brynjúlfr biskup hönum Skálholts stad ok stipti, var þó ei Þórdr biskup vid sjálfr, heldr tók vid hans vegna Halldór Jónsson, er seinna vard prestr á Stad í Grindavík, rádsmadr í Skálholti, bródir Halldórs prófasts í Reykholti. Afhendi meistari Brynjúlfr inventaríum kvikt ok daudt, ok í sumum greinum miklu meira ok yfirfljótanlegra, enn hann hafdi sjálfr vidtekit: hafa menn ætlad, at slíkt yfirmál skyldi annadhvert koma í reikníng milli sjálfra þeirra biskupanna, eda meistari Brynjúlfr hafi ætlad sèr þat til athvarfs seinna, ef vidþyrfti, voru þat mest smjör, katlar ok hey, því ótrúanlegt hefir virdst, at hann hafi ofþýngja viljad eptirkomendum sínum med nýu inventaríó, þar sem hann lètti því á sjálfr fyrri. Hann lèt færa í eina reikníngsbók, med degi ok dató ok undirskriftum vissra, manna sèrhvad eitt, sem hann afhendi, enn þat gjördi hann smámsaman ok ei allt í senn; ok öll þau skipti, sem hann hafdi gjört vid kyrkjuna ok stólinn, hvad hann hafdi innleyst, eda burtselt af óþörfu eda úrgengnu inventaríó, ok aptrlagt, ok útskriftir af þeim brèfum ok gjörníngum dómkyrkjunnar, er hann edr hans erfíngja mætti umvarda sídar; svo at sú bók skyldi vera skýlaust athvarf hönum ok hans erfíngjum, fyrir frekari útsvörun; enn hún komst at láni í annara hendr, ok spannst af ágreiníngr á dögum meistara Jóns Vídalíns; hann tilskildi sèr lítinn hlut af túni, engjum ok úthaga heima á stadnum fyrir lítit bú, ok húsrúm fyrir vinnufólk sitt, enn hafdi fyrir sig badstofu sína, er sídan var köllud midbadstofa, ok stúlkna-badstofu fyrir þjónustu-stúlkur hans. Fyrir framan portit

svo kallat lèt hann byggja sterkt hús med súd ok þili í gólf nidr, ok þiljat sundr í þrennt, bordhús, búr ok kjallara, med lopti yfir, ok sængum í, ok nordrstúkuna tók hann fyrir bækr sínar í kyrkjunni. Hann hafdi Hreppa umbod sèr til uppheldis 32 jardir, ok eitt hundrad (stórt) 53 leigu kúgilda, med landskuldum 43 hundrudum, ok Skipholtsbúit, ok nokkrar skipstödur vid sjó. Þá reid hann seinast á alþíng, er næst var þess getit, ok hèldt sýnódum generalem med meistara Þórdi, ok ádr upp var sagt, lèt hann lesa uppgjafarbrèf sitt vid meistara Þórd, kvaddi svo fyrst kennidóminn med handabandi, ok sídan alla landsyfirmenn, er þar voru samankomnir, ok vini sína, skildu þeir vid hann med trega ok tárum. Þar segist Jón prófastr Halldórsson hafa sèd hann, 9 vetra gamall, ok verit þá í sveit med 9 eda 10 sveinum úngum, er seint um kveld bidu fyrir nordan Þíngvalla kyrkju eptir fedrum sínum ok húsbændum, er inni voru hjá biskupinum til skilnadar. Hafi þá meistari Brynjúlfr komit einnsaman til þeirra nokkud gladr, heldr óvörum, ok spurt hinn fyrsta, er hann heilsadi, at ætt ok nafni ok forfedrum hans, þar til er sá fèkk ei lengr svarat, enn baud hönum at horfa beint uppá sig á medan; sídan hafi hann spurt hvern at ödrum med sama hætti, ok Jón Halldórsson seinast, því hann var ýngstr; öllum hafi hann sagt þeim nokkud at skilnadi, ok klappad í koll sèr ok mælt: veldr elli mèr, enn æska þèr, þú ofr úngr, eg ordinn gamall, at þú hafir nokkut gott af mèr; gengit sídan at tjaldi sínu. Ok ætla eg at Jón hafi þá verit med Halldóri prófasti í Reykholti, födur sínum, Jónssyni, Bödvarssonar. Hólmfrídr var módir Jóns, sem köllud var prófastamódir, dóttir Hannesar Helgasonar prests frá Melum, Eyólfssonar. Þat ár allt sátu biskupar bádir í Skálholti med kærleikum, ok hafdi Þórdr biskup meistara Brynjúlf í virdíngu sem födur sinn, ok leitadi hans ráda ok atkvæda í öllum hinum stærrum efnum: hann virdi hann ok aptr á mót í öllu sem rèttan biskup, enn hafdi skemtan af at gjöra þeim til góda, sem hans fund sóktu, ok hèldt svo virdíngu sinni til enda.

LII Kap. Mannalát.

A þeim missirum öndudust prestar nokkrir: Jón prestr á Hjalltabakka, son Þorgeirs, er eitt sinn bjó at Ketu á Skaga, Steinssonar,

Þorgeirssonar á Grund í Svarfadardal, er verit hafdi sveinn Jóns biskups Arasonar, hann hafdi verit þríkvæntr, ok var seinasta kona hans Gudrún Steingrímsdóttir frá Hofi í Skagafjardardölum, er Steingríms ætt er vidkennd, Magnússonar, ok alls átti hann 34 börn, var einn son þeirra Gudrúnar Steinn, er sídar mun getit; Eiríkr prestr Þorsteinsson á Krossi var annar; Hallgrímr prestr Pètrsson, er fyrr var í Saurbæ, var hinn þridji, hann andadist hinn 27da dag októbris mánadar sextugr at aldri, hefir verit settr legsteinn eptir hann ok letr á fyrst á vorum dögum, ok hefir jafnan þótt mikils verdt um hann; var þá í Saurbæ Hannes prestr, son Bjarnar Gíslasonar, bródir Sigurdar landþíngskrifara; Vigfús prestr Helgason, Vigfússonar, Jónssonar í Kalmanstúngu, Grímssonar, var hinn fjórdi, hann hafdi lengi verit prestr vid Hellna, ok verit mikill fyrir sèr, var hann fadir Helga, sem datt framm af Stapaklettum, ok Arna lögrèttumanns at Heydalsá, födur Vigfúsar, födur Sigurdar; hinn 5ti var Klás Eyólfsson í Hólmum, nírædr at aldri.

LIII Kap. Tídindi ok þíng.

Þá gjördi frostavetr medallagi hardan, voru hardindi mikil í 1675
Húnavatns þíngi, ok allvída fyrir nordan; þá týndist skip á Hjallasandi, ok 5 menn undir jökli, 10 menn alls. Kristján konúngr seldi þá Henriki Bjelke höfudsmanni margar jardir á landi hèr, enn hans erfíngjar seldu íslenzkum sídar. Þá var prentadr á Hólum Les-saltari Davids, ok um höfudgreinir trúarinnar. Gekk þá mikil sótt þau missiri fyrir nordan. Týndi sèr í Hörgá kona Eyólfs Bjarnarsonar á Hallfrídarstödum í Myrkár sókn, hún var sturlud. Utkljád var þá hórdómsmál Þórdar Þorlákssonar á Stóruborg, ok höfdu ádr verit prestastefnur margar, vard hann þá med öllu frá prestskap, enn sídan krenktist hann af líkþrá, margt er frá hönum komit; hann átti Þóru, dóttur Páls Gíslasonar at Hvanneyri, voru þeirra börn: Gísli, Hólmfrídr, er átti Steffán prestr Hallkelsson, módurmódir Vigfúsar prests at Miklaholti ok Arngríms prests á Melum, ok Eyólfs Jónsoníuss, Oddný, Gudrún, Sigrídr, módir Gudmundar Lýdssonar. Mjög margt er frá systkinum hans. Fiskitekja var gód sydra ok vestra, þegar áleid vetrinn, tók sídan at batna árferdi fyrir nordan land, enn sydra gjördi vott sumar, ok

skemdust hey nálega á hverjum bæ. Þá lèt Gunnlaugr prestr Sigurdarson í Saurbæ nordr Mödrufells hospital af hendi vid Hrólf Sigurdarson sýslumann, þar var Bjarni prestr á Grund vid, son Halls Bjarnarsonar, ok Gudbrandr Þorláksson. Jón prestr á Saudanesi ok Amundi Þormódsson í Skógum urdu brádkvaddir; Amundi var frændi Þorleifs lögmanns. Þá andadist Ormr Vigfússon í Eyum, hann hafdi fyrrum haft um hríd sýslu sunnan Hvítá, ok þótt mikilmenni, skorti hann vetr á tírædan, lifdu þá 8 menn hins 10dą tugar af hans afkvæmi; Vigfús Jónsson á Kalastödum, fadir hans, var bródurson Alexíuss ábóta. Hákon landþíngskrifari, sonr Orms, var laungu dáinn, ok átti ei barn; Þórdr átti Ingibjörgu, dóttur Gudmundar Gudmundarsonar ok mörg börn; Ingibjörg átti Björn, son Gísla Bjarnarsonar fyrrum, ok var Sigurdr landþíngskrifari ok Hannes prestr í Saurbæ af þeirra börnum; Kristín átti Sigurd, son Gudmundar Gudmundarsonar, ok börn mörg; Jórun átti Jón prest Oddsson í Skrauthólum, þeirra börn voru mörg: eitt var Arni, fadir Gests prests á Kjalarnesi, födur Þorláks, födur Gests prests; Gudrún átti Gudmund Narfason á Hálsi í Kjós, ok margt afkvæmi; Gudrún önnur átti Halldór prest Ketilsson, Olafssonar prests frá Saudanesi, Gudmundarsonar; þeirra son einn var Ketill prestr á Asum, fadir Arna prests, födur Halldórs prests at Húsafelli, födur Bjarna sýslumanns ok hans systkina; Gudrún þridja átti Asbjörn Gudmundarson, er konúnginum gaf Olafsvík; Vigfús átti Ragnheidi, dóttur Gísla Bjarnarsonar, ok börn; Domhildr átti Arna, son Halldórs Marteinssonar á Alptanesi, ok er þadan ætt; Asta átti Gudmund prest Bjarnason í Laugardal, af Dada ætt; Gudrídr ok Þurídr áttu eigi börn eptir. Mikit fólk er komit frá Ormi; voru börn hans 17, enn barnabörn 7 hins áttunda tugar, ok þeirra börn 104, er öll voru alin, ádr hann deydi. Margt fólk er ok komit frá Illhuga, bródur hans, á Kalastödum, er átti Sessilíu Arnadóttur, þau voru hans börn: Vigfús prestr á Setbergi, er margt fólk er frákomit; Einar prófastr at Vindási í Kjós, fadir Einars prests í Gördum, ok Snæbjarnar prests; Einar prófastr átti dóttur Eiríks Pálssonar í Asgardi, enn Vigfús prestr Bergljótu, dóttur Lopts prests Skaptasonar, systur Jóseps prests á Olafsvöllum. Þórarinn, hann átti Þorbjörgu, dóttur Gísla Bjarnarsonar, ok afkvæmi margt. Jón í Lóni, hann átti Hallvöru, systur Þorgils á Brimilsvöllum, þeirra synir voru Bjarni, er Þorgils mannadi, ok

sídan vígdist til Magnúsar prests Jónssonar at Breidabólstad austr, enn dó at Melum í Borgarfirdi, ok Steindór. Nikolás kvæntist einnin ok átti börn. Jórun átti Gudmund prest á Þæfusteini ok margt afkvæmi. Gudrídr ok Ingibjörg voru enn. Þessir öndudust þá enn: Sigurdr prófastr í Stafholti, son Odds biskups; Þorsteinn prestr fyrrum á Utskálum, er lengi lá í kör; Jón prestr Bessason á Saudanesi, hann var gamall, enn sonur hans, er kapellán var, vakti hann til tídagjördar einn sunnudag, ok þóttist hann ofsnemma vaktr, kvad sig dreymt hafa, at hann væri kominn í nokkurn stad, ósegjanlega yndislegan, flutti sídan embætti, ok er kyrkjumenn höfdu kvadt hann, hneig hann daudr nidr á hladinu litlu sídar. Bessi prestr var son hans, fadir Jóns, ok Kristjáns prests á Saudanesi, födur Kristjáns prófasts. Margrètar máli at austan var skotit til konúngs nádar á þíngi, ok samþykktr brennudómr Þorleifs lögmanns Kortssonar yfir Magnúsi Bjarnasyni, galdramanni, úr Húnavatns þíngi, enn annar dómr dæmdr um Lassa Didriksson af Bardaströnd, ok voru þeir brendir. Hafdi Lassi ei fengit undanfærslu, sem þá þótti þurfa, enn margir ætludu þó, hann mundi vera saklítill eda saklaus; hafdi Eggèrt Bjarnarson hinn ríki fylgt fast at hans dauda, enn hann medgekk aldrei; var svo kveikt bál á alþíngi, ok kom regn mikit, svo sloknadi þrisvar at mestu; enn sídan, er hann var brenndr, reid Eggèrt af þíngi, ok braut fót sinn, ok fèkk ámæli af mörgum manni. Margt hafdi Eggèrt sýnt af galdrablödum, ok margt var þar fjölkýngismála. Þar kom enn dómaraverk Benedikts Halldórssonar úr Skagafirdi, ok undanfærsla Hallgríms, bródur hans, undan galdra áburdi Markúsar Olafssonar á Breid. Þar voru ok barngetnadarmál nokkur; ok enn mál Vigfúsar á Leirulæk vid prestinn. Jón Eggèrtsson átti ok í málum. Lesit var þar konúngsbrèf um forbodna kauphöndlun. A því sumri fèkk Þorsteinn í Hjörtsey, Þórdarson prests í Hítardal, Arnfrídar, dóttur Eggèrts á Skardi, enn Björn, sonur Gísla Magnússonar at Hlídarenda, annarar, ok hèt sú Gudrún.

LIV Kap. Andlát Brynjúlfs biskups.

Meistari Brynjúlfr biskup hafdi haldit 6 eda 7 skólasveina á sinn kost um vetrinn í Skálholti; hann sagdi svo, at enginn madr mundi

verda hjá sèr, þegar hann andadist, ok þat mundi ske á 70ta ári hans, enn ella mundi hann mjög gamall verda; lèt hann þat þá vera hina helztu huggun sína, at nidjar hans voru undan hönum farnir í hvíldarstad ok sælu, enn hann laus vid allan vanda ok ábyrgd af stóls ok dómkyrkju-peníngum, ok hafdi rádstafat sínu, sem hann vildi, kvadst ei eptir eiga nema þat eitt, at leysa upp landtog hèrvistar sinnar, ok bída heimfararleyfis med Símeóne. Bar svo til um sumarit, at meistari Þórdr biskup reid í visitazíuferd vestr um land, um Strandir, Isafjörd ok Dali, fór med hönum at bón hans Halldór prófastr frá Reykholti; var þá Magnús í Ögri Jónsson, Arasonar, ok Astrídr, kona hans, adskilinn med dómi fyrir hórdóm hans; fór Þórdr biskup í visitazíu sinni, sem hann mátti at dæmum meistara Brynjúlfs; enn á heimleid sat hann á Skardi brúdkaup Bjarnar Gíslasonar ok Þorsteins Þórdarsonar, er þeir fengu dætra Eggèrts. Enn er hann var ridinn fyrir viku úr Skálholti, var fátt manna heima á stadnum, þá lagdist meistari Brynjúlfr, ok lá mánud, þó ei þúngt, var Einar Einarsson kyrkjuprestr helzt hjá hönum til skemtunar, ok mest um kvöld hins fjórda ágústí, ok um nóttina framm til aptrbirtu, var þá biskup kátr, ok miklu lèttari enn fyrri, sem hönum tæki at batna; ok er prestr var á brott genginn, baud hann Olafi Asmundarsyni, sveini sínum, at leggja sig til svefns um hríd, kvadst vilja sofna sjálfr; Olafr sá var son Asmundar á Hrafnabjörgum, Olafssonar prests at Saudanesi, Gudmundarsonar, ok var seinna prestr austr á Kyrkjubæ, ok átti Ingibjörgu, dóttur Bjarnar Pálssonar at Espihóli, var hann fadir Bjarnar í Bödvarsdal, ok hann sagdi þetta Jóni prófasti Halldórssyni, ok annad fleira. Biskup baud hönum at vitja sín aptr seinna, breiddi Olafr þá ofan á hann, ok hagræddi koddanum sem hann vildi, gekk sídan á brott ok til svefns, ok bad þá sem vöktu vekja sig eptir sólar uppkomu, ok var svo gjört; gekk Olafr þá í svefnherbergit, ok hafdi biskup snúit sèr til veggjar, ok lagt hönd undir kinn sèr á koddann, ok ætladi Olafr hann sofa mundi, enn er hann hugdi at betr, var biskup örendr; þat var á fimtudag hins 5ta ágústí, ok hafdi hann lifat 6 vikum fátt í 70 ára, enn verit biskup hálfan fjórda tug, ok þat ár lengr sem hann lifdi sídan hann lèt af stólnum. Lèt Torfi prófastr Jónsson gjöra útför hans sem virduglegasta, ok var svo mannmargt þar vid, at Halldór Jónsson rádsmadr, er forsagnari var grafarfarar,

vard at gánga úr kórnum um líkprèdikunina út, at rádstafa nokkru, ok komst þá ei framm um kyrkjuna fyrir þrengslum, fyrr enn hann lèt rydja med hörku gángrúm med sudr útbrotunum kyrkjunnar, ok komst út ofan undirgáng. Hverki hafdi meistari Brynjúlfr viljad láta grafa sig innan kyrkju, nè leggja grafstein á leidi sitt, kaus hann sèr legstad austr í kyrkjugardinum, sudr undan kyrkjubúdinni eda Þorlákskyrkju, þar hvílir hann, ok nærst fyrir sunnan Þórdr, dótturson hans, þá húsfrú hans, Margrèt, þá Ragnheidr, dóttir hans, þá hin ýngri börnin; lá hann einn utan kyrkju af Skálholts biskupum. Lèt Helga Magnúsdóttir í Brædratúngu, frændkona hans ok vinkona göfug, gjöra trèvirki velsmídad, med pílárum krosslögdum, ok málad raudt, kríngum legstadi allra þeirra, enn negla skjöldu á efri hluta verksins yfir höfdalagi hvers legstadar, med nöfnum þeirra; var silfrskjöldr sem mannslófi yfir höfdalagi biskupsins íhvolfr, ok greypt á M. B. S. S., annar jafnstór yfir húsfrú hans, ok á M. H. D. Messíngarskildir flatir yfir hinum med bókstöfum, ok krossar yfir þeim, er ei hlutu skírn. Stód þat um 30 ár eda lengr, enn fèll sídan nidr af vanrækt, ok veit nú enginn hvar meistari Brynjúlfr er leiddr. Telr Jón prófastr Halldórsson þat heldr óhöfdínglegt fyrir erfíngjann, at ekkèrt skyldi leggja af audi sínum, til at halda vid slíks manns minníngu, þar sem hann fèkk eptir hann nær 4 hundrud hundrada í jördum, ok þarmed fèmætt lausafè, er hann flutti úr Skálholti á 60 hestum, voru þó sængrföt, tin, messíng ok kopar ok húsbúnadr annar á 11 eda 12 af þeim; þótti ok mörgum sem erfíngjum Brynjúlfs biskups at lögum, fèlitlum fjölskyldumönnum, mundi sárnad hafa at missa slíks alls saman.

LV Kap. Frá ýmsu.

Nú gjördist hardr vetr ok stórvidrasamr, svo nálega vard aldrei 1676
róit fyrir sudrlandi til páska framm, gjördist þá bjargleysi ok sultr fyrir sunnan land, meir enn verid hafdi þar í manna minnum, svo sá á mörgum manni; enn skorpu gjördi stránga um sumarmál, voru þá skornar kýr ok ær; því hey var vídast undangengit. Segir Benedikt prestr at Hesti, at þá væri fargat frá lógunar tíma um haustit í Hvanneyrar ok Bæar sóknum 60 nauta; hlutadist ok

illa vorit allt. Þann vetr týndist bátr med 2 mönnum á Seltjarnarnesi, ok 6 menn af skipi á Gufuskálum. Prentad var á Hólum Thómas a Kempis*) um eptirbreytni Krists, hafdi lagt út Þorkell prestr Arngrímsson í Gördum, ok Pankratíuss postilla. Gudmundr Halldórsson hèt einn madr, er á þeim vetri stakk annann, er Einar Gudmundarson hèt, í sídu, med fleirum áverkum, enn særdi Ingimund, bródur hans, stórum sárum. Danskr madr, Adrian Múnk Jensson í Isafjardar kaupstad, lýsti Örnólf Jónsson í Hnífsdal gjörníngamann sinn ok bana. Konúngsbrèf kom um mútur, ef teknar væri. Galdramál smá komu á þíng at vestan, ok ýmisleg mál voru þar; Björn Magnússon sýslumadr stefndi þángat Ara Þorkelssyni, Gudmundarsonar, ok enn frammbar hann fleira, ok var lítt heyrdr. Þar er enn getit Benedikts Halldórssonar sýslumanns, ok Stokkseyrar brædra, Markúsar ok Gísla. Þar var dæmt Gudmundi, sem á brædrunum vann, at tvístíngast gegnum hönd, ok hýdast at auki, hann var úr Hegraness sýslu. Þeir voru þá sýslumenn í Borgarfirdi: Gudmundr Jónsson, bródir Sigurdar lögmanns, sunnan Hvítá; enn Jón, ýngri son Sigurdar, vestan, ok er þeirra getit í þíngbókinni. Mjög margt kom þá fyrir mála, ok voru flest smá. Arni Jónsson hèt borgfirzkr madr, er hengdr var fyrir þjófnad; annar úr Skagafirdi, hann hèt Bessi. Þá hófst ófridr millum Kristjáns 5ta Danakonúngs ok Karls 11ta Svíakonúngs; fyrir þá sök kom út konúngsbrèf, at haldast skyldi þrír bænadagar í landi hèr, hinn 30ta júníí ok 7da ok 14da júlíí, med föstu yfir sólarlag framm, ok hardlega forbodin vinna, ferdalag ok heimasetur frá kyrkju, voru settir vissir textar ok kollektur, ok ein bæn fyrir alla dagana, er lesa skyldi af prèdikunarstólum, bædi í hámessu ok aptansaung; enn af því at naumr tími var at kunngjöra slíkt, setti meistari Þórdr biskup þá seint á töduslætti; þeir voru ok uppábodnir hvert ár, ok haldnir stundum seint á sumrum, stundum á

---

*) Sá nafnfrægi latínski ritlíngr, *Imitatio Christi*, er í raun rèttri samantekinn hèrumbil 1240 af *Abbate Gersen*, múki í klaustri nokkru í Fridsælu á efra Vallandi, en *Tómas af Kempis*, þýzkr múkr, er hann er eignadr venjulega, mun einúngis afskrifari, er hefir sett nafn sitt undir, eins ok títt var í fyrndinni, og munu þýzkir fyrst hafa prentad bókina eptir hans afskrift, og þannig mistekit hann fyrir höfundinn; hvadan sú villa hefir dreifzt allvída.

R. Rask.

haustum edr öndverdum vetri lengi sídan. Grasvöxtr vard mikill um sumarit, enn mjög óþerrasamt. Þá var Griffenfeldt kancelleri dæmdr til dauda, enn fèkk þá vægd at setjast í æfinlegt fángèlsi, ok upptækt konúngi fè hans hid mikla, voru hönum færdar til margar sakir, enn þó var hann manna mestr þá í Danmörku; fèll þá mikil stytta Jóns biskups Vigfússonar at Leirá. Þá dó Þórdr prestr Þorleifsson á Þíngvöllum, bródurson Brynjúlfs biskups, ok Jón prestr í Arnarbæli Dadason, silfrsmids, Jónssonar á Svarfhóli, vard brádkvaddr, hann hefir ritat Gandreid, um grös ok steina, ok edli hluta, enn var frásneiddr allri galdratrú, þó sumir hèldi annat um þat, ok vel at sèr í lögum, fornfrædi ok ödru. Enn er þá getit Eiríks prests Halldórssonar í Höfda, þótti kveda at hönum, ok er talinn med ritsmidum, orkti hann ok eitt ok annad, þó sumt væri lítt vandad. Madr skar sig á háls á Hjallasandi, sá hèt Bjarni Snorrason. Misfarir urdu nokkurra manna, einn hèt Sigurdr Runólfsson, er druknadi í Haukadalsá, annar druknadi, Helgi Sveinsson, í Þíngvallavatni, enn Gudmundr Oddsson í Hvítá hjá Skálholti; verdr því slíkt at tína, at ei fæst annat merkiligra. Sótt gekk mikil, ok dóu midaldra menn. Jón Sigurdarson ýngri sýslumadr fèkk um haustit Ragnheidar Torfadóttur frá Gaulverjabæ, er hann gat barnit vid fyrri, því þat vannst hönum ei, medan Brynjúlfr biskup lifdi. Öndverdan vetr gekk sóttin mest, ok var sá vetr 1677 gódr, ok tók aldrei af nautjörd frá Pálsmessu á vor framm; urdu hlutir miklir austr med landi, ok í útverum, enn litlir á innnesjum; týndist eitt skip á Hjallasandi med 8 mönnum. Hardr þótti vetr fyrir nordan, ok vard vída fellir á hestum ok fè, hrakti ok fè vída; 10 tygi hrakti frá Undirfelli í Vatnsdal, ok sudr á heidar, ok sumt í Borgarfjörd, fannst margt daudt ok uppetit á fjöllum, ok urdu margir menn saudlausir nordr í sveitum. *Examen Catecheticum* var prentad á Hólum, Katekismuss-sálmar ok Diaríum Hallgríms prests Pètrssonar.

LVI Kap. Mannalát ok fleira.

Sigurdr lögmadr Jónsson í Einarsnesi tók sótt, ok andadist hinn 4da dag marzí mánadar, lá hann í 8 daga, ok hafdi lögmadr verit nær 14 árum, enn skorti vetr á sextugan. Hann var haldinn spek-

íngr at viti, ok sóktr mjög at málum um allt land, lítillátr vid alla, ör af fè, gjöfull ok gestrisinn, ok hèldt virdíngu sinni til daudadags; hann var grafinn fyrir framan altari at Borg; hann hafdi átta Kristínu, systur Þórdar prests í Hítardal, þeirra börn voru Jón, er nokkra stund bjó at Reynistad, ok hèldt hálfa Húnavatns sýslu, enn sídan at Bjargi í Midfirdi, ok átti Bentu Hansdóttur danska, þeirra börn voru Axel Fridrik, Sessilía ok Gudrídr. Annar Jón, son Sigurdar lögmanns, bjó í Einarsnesi, ok átti Ragnheidi Torfadóttur, sem sagt hefir verit, þeirra börn voru Þóra, Sigurdr á Hvítárvöllum, Magnús á Brennistödum, Torfi, Helgur tvær, Ragnhildr, Ragnheidr. Jón átti 3 launbörn. Gudmundr Sigurdarson lögmanns bjó á Alptanesi, ok verdr sídar getit afkvæmis hans. Þá gekk dómr at Skridu í Hörgárdal um Gísla Bjarnason, er misst hafdi prestskapar, ok Björn Magnússon sýslumadr heimti af skatt ok gjaftoll, enn Þorleifr lögmadr Kortsson vildi fyrst heyra ætlanir andlegra embættismanna, enn hann ályktadi um slíkt. Heldr tóku þá at aukast deilur med þeim Birni Magnússyni ok Jóni Eggèrtssyni. Þat sumar var tekinn til lögmanns Sigurdr landskrifari Bjarnarson, vildu menn engan annann hafa í kjörum, því hann þótti öllum best tilfallinn, nema nokkrum þótti hann eigi nóg audugr. Arni, son Geirs prests Markússonar í Laufási, vard aptr landþíngskrifari. A þíngi var upplesinn vitnisburdr Sigurdar lögmanns Jónssonar. Þar var brenndr Þorbjörn Sveinsson úr Mýrasýslu fyrir galdra, er hann medkenndi sig brúkad hafa, er þó ei getit hvört mein hann hafi gjört, enn stolit hafdi hann ádr til hýdingar ok brennimarks; ok annar Bjarni Bjarnason vestan úr Breidadal, hönum voru bornir gjörníngar, ok líflát þeirrar konu, er Ingibjörg Pálsdóttir hèt, ok fornt íllt rykti, ok fèkk hann ei eidamenn. Bessa Einarssyni þjóf úr Húnavatns þíngi vard dæmd hengíng. Arna Pètrssyni úr Bardastrandar sýslu var ok dæmd hýdíng fyrir þat hann flutti enskan mann í land. Önnur mál voru smærri. A þeim árum lèt Þorleifr lögmadr telja hèr landsmenn; voru 7 þúsund býli, enn fólk lítid yfir 50 þúsundir, ok vitu menn ei fyrri hafa talit verit. Madr hèt Oddr Olafsson á Svalbardi nordr, hann skutladi þá nokkra hvali á Eyafirdi, enn á hverju ári hnísur ok höfrúnga, sókti sá ok fast hákallaveidar, ok fèkk mjög margt af þeim; hálfan 5ta tug hinna stærri hvala fèkk hann einn missiri, ok hákalla at auki, ok átti þó opt þraung í búi. Þá lèt Bene-

dikt sýslumadr Halldórsson í þann tíma af sýslu, ok tók þorsteinn þorleifsson sýslu í Skagafirdi, enn Oddr Jónsson hinn digri Reynistadar klaustr. Enn öndudust þeir Gissur prestr á Alptamýri, bródir Brynjúlfs biskups, ok þorkell prestr Arngrímsson hins lærda í Gördum sudr, tveim vetrum midr enn fimmtugr, hann hafdi verit skarphygginn madr ok læknir, ok átta Margrètu þorsteinsdóttur, þeirra synir voru meistari Arngrímr Vídalín, skólameistari í Hnakkaskógi á Láglandi; ok meistari Jón Vídalín ok þórdr; ok ein dóttir, er átti Arni prestr þorvardsson á þíngvöllum. Einar prestr Einarsson, Illhugasonar, Vigfússonar, tók stadinn. þorlákr þorsteinsson hèt madr, er af var tekinn í Strandasýslu. þá druknudu 4 menn af skipi á Berufirdi, ok deydi snögglega Nikolás þormódsson, er haldit hafdi Kyrkjubæar-klaustr, ok Páll Magnússon á Akranesi. 4 menn druknudu af skipi á Vatnsleysuströnd, ok sá madr, er Filippus Jónsson hèt, í Markarfljóti. þá voru stuldir vída, ok urdu uppvísir þjófar á fjöllum, nádust margir, ok vard refsat; einn var hengdr í Steingrímsfirdi, hann hafdi brotit hús ok hyrdslur manna til fjár. Misfarir urdu fleiri á einstökum mönnum. þat haust fèkk Sigurdr lögmadr Bjarnarson Ragnheidar Sigurdardóttur lögmanns í Einarsnesi, ok voru þar at bodi nær allir virdíngamenn í Borgarfirdi,

LVII Kap. Frá ýmsu.

Annar vetr var í medallagi frosthardr, enn snjóalítill; var borit 1678
út barn í Eyrarsveit, þat gat madr vetri meir enn hálfsjötugr frammhjá konu sinni, hann hèt Bjarni Hallsson, enn kona hans Gudrún, ok Gudrún dóttir þeirra, vid henni gat hann barnid, ok hjálpudust þau öll at útburdinum, voru þau fedgin sídan tekin af, enn konunni refsad. Brann bær at Bakka í Vatnsdal, enn 2 menn urdu fyrir snjóflódi í Fljótum; 9 menn urdu á skiptapa á Midnesi, enn 4 á Akranesi, 14 menn týndust af tveimr skipum vid Landeyar, hid þridja rak til Vestmannaeya, enn Enskir, er umsigldu, björgudu hinu 4da. þá var mikid peníngatjón í Bardastrandar sýslu, hardt vor ok útmánudir, enn gott árferdi fyrir austan; hlutir voru 3 hndr., ok allt at 8 á Sudrnesjum. þá voru prentadir á Hólum sköpunarbókar-sálmar, ok píslarprèdikanir, er útlagt hafdi Jón prófastr Arason. Manntapar einstakir urdu nokkrir;

voru þau missiri haldnir þrír bænadagar. Þá deydi Halldór prófastr Dadason í Hruna, ok á annann í hvítudögum, er þá var 9di júníí, var grafin Jórunn Einarsdóttir, Þórdarsonar lögmanns, er átt hafdi Þorsteinn prestr Tyrfíngsson, ok módir Einars prests í Múla, at Flugumýrar kyrkju; þar tók Gunnlaugr prestr Þorsteinsson í Vallholti sótt, ok reid heim, ok dó 2 dögum seinna, er mælt hann hafi opt bedit gud, at láta sig ei hafa lánga banasótt, ok var 3 vetrum betr enn sjötugr. Halldór Jónsson ýngri frá Reykholti tók þá vid Stad í Grunnavík, hefir hann einn útlagt aldarhátt Hallgríms prests Pètrssonar, ok voru þá fáir svo færir at þat gæti, því fornfrædavísindi voru fyrst farin at koma upp aptr þá í öld.

LVIII Kap. Þíng, mál ok tídindi.

Arni prestr Loptsson, Arnasonar, bjó þá í Gerdi í Hvamms sveit, ok hafdi ekkèrt kall, enn Rögnvaldr mágr hans, son Sigmundar í Fagradal, Gíslasonar, Jónssonar á Svarfhóli, bjó í Fagradal, lifdi þó Sigmundr fadir hans, ok var hann gamall mjög. Rögnvaldr bar uppá Arna prest, at hann hefdi med fordædu ok fjölkýngi hleypt þvíngunarsömum veikleika á sig ok Ragnheidi Torfadóttur, Snæbjarnarsonar, konu sína, ok drepit peníng sinn ok píndan suman med göldrum, ok stefndi Arna presti til alþíngis, fyrir meistara Þórd, kom ei Arni prestr þar at því sinni. Sigurdr, son Pálma Henrikssonar, gjördist þar lögrèttumadr í stad Arnórs Asgeirssonar. Var þar talat um at þíngmenn kæmi ekki, ok sýslumenn skyldadir at sækja jafnan þíng er mætti. Þar voru dæmd til dauda Eyvindr Jónsson ok Margrèt Símonardóttir úr Arnessþíngi fyrir hórdóm ok útileguþjófnad, ok líflátin, enn Magnús Benediktsson ok Klement Ulfsson úr Húnavatns þíngi til hýdíngar fyrir galdramedferd, einnin Þórdr Gudmundarson úr Arnessþíngi fyrir galdrablöd. Gudrúnu á Frodastödum var dæmd hýdíng fyrir uppnefni; annari konu fyrir illa vöktun á barni. Jón Sigurdarson gjördist sýslumadr í hálfri Húnavatnssýslu, ok Jón Þorleifsson klaustrhaldari. Fleirum voru hýdíngar dæmdar, einn þeirra hèt Jón Nikolásson, hann hafdi sagt í öli, at Kristján 5ti konúngr vor hefdi átt tvö börn frammhjá. Sætt fór framm med þeim mágum Markúsi á Breid Olafssyni, Markússonar, ok Jóni Olafssyni, var

Markús jafnan mikill flysjúngr, ok stód ei sættin lengi. Mörg voru slík smámál. Sagt er, at brendr hafi verit borgfirzkr madr Steffán Grímsson fyrir galdr, ok kona ok sonr hennar af Vestfjördum; hún var skagfirzk, ok óryktud ádr um galdr, enn sonr hennar óvandadr laust því upp af raupi, ok var því trúad ok frammfylgt vestra. Stódu þá ok mál Ara Pálssonar, er borinn var göldrum vestra, ok þess eins, at hann hefdi verit valdr í veikleika Þorkötlu Snæbjarnardóttur á Lokinhömrum, er Magnús Gissurarson hafdi átta. Þá fèkk húsfrú Ragnheidr Jónsdóttir konúngsbrèf fyrir lènsjördum, enn Páll Jónsson annad fyrir Melstad, nær sem tilfèlli. Fè mikit rak upp fyrir Ströndum, er franskir hvalveidamenn týndu. Var þá grasmikit sumar, gott ok þurt öndverdt sunnanlands, enn vott fyrst nyrdra ok þornadi, enn gjördi vætur sydra er áleid, svo nádust engin hey frá Barthólomæusmessu til Michaelsmessu. Jón Sigurdarson, sýslumadr á Bjargi í Midfirdi, druknadi í Lángá, er hann reid úr Straumfjardar kaupstad, ok þrír menn af skipi fyrir Öndverdunesi, er upphleypti í Skarfsvík seint ársins. Þá gjördist Egill Sigfússon heyrari á Hólum, hann hafdi attestazíu, er köllud var. Jón, son Arna lögmanns, fèkk Þórunnar Hallgrímsdóttur, Halldórssonar. Eptir Michaelsmessu komu fjúk ok fannalög med snjóum ok frostum, ok lagdi flestar ár fyrir vetr, urdu þá miklir fjárskadar í Fljótshlíd ok Landeyum. Um vetrnætr gjördi hláku, ok tók af allan snjó, vard þá hinn besti vetr, ok því betri sem áleid meira. Menn ok fè týndust vid Noreg af Hafnarfjardar ok Stapa skipi; þá kom aldrei sá dagr, at fjúk eda frost mætti 1679
heita á þeim vetri. Þá týndist skip af ofhledslu fyrir Hjallasandi, ok misfarir urdu nokkrar. Hlutir voru miklir sydra, vorgott ok mjög snemmgróit, svo at sóley var útsprúngin á páskum, enn fífill viku eptir krossmessu, þó var vetrinn þúngr nyrdra, því at í Höfdahverfi voru ekki nema tveir bændr í skiptitíund eptir, enn 34 umferdarmenn ok ómagar; dó þar fè af madki.

LIX Kap. Mál ok ýmsir tilburdir.

Þórdr biskup hafdi haldit prestastefnu at Hvammi í Hvammssveit um sumarit fyrir í galdramáli Arna prests, ok þóttu veikar ástædur Rögnvalds, var því Arna presti dæmt at færast undan med tylftar-

eidi ok fángavottum, þat voru hverir prestvígdir menn, sem fá mátti, ok afleggja fyrir prófasti í Dalasýslu, Eiríki Vigfússyni, fyrir 14da dag júníí hinn nærsta; hafdi Arni prestr unnit eidinn á sama hausti med 5 presta fángavottum, enn prestar úr Borgarfirdi ok Strandasýslu, er hönum höfdu lofazt fyrir eidvættismenn, höfdu hindrazt vegna snjóa ok óvedra, enn sönnudu nú þennan eid med hönum hinn 4da dag janúaríí þennan vetr, á nefndum stad fyrir prófasti. Þann eid vildi Rögnvaldr vefengja ok nokkrir veraldlegir, er hans taum drógu, enn svo kom at þeir sættust á alþíngi Arni prestr ok Rögnvaldr, at óskerdtri virdíngu beggja þeirra, ok án millilags; fèkk Rögnvaldr eptir þat Strandasýslu, ok hèldt hann hana nokkur ár; þóttust menn ei vita jafnmikit stórmæli ok hátt reist, fallit hafa svo slètt nidr á badar sídur, ok ætludu þó margir svo í gard búit fyrir þeim mágum, at þat mundi skárst afrádit; var sá Arni prestr fadir meistara Jóns, hins seinna biskups í Skálholti. Margar voru þá málaþræsur adrar. Jón Eggèrtsson á Mödruvöllum vildi ná af Birni sýslumanni Magnússyni jördinni Bægisá sydri vid Yxnadal, enn lögmenn dæmdu hana Birni. Ekki hafdi Þorleifr lögmadr nordr komizt, at skera úr þrætum þeirra Bjarnar Pálssonar ok Jóns, hann sagdi af sèr lögmannsdæmit sakir vanheilsu, enn Magnús Jónsson frá Reykhólum, Magnússonar, Arasonar, var kosinn í hans stad, dótturson Magnúsar lögmanns, voru med hönum í kjörum Jón Sigurdarson í Einarsnési, ok Þorsteinn Þorleifsson sídan á Vídivöllum. A þíngi var gefinn vitnisburdr Þorleifi lögmanni. Irar höfdu brotit skip sitt vid Skaptafellsþíng, ok nádist nokkud fè, enn sumu var stolit, ok var Þórarni Jónssyni, er þat gjördi, dæmt húdlát af lögrèttunni, sem nærst lífi, ok skyldi ábyrgjast sig sjálfr. Þá mælti Markús Olafsson illmæli vid Jón mág sinn, ok mörg voru þar mál, um barneignir ok ófrjáls kaup ok annat. Jón Eggèrtsson átti deilur vid marga, hann fór utan at ákæra mótstödumenn sína, ok med hönum Gudmundr, son Sveins prests frá Bardi, er verit hafdi heyrari á Hólum, enn hann fann sèr nokkud til saka vid Gísla biskup, ok gaf sig af því í fylgi med Jóni Eggèrtssyni óvin hans. Magnús lögmadr hafdi unnit lögmannseid sinn fyrir Olafi Jónssyni Klov umbodsmanni, er fyrrum var sýslumadr um 17 ár. Var skipadr á þíngi hospítalsdagr í Múlasýslu, nærsti dagr eptir þíng Maríumessu, enn 20ti aprílis edr nærstr eptir í Þorskafjardarþíngi. Þá var prentad gra-

duale á Hólum í kvartó, ok píslarprèdikanir Forsters; var þá allstadar mikil ársæla; þóttust menn sjá í lopti um sumarit mann dýrdlegan á hesti glóanda med brugdnu sverdi. Stolit var af skipbroti í Skaptafells þíngi ok refst.

LX Kap. Mannalát ok tjón.

Manndaudar urdu margir á þeim missirum; andadist þá Björn prófastr Snæbjarnarson at Stadarstad, ok fór Sigurdr á Skáney, son Sigurdar prófasts Oddssonar, utan í þridja sinn, einnin Jón prestr Halldórsson af Mýrum. Annar andadist Björn sýslumadr í Bæ á Raudasandi, son Gisla Magnússonar at Hlídarenda ok mágr Þórdar biskups, úngr madr ok líklegr til höfdíngja, af meinsemd á kvidi sèr. Enn Bjarni Markússon frá Stokkseyri, er hann ætladi at fá Margrètar Gudmundardóttur frá Heynesi, lagdi hestinn á sund yfir þveran fjördinn, ok druknadi þar, enn þeir komust í eyuna sem med hönum voru. Gísli prestr Sigurdarson frá Refstödum í Vopnafirdi druknadi í Hofsá, enn Pètr Rafnsson at Stöd í Stödvarfirdi, ok madr med hönum í Kvíaá í Öræfum; Einar Klemusson í Þorleifslæk í Ölvesi. Högni prestr í Einholti deydi þá enn, Gudmundarson prests, Olafssonar prests á Saudanesi, Gudmundarsonar, hann var fadir Sigurdar prófasts, födur Högna prests, födur þeirra Högnasona, er allir voru prestar. Einnin Jón Rúgmann erlendis, hann var son Jóns prests Gudmundarsonar at Mödruvöllum í Eyafirdi ok Sigrídar Olafsdóttur, Jónssonar prests í Lauf si, Sigurdarsonar, Jónssonar príors, Finnbogasonar lögmanns, ok var sagnameistari Svíakonúngs. Ok margar konur öndudust af barnsförum á því hausti. Einar prestr Torfason, Snæbjarnarsonar, at Stad í Steingrímsfirdi, hafdi kunnr ordit at hórdómi, enn vafit lengi at konan lýsti hann, fyrst med þögn hennar, ok sídan med lýgi á annann, ok tekit hana sjálfr til aflausnar, hafdi hann flækt mál þat lengi med krókum ok kyndugum brögdum. Sigmundr hèt nordlenzkr madr, Bergsson, er hengdr var í Rángárþíngi. Þá lèt meistari Þórdr biskup byggja forkyrkjuna í Skálholti, enn þó hafdi Brynjúlfr biskup lagt til ádr stólpana miklu, ok mikinn vid annann. Þat vard enn til tídinda um jólaföstu, at Torfi prófastr Jónsson í Gaulverjabæ hlaut skada af eldi; hann hafdi fest stólsjördina

Hraungerdi fyrir sig ok konu sína, medan þau lifdi, hýst hana vel, ok látit flytja þángat til geymslu mikit af því lausafè, er hann erfdi eptir Brynjúlf biskup; enn þar brann allr frammbærinn ok allt þat er í var, eina kvöldvöku, fólk allt vakti í badstofu, ok sakadi ekki, enn enginn vissi af, fyrr enn óbjargandi var. Torfi prófastr reid þat kvöld frá Skálholti, ok kom at öskudýngjunni daginn eptir; hnignadi þadan af audi hans ok heimilis blessan, ok eignudu margir andvörpunum fátækra erfíngja Brynjúlfs biskups yfir gjöfinni. Dó Gísli í Reykjarfirdi Jónsson, Magnússonar, Arasonar, ok Gudný, kona hans.

LXI Kap. Frá ýmsu.

1680 Vetr þessi var gódr til jóla, enn hardnadi þá; hljóp uppá úr jólanótt med fjúki, hríd ok hardvidrisfrosti miklu, ok var þat svo til einmánadar at fáir dagar voru fjúklausir til kvölds; voru þær hrídir stundum 6 eda 8, 10 eda 12 daga í samt; þá lestust 3 skip vid Hjallasand, ok týndust 5 menn af, enn 8 menn urdu á skipreika á Brimilsvöllum, 4 í Stadarsveit, 2 á Gufuskálum, 7 í Gardi sudr, urdu þá bágar gæftir, ok litlir hlutir vída. Sá madr hèt Ögmundr Þorvardsson, er týndist í Kríngluskardi hjá Einarsnesi; vard þá mikill fjárfellir í mörgum stödum. Madr skar sig á háls í Kjós, sá hèt Gísli, annar á Rángárvöllum. Sumir segja þá væri prentat á Hólum Diaríum Hallgríms prests Pètrssonar. Einn madr hengdi sig á Tjörn í Svarfadardal. Þat hafdi verit hid fyrra vorit, at Kristján konúngr baud, at strídshjálpar-tollr skyldi gjaldast á landi hèr, ok jafnt af andlegum sem veraldlegum, enn Henrik Bjelke höfudsmadr hafdi því svo hagad, þó ei fengi hann tollinum afstýrt, at undandrógst at krefjast þessa, þar til er hèr var komit; var þá mjög hardt vorit, sem ádr segir, ok fiskileysi; skyldi hverr eigandi gjalda tvær vættir fiska af 20 hundrudum í jördu hverri, ok leigulidi eina vætt, ok svo eptir tiltölu, hvert sem jördin væri meira eda minna, enn hver skyldi metast fyrir 20 hundrud, sem á var kúgildis landskuld; 10 fiska skyldi ok eigandi gjalda af kúgildi hverju, ok leigulidi 5, enn þeir sem höfdu jardir í lèn skyldu svara af hverri hálfu minna enn eigandi; jafnt skyldi þat hvert sem eignarmadr byggi á jördu sinni edr ei; hèldu menn til þessa

tolls undirrót verit hafa Martein, þènara höfudsmannsins, er komizt hafdi yfir jardabókina hjá hönum, ok er hann var úr hans þjónustu reiknad saman, hvad landit gæti úti látit, komit því sídan á lopt sèr til framhalds sjálfum. Menn þóttust mjög illa vidlátnir, óvanir slíkum álögum, enn ár hardt, ok tollrinn mjög þúngr, var þá kurr mikill ok klögun medal manna, enn ekki var hægt til undanbragda, þar sem upp hafdi verit skrifat jardir ok kúgildi ádr; bádu þá andlegir ok veraldlegir konúnginn audmjúklega uppgjafar vegna hardinda í landi, ok höfudsmanninn hjálpar ok lidsinnis í því máli, biskupar bádir, meistari Þórdr ok Gísli, lögmenn Sigurdr Bjarnarson ok Magnús Jónsson, ok allir adrir. Arni prestr Jónsson frá Hofi á Skagaströnd, er fyrri hafdi haldit Fagranes, strauk þat sumar í enskt skip fyrir galdrarykti, ok var hönum lýst á þíngi, segja sumir þó at hann stryki hid fyrra sumarit, enn aldrei kom hann aptr; Ingibjörg hèt kona hans, er þó var meira brugdin vid fjölkýngi, hún flæktist í Austfjördu, ok hafdi hid sama ord á sèr sem ádr. Var mikit sagt þar af fjölkýngi hennar, var eitt daudi Halldórs prests Eiríkssonar, ok veikindi annars prests, enn hönum batnadi, er henni var settr tvíkostr. A einum bæ dóu kýr allar, er hún fèkk ei eina. Þá andadist Teitr prestr í Gufudal Halldórsson, Teitssonar, Halldórssonar, Einarssonar, Sigvaldasonar lángalífs, ok Gunnlaugr prestr at Stad á Reykjanesi Snorrason, Asgeirssonar prests at Lundi, frá hönum er margt fólk vestra; einnin Magnús prestr Pálsson í Kálfholti, ok Þorvaldr skáld Rögnvaldsson á Saudanesi í Svarfadardal; var mikit sagt af nærgætni hans ok ákvædamegni, ok var því haldinn margkunnugr af ýmsum, hefir hann verit gamall mjög, því þá voru 55 vetr sídan Jón, bródir hans, var borinn galdri ok brenndr hèr fyrstr. Þá andadist enn Ragnheidr at Espihóli, kona Bjarnar Pálssonar, ok hann nokkru seinna; kvad Þórarinn prestr at Hrafnagili erfiljód eptir þau bædi, hann var son Jóns í Hafrafellstúngu, Einarssonar, Nikolássonar, Þorsteinssonar, Finnbogasonar lögmanns, ok var þá haldinn merkilegr. Konúngsbrèf komu út um Kancellíbrèf, ok um höndlunarfèlag ok hvalaveidi. Sigurdr Sigurdarson, Oddssonar, kom ok út med brèf fyrir Stad á Ölduhrygg, sem hann hafdi eptir farit; einnin Jón prestr Halldórsson, hann fór eyrindislaus, þvíat Jón biskup Vigfússon at Leirá hafdi sendan hann med Súpplíkazíu sína um Stadarstad, var hverutveggja, at hönum

var ei mjög vel tekit eptir fall Griffenfeldts, enda hafdi annar borit sig framm sjálfr, ok var Jón prestr Halldórsson ordinn hælislaus fyrir ferdina, því Þorsteinn prestr, son Þórarins Illhugasonar frá Kalastödum, var settr aptr í sóknirnar. Einar prestr Torfason kom ok út, hafdi farit med mál sitt, ok fengit at halda embætti, enn ei kallinu, fèkk hann seinna Stad í Reykjanesi, ok var þar enn ei mjög vinsæll.

LXII Kap. Frá þíngi ok málum.

Nú vil eg geta sýslumanna ok lögrèttumanna á þíngi, svo sjá megi hverir jafnsnemma voru uppi. Þorsteinn Þorleifsson var þar sýslumadr úr Skagafirdi, ok Sigurdr Hákonarson annar, Jón Vigfússon frá Hvoli, Dadi Jónsson úr Kjós, Gísli Magnússon at Hlídarenda, Gudmundr Jónsson á Hvítárvöllum, Jón Sigurdarson á Einarsnesi, Jakob Benediktsson af Stapa, Eggèrt Bjarnarson hinn ríki á Skardi, Páll Torfason úr Isafirdi, hann hafdi þá 9 vetr haft þar sýslu, Gudbrandr Arngrímsson úr Húnavatns sýslu, ok annar Þorsteinn Benediktsson frá Bólstadarhlíd, Bjarnarsonar, Magnússonar, Björn Magnússon frá Múnkaþverá, Bjarni Pètrsson á Stadarhóli, Jón Vigfússon í Lögmannshlíd, Jón Þorláksson úr Múlaþíngi. Lögrèttumenn voru Þorgrímr Gudmundarson úr Krossavík, ok Bergr Einarsson, Olafr Einarsson, Þorsteinssonar frá Þykkvabæ, Sigurdr, bródir hans, Jón Eiríksson, Magnús Kortsson í Arbæ, Oddr Magnússon á Sperdli, Einar Eyólfsson, Þorsteinn Jónsson, Jón Asmundarson frá Stóruvöllum af Klofa-ætt, Jón Jónsson, Þórdr Erlendsson, Arni Jakobsson, Henrik Magnússon í stad Þórdar Ormssonar frá Eyum, Sigurdr Arnason lögmanns, Oddssonar, Gudmundr Arnason, Sæmundr Arnason frá Hólmi af Hlídarenda-ætt, Þorvardr Magnússon, Finnr Sigurdarson prest at Ökrum, Finnssonar, Jón Gunnlaugsson, Finnr Jónsson, Þórdr Runólfsson, Hákon Arnason á Vatnshorni, Sigurdr Pálmason, Henrikssonar, Þórdr Steindórsson frá Ingjaldshóli, Finnssonar, í stad Halldórs Gudmundarsonar í Olafsvík, Arni á Heydalsá Vigfússon prests Helgasonar, Þórdr Bjarnarson, Egill Einarsson í stad Jóns Egilssonar á Geitaskardi, Sigurdr Jónsson úr Skagafirdi, Olafr Magnússon, Þorsteinn Steingrímsson frá Hofi, Magnússonar, Sigurdr, son Hrólfs sýslu-

manns Sigurdarsonar, Jón Sigurdarson, Sigurdr Jónsson. Þar var Sæmundr Þorláksson úr Fljótshlíd dæmdr til dauda ok líflátinn fyrir launúng ok nidrgröft á barni, er hann gat vid Hergerdi Brandsdóttur; Einar Þorsteinsson, sýslumadr at austan, sendi öxina, er hann var höggvinn med, ok gaf hana lögrèttunni, ok var hún lengi höfd sídan. Dæmt var þar ok um dýratolla, ok húdlát Höskuldi Sveinssyni fyrir galdrastafa medferd. Ekki vard útgjört mál Ara Pálssonar. Páll Torfason sýslumadr hafdi keypt fyrir nokkra sokka ok vetlínga færi af Enskum til skipa sinna, því kaupför Dana voru ei komin; hann var dæmdr frá búslód ok embætti, þó þat linadist seinna. Gísli biskup Þorláksson tók þar vitnisburd sinn ok Olafr Klov. Búslód var dæmd af tveimr brædrum vid Arnarfjörd fyrir kaup vid Hollenzka. Jón Eggèrtsson hafdi komit út litlu fyrir þíng, hann hafdi átt deilur vid Björn Pálsson, sem fyrri segir, útaf drykkjuordum Bjarnar vid Sigrídi konu hans, ok hafdi Sigrídr svarit 2 eida í hèradi, enn hinn þridja á alþíngi. Björn Magnússon lèt frammbera í lögrèttu galdrablöd nokkur med 12 manna vitnisburdum, at hyggdi vera med egin hendi Jóns Eggèrtssonar, var hann því stefndr til svara fyrir Magnúsi lögmanni, enn Jón bar þat framm fyrir umbodsmanninn Jóhann Klein, at Björn sýslumadr hefdi ei viljad taka prjónasaum Jóns Jónssonar á Hrauni í Yxnadal, enn sagt hönum at selja hollenzkum duggurum fyrir dal ok færa sèr hann; kvadst Jón í slíku sýna konúnginum trúnad, ok hversu dyggr embættismadr Björn væri, ok ætladi at sýslumanni mundi þessi sök einna verst gegna. Jón stefndi ok Magnúsi lögmanni 12 mánada stefnu fyrir hærsta rètt í Kaupmannahöfn, ok fyrirbaud hönum eida at taka um sig, eda dóm at dæma; þó tók lögmadr eidana, ok var þat svarit, at þat rúnablad, er eidamenn hèldu á, meintu þeir Jón ritad hafa med egin hendi, enn þat var útsett, hversu háan eid Jón skyldi hafa. Jón hafdi fengit Mödruvalla klaustr undan Þorsteini Þorleifssyni, ok gengit svo hardt eptir, at Þorsteinn vard at láta laust á midju sumri, ok flutti sig at Vídivöllum til húsfrúr Kristínar Gísladóttur, ok bjó þar medan hann lifdi, enn Jón hafdi alla höfdíngja fyrir sökum, Þorleif lögmann, er frá var, ok báda þá lögmenn, er vid voru, Sigurd ok Magnús, ok áfrýadi dóma þeirra, einnin Björn Magnússon, sem fyrr segir. Þeir Jón ok Gudmundr frá Bardi höfdu stórum ofrægt flesta yfirmenn á Islandi, medan þeir voru utan, ok mest Gísla biskup Þor-

láksson; voru hönum margar sakir fundnar til; sú var ein hin helzta, at hann hefdi studlat til at prestr fengi konu, þeirrar er ádr var spjöllud af ödrum; sú önnur, at hann hèldi ekki skóla nema frá allraheilagramessu til páska; sú hin þridja, at hann sæi illa fyrir hospítalinu, ok þat fleira smærra, er þeir tíndu til. 16 pósta hafdi Jón sett framm fyrir höfudsmanninn landshöfdíngjum til nidrunar, ok því tók Gísli biskup vitnisburdi sína; vard Jón stórum óþokkadr, enn Gudmundr var dáinn. Þorsteinn Þorleifsson stefndi þá Jóni fyrir róg ok lygi, enn hann fór utan á Akreyri ei at sídr, skömmu eptir, ok á hinu sama sumri. Dæmt var enn á alþíngi um illmæli Gudmundar Gudmundarsonar vid lögmennina; þar var ok tekinn vitnisburdr Jóhanns Kleins. Eptir þíngit fór Gísli biskup til fundar vid Jóhann Klein umbodsmann, ok bar af sèr þær rógssakir Jóns, er nokkurs voru verdar, sýndist þá at Jóni gekk til margs fullkominn illvilji.

LXIII Kap. Um Galdramál.

Þat hefir ordit landsformönnum hèrlendum at mestu ámæli af vorrar aldar mönnum, hversu mjög þeir trúdu galdramálum, ok refstu óvægilega, ok verdr þeim eigi mæld bót í því, enn þó er þat órètt, ef ætlat er at Íslendíngar einir hafi verit svo vanvitrir; því þó menn vissi ei, at á dögum Kristjáns konúngs 4da brendu embættismenn konúngs marga Finna, ok at hid sama edr líkt fór framm í Danmörku ok Noregi, ok hvervetna annarstadar, þar sem menn voru bornir fjölkýngi í 17du öld, þá vitu menn at stjórnin í Danmörk hlutadist þá til um smærri mál hèr í landi, þegar hún vildi, enn þó aldrei um þetta, eda tók þat af; ok at Henrik Bjelke var hèr höfudsmadr alla þá stund, er mestar brennur gengu, ok enginn höfudsmadr hafdi verit hèr kunnugri, ok lagdi hann ekkèrt þat til, er slíkt tæki af, ok ei var þat heldr gjört á hans dögum öllum, eda neitt vidhreift; ei heldr sökudu rógsmenn, Jón Eggèrtsson edr hans makar, yfirmenn hèr um slíkt; ok svo kom einvaldit í Danmörk, ok hafdi lengi stadit, at ekkèrt var lagt til um þetta efni; ok enn seinna, er konúngr gaf út lögbókina, lagdi hann sjálfr brennurefsíng vid hina hærstu tröppu fjölkýngis, ok má þó sjá af því er seinna segir, at þá var tekit til at fara var-

legar í þeim efnum, enn ádr hafdi gjört verit. Er af því sýnilegast, at þat atferli er haft var, hafi ei verit einum saman Islendíngum förult, ok engri þjód einstakri, enn heldr hafi verit aldar brestr; ok var þat jafnt á bádar sídur hèr á landi, hversu almenníngr hræddist fjölkýngi, ok hitt, at margir af þeim, er fyrir því voru hafdir, trúdu því um sig, at þeir væri sannir at sök, ok sumir vildu gjarnan orka med galdri, at gjöra ödrum illt; ok af því fengust hèr svo margar medkenníngar pintíngalaust, ok margir tilburdir urdu, er sýndust undarlega at styrkja sannindi trúar á þessu. Er líkast at stjórnin hafi þá fyrst hlutazt til, at taka fyrir svo mikid hardrædi, sem var í galdramálum, (þar sumir fèllu þó nálega fyrir grun einn, ok at þeir fengu sídan ei eidamenn) af því einu er barst út af ritgjördum lærdra manna í þann tíma; ok víst hefir þvílíkt valdit, at flest lönd í nordrálfu skiptu um þetta; ok vard þat audveldara, er hin sama ætlan komst inn hjá þjódunum sjálfum sem hjá stjórnunum, at galdr væri lítils megnandi, því þadan frá tókst af, at leggja hug sinn eptir hönum, ok sá illvilji, er því fylgdi, svo þat vard miklu skjaldgæfara.

LXIV Kap. Tilburdir.

Um þær mundir tóku sig saman bændr í Biskupstúngum, Jón Jónsson smidr í Miklaholti, ok adrir sveitarformenn, ok vildu gjöra brú á Brúará, í stad bogans, er Helga Jónsdóttir lèt afbrjóta fyrrum, ok veltu stórgrjóti ofan í árþrengslin, enn þat þurfti jafnan um at bæta, þvíat vatnavextir spilltu því verki, í hvert sinn er þeir urdu miklir. Þá dó Hallgrímr prófastr Jónsson í Glaumbæ, ok tók Ari prestr Gudmundarson at Mælifelli prófastsdóm í Skagafirdi, enn Sigurdr Jónsson í Vestr-Isafirdi; dó ok Tómas, gódr drengr, á Lángamýri, son Rafns Bessasonar, Hrólfssonar sterka, ok Hákon, son Þorkels Gudmundarsonar sýslumanns. Rak 130 hnísur á Þíngeyrasand. Þat haust var hengdr madr í Arnessþíngi, sá hèt Magnús Jónsson. Þá sáu menn halastjörnu fyrir jólin, ok ætludu furda mundi nokkru, enda spurdust bædi sjónir ok fyrirburdir margir úr Þýzkalandi, enn Jón prestr Gudmundarson kvad um þá halastjörnu sálm, er hèt Bænarbelti; sú halastjarna var mikil ok nærgaungul, ok á at koma aptr, er þridjúngr er af 19du

1681 öld. Þann vetr voru hlutir litlir sydra ok eystra; gengu þá rosar, ok rak skip undan í Landeyum med 16 mönnum, annat týndist í Þorlákshöfn med 12, ok bátar tveir á Hafnarfirdi med 4 mönnum, 4 menn í Gardi, 5 í Borgarfirdi, ok enn 6 á Akranesi sudr. Margir menn dóu þá skjótt, ok þeir flestir sem sýktust. Prentadar voru þá Lasseníí bænir á Hólum. I þann tíma deydi Olafr prestr Hallsson í Grímstúngum, enn Eiríkr prestr, bródir hans, lifdi þá enn í Höfda; Olafr prestr hafdi lagt út margar postillur, ok kvad sig þat gjört hafa líttlærdum prestum til stodar; hans son var Hallr prestr, fadir Halldórs prests á Breidabólstad. Þá dó ok Jón Jónsson prófastr í Holti í Önundarfirdi, Sigurdr prestr Jónsson i Miklaholti, Jón prestr at Ökrum Brandsson, Jónssonar prentara, Jónssonar svonska, Mattíassonar, hann var fadir Jóns prests at Hítarnesi, sem kom í stokksmálit; Sigurdr prestr Bjarnason á Kálfafelli, Magnús prestr Einarsson at Undirfelli, ok Jón prestr Oddsson í Brautarholti, þángat kom aptr Páll, son Sveins prests frá Bardi nordan. Gudmundr Kolbeinsson dó þau missiri at Gudmundar snikkara, mágs síns, Arnþrúdr Bjarnardóttir, kona Skúla prests í Goddölum, ok fleira heldra háttar fólk. Þá brann Skeidarárjökull.

LXV Kap. Um skattinn ok annat.

Sigurdr prestr frá Skáney Sigurdarson, Oddssonar, hafdi fengit um haustit fyrir Sigrídar Hákonardóttur frá Brædratúngu, Gíslasonar lögmanns, Hákonarsonar, var þeirra son Oddr, er sídan verdr getit. Magnús, son Sigurdar á Skútustödum Magnússonar, Arasonar, hafdi jafnsnemma fengit Jardþrúdar, systur hennar, settist nú Sigurdr prestr at Stadarstad, enn Magnús at Brædratúngu, ok verdr hann nefndr seinna. Þá komu konúngsbrèf út um sumarit, eitt um skógarhögg, eitt um þat, at konúngr kvadst gefa hönum af sèrlegri nád hálfan strídstollinn eptir, enn hálfr skyldi gjaldast; eitt um Páll Torfason, hann skyldi meiga halda sýslu sinni ok búslód, enn svara sektum sem mestum til Bessastada kyrkju byggíngar, eptir því, segir konúngrinn, sem amtmadr ákvædi. Var nú tekit til at heimta tollinn þat sumar, ok vard mörgum þúngbær, var þó ei goldit af biskups stólunum eda klaustrum, kyrkjustödum, lènsjördum presta nè hospítals, því menn vissu ei gjörla dýrleikann,

ok var skotit enn til konúngs. Prestar guldu hálft at kyrkju-kúgildum, enn lögmenn komu því á, at ásaudr var ei reiknadr, nè kýr óleigufærar. Þau missiri brann allr Gilsbakkastadr í Hvítársídu af badskyndíngu, enn ekki sakadi menn, þar var þá Páll prófastr Gunnarsson eldri. Þat þóttu enn tídindi, at barn tvævett hvarf úr vöggu á túnvelli úti, í Öxarfirdi, enn foreldrarnir voru skamt þadan frá at heyverkum, ok 3 menn druknudu í Lóni vestr, er hjálpa vildu skipum undan brimi. Enn kom konúngsbrèf, er stadfesti lögmannsdæmi Magnúsar Jónssonar nordan ok vestan, ok eitt til Hannesar, sonar Þorleifs lögmanns, at vera antíkvaríus konúngs.

LXVI Kap. Frá þíngi ok ýmsu er vidbar.

I þann tíma var så danskr madr umbodsmadr Jóhanns Kleins fógèta, er Lárits Gottrup hèt, ok mun hans verda nokkut vidgetit; fyrir hönum aflögdu þeir sýslumanna eid, Bjarni Eiríksson frá Búlandi, Þorsteinn Benediktsson frá Bólstadahlíd ok Pètr Pálsson. Lárits Gottrup sendi til Asbjarnar bónda Jokkumssonar yfir um fjörd, ok bad um frían flutníng fyrir fógètann; Asbirni þótti þat ekki skyldt, ok vard ekki af; fyrir þat var hann klagadr fyrir Sigurdi lögmanni Bjarnarsyni, ok dæmdust hönum tvær hýdíngar, sem hann mætti bera, fóru þær framm, svo hann leid í ómegin. Mætti mikit umræda, hve illa slíkt atferli kom í hald. Var þá dæmdr til dauda á alþíngi Þorkell þjófr Sigurdarson úr Skaptafellsþíngi, er vída hafdi rænt ok stolit, ok hengdr, ok þar kom fyrir um galdrablöd nokkur ok margt annad. Þorkell Ingjaldsson úr Snæfellsness-sýslu var höggvinn fyrir hórdóma. Ok þar komst til lykta galdramál Ara Pálssonar, ok medkenndi hann sig dauda verdan, ok var brenndr, hann var hreppstjóri, ok svo búinn í skart, at margir höfdíngjar keyptu klædi hans. Þar sættist mál med Gudbrandi Arngrímssyni ok Skúla á Seilu lögrèttumanni, hann var Olafs son, Bergþórssonar, Sæmundarsonar prófasts, Kárssonar. Ekki þóttust lögmenn geta gjört at galdramáli Jóns Eggèrtssonar. Eggèrt Bjarnarson, sýslumadr á Skardi, hafdi andazt um sumarit, þeir Páll prófastr í Selárdal voru brædr at faderni; Eggèrt hafdi átta Valgerdi Gísladóttur lögmanns, Hákonarsonar, Dadi var dáinn, sonr

þeirra ok Gísli, enn dætr voru giptar, nema Elín ok Ragnheidr. Gudrúnu hafdi átt Björn, son Gísla Magnússonar, ok var dáinn; enn önnur átti Gudmund á Alptanesi, son Sigurdar lögmanns Jónssonar, þeirra börn voru Eggèrt ok Þórun; Arnfrídr átti Þorstein Þórdarson prests frá Hítardal, hann bjó sídan at Skardi, ok var merkilegr madr. Helga bjó í Dagverdarnesi; önnur giptist Gudmundi syni Þorleifs lögmanns Kortssonar, þau bjuggu at Eyri á Skógarströnd ok í Brokey, ok gjördust audug ok verdr sídar getit. Var nú á þessu þíngi tekinn vitnisburdr Eggèrts; ok mörg mál komu þar. Þeir deildu þá enn, mágar úr Skagafirdi, Jón ok Markús Olafssynir þar á þínginu, ok urdu fjölmælismenn bádir fyrir illyrdi, ok hverki dómsætir nè vitnisbærir. Þorsteinn Þorleifsson lagdi framm varnir móti rógi Jóns Eggèrtssonar. Loptr hèt madr úr Strandasýslu er fór á fjöll med konu sína ok fylgikonu, ok lifdu vid saudastuld; hann nádist í Vatnaflóa, er þau ætludu í Surtshelli, ok voru med þeim 4 börn, ok önnur konan med barni, var Loptr höggvinn í Strandasýslu. Þá bjó í Hrísey á Eyafirdi Þorvaldr, son Gunnlaugs Grímssonar, er fordum druknadi á Grímseyarsandi, hann var þá gamall, ok hafdi verit þríkvæntr, átti hann sídast Herdísi, dóttur Bjarna prests at Grund, Hallssonar harda, Bjarnasonar, þeirra synir voru Hallgrímr ok Gunnlaugr, knálegir menn, var Hallgrímr frumvaxta, er hèr var komit, enn Gunnlaugr barn. Þorvaldr var audugr, er mælt hann hafi eitt sinn borgit hollenzkri duggu med vistir til Hollands, ok verit fullu launad, enn Eyafjördr var þá meir afsídis enn nú. Hallgrímr er sagt hafi smídad duggu, þó sumir beri þat aptr, ok ætlad inná Akreyri á þessu sumri, sigldi hann frá eyunni snemma morguns, ok er svo líklega frásagt, at hann hafdi 3 segl uppi, enn vedr var hvasst, ok nær tómt skipit; kom þá bilr mikill, ok sló hid mikla seglit flötu skipinu, sva at eigi vard vidrètt, týndist Hallgrímr ok hans menn á móts vid Arnarnes. Gunnlaugr, bródir hans, bjó at Sokku í Svarfadardal laungu seinna, hann var módurfadir Ragnheidar Þórarinsdóttur. Arferdi var þá enn allgott, er hèr var komit.

LXVII Kap. Frá ýmsu.

1682 Fiskigángr var mikill, ok hlutir gódir sydra ok vestra um vetrinn eptir, enn minni fyrir austan land, urdu þá misfarir nokkrar ein-

stakra manna. Prentat var þann vetr á Hólum Lassenii bænir, Díaríum, ok vikusálmar Kolbeins Grímssonar, hann hafdi verit skáld mikit, ok er sagt hann hafi fyrrum kvedit rímur af Sveini Múnkssyni, ok diktad sjálfr efni sem feiknalegast, ok sendt Brynjúlfi biskupi, ok þegit fyrir 10 dali. Þá dó Bjarni prestr Erlendsson í Kálfholti, Helgi prestr Jónsson á Melum, Jón prestr Runólfsson á Völlum, hann hafdi tvö um tírædt, ok Markús prestr Geirsson prests í Laufási, Markússonar, hann var fadir Magnúsar prests, er sídan var á Grenjadarstad. Sæmundr, son Hrólfs Sigurdarsonar, var skipadr til at þjóna at Grímstúngum um sinn. Jón Vigfússon, sýslumadr í Arnessþíngi, deydi á öndverdu ári, ok segir Benedikt prestr sýslan hafi sídan verit haldin uppá reikníng, enn ei at lèni; ok svo hafi verit um Snæfellsness- ok Ísafjardarsýslu, hafi Magnús lögmadr haft umsjón yfir þeim, enn Arness-sýslu hèldt danskr madr Hans Vilhjálmsson Londemann, hann átti Gudrídi, dóttur Markúsar Bjarnasonar á Stokkseyri, ok Gudrúnar Torfadóttur Erlendssonar, systur Þormódar, þeirra synir voru Torfi ok Evert Londemann, eru frá þeim Evert komnir hinir tignustu menn í Danmörku; Torfi var ok mannvænn at karlmensku ok fleiru; systir Gudrídar var Þórdís, er bjó at Stokkseyri, ok nafnkend var at illu einu. Þá kom konúngsbrèf um utanferd fjögra skynsamra manna til at semja taxta nýan á vöru, því sá mátti eigi standa lengr, er þá var saminn fyrir þremr ok 60 vetrum, á dögum Odds biskups Einarssonar ok Gísla lögmanns Hákonarsonar, enn fyrir því at mönnum þótti tími ofnaumr, vard ei af, at neinn færi utan at því sinni, enn sýslumenn allir skyldu koma til nærsta alþíngis, ok skyldi þá tekit vera fullkomit umbod alþýdu ádr, til þeirra er utan færi. Þá dæmdi Magnús lögmadr Jónsson hina frekustu húdlátsrefsíngu Jóni Sigurdarsyni frá Þverá í Þíngeyarþíngi fyrir gudsorda vanvirdu; hann var son Sigurdar á Hóli í Kinn, Jónssonar prests at Ljósavatni, Magnússonar, Bjarnarsonar, Jónssonar biskups, ok var kalladr Brennir. Henrik Bjelke lèt þá af höfudsmanns embætti, ok hafdi mikid lof af landsmönnum hèr, hafdi hann verit þeim velviljadr at forda þeim álögum, fastheldinn ok ónýúngagjarn, var hann höfudsmadr í 3 vetr ok 30, ok enginn jafnlengi, hafdi ok verit eining medal landsformanna, ok kyrd á medan hann var á landi hèr, rèdust nú biskupar í med rádi klerka á sýnódó, at dispensèra um vidreisn presta, er fyrsta sinn fèllu í einfaldt frillu-

lífi, medan konúngr gjöri þar ei adra skipun á, med því móti at þeir sýni vitnisburdi sína, ok þeirra kvenna, er þeir fèllu med, frá prófasti ok sóknarpresti, ok ei skyldu þeir fá prestsembætti aptr, fyrr enn at lidnum 2 árum. Þó var litlu sídar sú uppreisn sókt til konúngs sjálfs, ok svo þadan af. Fleiri komu konúngsbrèf enn þat um utanferd 4a manna; eitt um þriggja bænadaga hald, ok annad til Olafs Asmundarsonar fyrir Kyrkjubæ; eitt um kauphöndlan. Þá var á alþíngi hengdr Jón Pètrsson úr Önundarfirdi, annar madr úr Strandasýslu fyrir þjófnad. Höggvinn var þar ok Jón Þorsteinsson úr Skutulsfirdi, ok hafdi þat at sök, at hönum hafdi borit til útaf tóbakskaupum vid Adrían Jensson Múnk á Skutulsfjardareyri, er fyrr er nefndr, reiddi Adrían upp rullutrèd, enn Jón hljóp undir höggit, ok tók um hálsklædit, ok herdti svo at hálsinum, at hinn fèkk bana af, þó spillti þat hans málefni, at hann hafdi tekit sídan leynilega tóbak ok nokkra fèmuni adra. Þorsteinn Högnason hèt madr, er galdramál var borit af mörgum í Húnavatnssýslu, enn medgekk aldrei, hann var strýktr. Þórdr Steindórsson, Finnssonar, hafdi þá lögsögn í Snæfellsness-sýslu, hann kom þar med meinamál Olafs Einarssonar, ok var hönum dæmd útlegd. Gísli Arnason hèt madr af Vestfjördum, er hýdast skyldi nærst lífi fyrir galdra medferd. Stadfestr var þar fjallskiladómr Jóns sýslumanns Sigurdarsonar úr Borgarfirdi, ok margt fór framm annat. Höfudsmanns umbodsmadr hafdi Gudbrand Arngrímsson fyrir ákærum. Þau missiri urdu mörg slis, ok þat sumar reid Þorsteinn sýslumadr Þorleifsson á Ríprland, ok virdi fyrir 16 hundrud. Jón Eggèrtsson kom út med utanstefnu til Þorleifs lögmanns, er dæmd hafdi nokkud um mál hans, einnin til Sigurdar ok Magnúsar lögmanna, ok Dada Jónssonar, sýslumanns í Kjós; fór Dadi utan á Höfdaskipi ok Hannes, sonr Þorleifs lögmanns, vegna födur síns; var sagt, þat skip hefdi komit til Noregs, ok brotit þar, enn Dadi ok Hannes druknad bádir. Þá var vott sumar, ok fátt annad til tídinda enn nú er talit, þvíat enginn madr brá þá í neinu háttum þeim, er í vana voru komnir.

LXVIII Kap. Frá landsformönnum.

1683 Annar vetr var rosasamr ok sjógæftir bágar; þá vard skiptapi í Fljótum nordr med 6 mönnum; annar á Vatnsleysuströnd med tveimr;

þrír menn týndust af skipi á Seltjarnarnesi, ok margir urdu skadar á einstökum mönnum. Þá var frostasamt sydra ok vestra, enn hlutir miklir, litlir fyrir nordan, lá hafís med nordrlandi öllu, lángt á sumar framm, ok sá hvergi útyfir af hinum hæstu fjöllum; rak hann eptir sumarmálin at austan allt í Grindavík, ok hindradi ródra. Þá andadist herra Henrik Bjelke, ok var hann geheimerád at nafnbót, ok margar hafdi hann nafnbætr adrar. Jóhann Klein hafdi verit fógèti hans vegna á elliárum hans, sem sagt hefir verit, enn Jóhanns umbodsmenn voru, fyrst Jakob Benediktsson, er hafdi Stapasýslu, hann átti Marínu, ekkju Mattíasar Gudmundssonar, þeirra börn voru Soffía, skörugleg kona ok lík módur sinni, er átti Eirík vid Búdir, son Steindórs Jónssonar, ok Benedikt prestr, fadir Jónasar prófasts at Höskuldsstödum. Annar umbodsmadr Jóhanns Kleins var Olafr Jónsson Klov, hann var reidari ok kaupmadr í Keflavík, er hèr var komit, spakr madr ok mannordsgódr. Þridji var Lárits Gottrup Kristjánsson, hann hafdi fyrst verit undirkaupmadr í Straumfirdi. Jóhann Klein var þetta sumar sídarst í landi hèr, hann var spaklyndr ok óáleitinn, hann lèt byggja Bessastada kyrkjukór, svo at kyrkjur hèr á landi lögdu engan pening til; hann fèkk embætti sídan utanlands, ok var þarmed reidari á Vatneyri ok Bíldudal. Var þá híngad skipadr at vera landfógèti Kristófor Heidemann, son Jóhanns Heidemanns fógèta í Færeyum, er Færeyíngar áttu deilu vid, hann skyldi gjöra reikníng hvert ár, af vissri ok óvissri landsins inntekt, enn hafa laun viss, ok var hann hinn fyrsti hèr, er svo var launad, þarmed gjöra amtmanns ok stiptamtmanns verk; hafdi hann mikid vald, ok á líkan hátt sem Jens Söfrensson á dögum Kristjáns konúngs 4da; hann kom út undir alþíng med konu sína Soffíu Amalíu, börn ok þjónustufólk, á konúngs skipi, því er í Seiluna fór, ok sókti gjöld ok fisk konúngs, ok fálka, var hann þá assessor í Kommercekollegió, ok sat hèr sumar ok vetr optarst, nema þá er hann þurfti at gegna reikníngum sínum. Hann skipadi Jóni at Ærlæk í Öxarfirdi, syni Jóns prests Þorvaldssonar á Skinnastödum, sýslu í Þíngeyarþíngi, ok bad hann gegna ákæru Magnúsar prests í Húsavík Illhugasonar, Bjarnarsonar á Laxamýri, um átrodníng, enn umbodsmadr hans tók frá Gudbrandi Arngrímssyni þann hluta Húnavatnssýslu, er hann hèldt, ok veitti Þorsteini Benedikts-

syni. Höfdu sýslumenn þá meira ríki enn nú um sumt, enn miklu var þat stopullra opt. Lárusi Gottrup var þá veitt af konúngi Þíngeyraklaustr, Vatnsdals ok Stranda-jardir, þegar fèlli. A þíngi tók Jón Vigfússon í Lögmannshlíd vitnisburd sinn, því hann var frá sýslu; einnin Markús Snæbjarnarson í Asi, sýslumadr í Vestmannaeyum, ok Jón Runólfsson, ok svo Jóhann Klein landfógèti. Averkamál var úr Hnappadals sýslu, enn ekki var þar gjört at í neinum stórmælum. Hinn 30ta dag júníí, ok aptr hinn 9da júlíí, komu biskupar bádir saman á alþíngi, Gísli ok meistari Þórdr, Þorlákssynir, ok lögmenn bádir Sigurdr Bjarnarson ok Magnús Jónsson, ok svo hinir helztu menn allir, voru tilkosnir samegin-lega 4 menn, ok þeim í hendr fengit umbod allra landsmanna til at semja taxtann vid reidara landsins, voru þessir menn tilnefndir: Marteinn Rögnvaldsson, sýslumadr úr Múlaþíngi; Jón Eyólfsson, sýslumadr í Kjósarsýslu; Magnús sýslumadr í Dalasýslu, er fyrri var prestr at Kvennabrekku, Jónsson prests, Ormssonar, Jónssonar prests í Gufudal, Þorleifssonar í Stóraskógi; enn Þorsteinn at nordan, frá Bólstadarhlíd, Benediktsson, Bjarnarsonar, Magnússonar. Jón Eyólfsson var nordlenzkr, hygg eg hann hafi verid settr yfir Kjósarsýslu, ádr enn kona Dada fèkk at halda sýslunni, enn þat hefir ei fyrri ordit, enn sannspurt var líflát þeirra Dada ok Hannesar; enn á þann bana þeirra lagdist sá ordrómr alþýdu, at Sigrídr hin stórráda, kona Jóns Eggèrtssonar, hefdi keypt af fjölkýngismönnum, at fyrirkoma þeim ok fleirum. Enn þat sèst af því, er konu Dada var veitt Kjósarsýsla, ok mörgu ödru, at þá var ei ætlad til at sýslumenn hefdi vanda af dómum, eda neinar annir, ok sýslur voru lèn heldr enn embætti, ok hefir þeim þó ekkèrt verit vilnat í meir enn þá var, sídan annir ok vandi margföldudust, nema um lítla vidrlífis peninga á eptir. Sigurdr lögmadr hafdi hönd yfir Kjósarsýslu, því hann bjó í Saurbæ á Kjarlarnesi, ok hygg eg hann þau umrád haft hafa, medan Jón Eyólfsson var utan. Var af öllum landsmönnum audmjúklega súpplicèrad til konúngsins, ok hann bedinn at sjá vægd ok vorkun til handa fátæki lands þessa. Þorsteinn Benediktsson fèll af baki, er hann ætladi til skips, ok laskadist í handlegg, þóttist hann þá ei ferdfær, ok settist aptr, enn hinir fóru, sem ákvedit var.

LXIX Kap. Frá ýmsu.

Þat hafdi verit bodit, at nidr skyldu fellast utanstefnur Jóns Eggèrtssonar, enn Heidemann landfógèti skyldi prófa med 24 hinum helztu mönnum þann dóm er Jón ákærdi, var sendt eptir Jóni undir þíng, enn hann vildi eigi koma, dæmdist þá málit sem fyrri, ok hönum sektir, at eigi hlýddi stefnu konúngsins; hann fór utan um haustit med Hollenzkum, enn Magnús Benediktsson, stjúpsonr hans, med Frönskum; Magnús var íllt mannsefni, líkr módur sinni í skapi, enn ekki Benedikt Pálssyni. Þat sumar sá Jón prestr Eyólfsson í Hvammi, hinn 20ta ok 4da dag júlíí mánadar, heila nótt, ok nær allan daginn eptir, er hann var á ferd, Morgana eda loptsjónir, ok svaf þó í milli stund eptir sólaruppkomuna; med hönum var á ferd sá madr er Arni Gudmundarson hèt, ok sá hann allt hid sama, þat voru menn ok konur í ridlum, hús ok skip ok dýr margháttud. Þótti mörgum tídindavænleg minni sjón, þó er ei þess getit, at neitt hafi á eptir komit óvenjulegt. Sá madr er sagt höggvinn hafa verit á þíngi, er Jón Bernhardusson hèt, ok drekt barnsmódur hans Þurídi Þorláksdóttur fyrir leynd, hún var systir Sæmundar, er höggvinn var ádr fyrir barnsleynd. Einn madr var brenndr á Vestfjördum, er galdr var borinn. Mál var um hval milli Gísla biskups Þorlákssonar ok Páls prests Jónssonar á Melstad, reid Magnús lögmadr Jónsson þar á lönd. Þá var vígdr Þorsteinn prestr Geirsson til Laufáss, hann fèkk þá ok Helgu, dóttur Jóns prófasts Arasonar, er átt hafdi Teitr Torfason; enn Hallr Eiríksson, Hallssonar, til Höfda eptir födur sinn, ok Jón Sigfússon at Ríp ok Vidvík. Þau missiri andadist Jósep prestr Loptsson at Olafsvöllum, um hann hafdi farit saman afl ok þolsþrek ok saungrómr; einnin Gottskálk Oddsson, er fyrr var prestr í Middal, ok Gudmundr Einarsson í Skardsþíngum. Þá voru prentadar á Hólum píníngarprèdikanir Arndts, er útlagt hafdi Hannes prestr Bjarnarson í Saurbæ.

LXX Kap. Siptamtmadr skipadr, ok ýmsar veitíngar.

Þat haust um vetrnætr gjördi skorpu harda; enn sídan var vetr 1684
hinn bezti; höfdu flestir lestarhlut fyrir sunnan um vertíd, ok

margir meira, enn minna fyrir austrlandi. Vor var kaldt ok þurt ok sídgróit. Fiskleysi ok hardindi var at heyra af Lánganesi ok nordan ad; virdtist þá audsýnilegt, at allar sveitir fyrir nordan Jökulsá í Axarfirdi mundi eydast, ok fólk deya nidr í húngri. Jón Jónsson á Ærlæk dæmdi hinn 14da dag aprílis um átrodníng höndlunarmanna í Húsavík, ok annann dóm um lagvad. Svo var alla þá öld, at bændr dæmdu eda lögrèttumenn, enn sýslumenn samþykktu at eins. Lagvadsmálit var ímilli Þorláks Jónssonar í Rauf, födur Sigmundar í Saltvík, ok Jóns bónda á Bakka, sonar Illhuga prests í Húsavík, Bjarnarsonar á Laxamýri, hann ok synir hans drógu leynd á lagvad Þorláks, óttadist hann fyrir málinu, ok gipti Þorláki dóttur sína med annari þóknan, enn var þó mælt at hann fengi fyrri karl einn, Jón Þorvaldsson í Húsavíkrkoti, er haldinn var fjölkunnugr, til at fyrirkoma sýslumanni, ok hafi Jón á Ærlæk dáit á ferdinni til þíngsins í Nordmannalág eda Leidará, ok er líkara verit hafi frá þínginu, ok at þetta hafi verid dregit saman. Fèkkst þá ekki bod uppá Þíngeyarsýslu sökum hardindanna, enn Jón Vigfússon í Lögmannshlíd, er hana hafdi haft, fór vestr at Tjaldanesi til Pèturs, mágs síns, Bjarnasonar frá Skardi, Pètrssonar, þeim lyndti ekki, því Pètr var stirdlyndr, ok fór Jón nordr aptr. Kristófor Heidemann stefndi Birni Magnússyni at Múnkaþverá. Þau missiri dó Jón prestr Grímsson í Görðum á Akranesi, enn Magnús Jónsson, Ormssonar, sýslumadr í Dölum, sá er utan fór, kom út sjúkr, ok var fluttr til Saudafells, þar hann bjó, ok deydi þar; voru þeir hans synir Arni assessor, ok Magnús prófastr í Hvammi, ok Jón sýslumadr. Hinir komu út, er utan höfdu farit. Eitt konúngsbrèf kom út, er dagsetti þrjá bænadaga; annat um okrsölu, letíngja ok slíkt fleira; þridja um veitíng Olafs prests Steffánssonar frá Vallanesi fyrir kallinu, ef Steffán prófastr Olafsson, fadir hans, fèlli frá; fjórda um Vatnsdals ok Stranda-jardir, er Lárusi Gottrup voru veittar ásamt med Þíngeyra-klaustri; hönum var ok bodit af kammerinu, at gegna embætti Heidemanns, ef hann dæi. Heidemann hafdi samþykkt, at Gudbrandr Arngrímsson væri frá hálfri sýslunni; fyrir því tók Gudbrandr eptir þat vitnisburdi sína á þíngi, enn Lárusi var veitt sýslan á móti Þorsteini, ok fór hann þá til Þíngeyra. Hid 5ta var um veitíng Andrèsar Andrèssonar fyrir Snæfellsness-sýslu ok Stapa-umbodi. Isleifr, son Einars Þorsteinssonar í Þykkvabæ, tók þá austr Skapta-

fellssýslu, enn Jón Þorláksson, er hafdi 14 þíngstadi af Múlasýslu, ok sleppti ádr tveimr hinum nyrdstu vid Þorstein Þorleifsson, lèt nú af 7 vid Bessa Gudmundarson. Þá var skipadr hinn fyrsti stiptamtmadr yfir Island, hinn ágætasti madr ok hinn tiginbornasti, ok hafdi margar nafnbætr ok stórar, Kristján Ulrik Gyldenlöve, sonur Kristjáns konúngs 5ta med hjákonu hans, var hann hinn bezti höfdíngi, enn ei kom hann út híngad. Tók nú at gjörast mörg önnur skipan á, enn fyrr hafdi verit, ok líkari því, er verid hefir á vorum dögum öndverdum, eda seint í 18du öld.

LXXI Kap. Konúngsbrèf ok ályktanir.

Konúngsbrèf kom þá út til beggja biskupanna um rifnar ok brotnar klukkur, at þeim skyldi komit verda til Bessastada til rádstöfunar landfógètans. Annad at þeir hèldi kyrkjuverjendum til at endrbæta kyrkjur, ok gjöra fyrir þær glöggvan reikníng til biskups ok landfógèta, er ok skyldi utan fara. Þridja um at biskupar sendi meiníngu sína utan ásamt veraldlegum, um þat hversu bezt aptrad yrdi ferdum heilbrigdra húsgángsmanna. Eitthvad kom um ákærur yfir meistara Jóni Vigfússyni á Leirá. Um kyrkjureikníngana gjördi meistari Þórdr áminníngu, ok lèt færa í alþíngisbókina seinna, enn prófastar visítèrudu hvervetna kyrkjur á því vori, ok sendu biskupi reiknínga. Margir fluttu einnin klukkur brotnar eda rifnar til Bessastada, eda í adra kaupstadi, at forlagi landfógèta, gleymdist þó sumum at taka brèflega medkenníngu kaupmanna fyrir afhendíngu þeirra, ok vissu því ei hvar sumar lendtu, gátu nokkrir til, at af púdri mundu klíngja nokkurstadar, ei sídr enn í kyrkjum; lèt því Þórdr biskup sjálfr umsteypa klukkuna miklu í Skálholti, ok trúdi bezt sèr sjálfum, ok var í ferd med, þegar hún var heimflutt á ísi um vetrinn. Þá kom enn út konúngsbrèf um taxtann, steig kaupmanna varan upp allmjög, helzt mjöl ok eldividr, enn hin íslenzka nidr, þar med skyldi vera Brimarahólms ok áleigumál, at kaupa nokkru vid utanríkismenn ok jafnvel vid undirmenn í kaupstödunum, nema kaupmenn ok reidara eina saman; þótti þat mörgum hardindi ok ófrelsi, ok var þat at vonum. Eitt konúngsbrèf kom til landfógètans Heidemanns, þarí var bodit at velja skyldi til á alþíngi vissa skynsama menn, at setja jafnad-

arverd á frammfærslu kaupmannsvörunnar medal Islenzkra sjálfra; einnin at veraldlegir yfirmenn skodudu, med hverjum hætti húsgángi heilbrigdra manna mætti helzt afkoma. Fyrir því tilsagdi Heidemann med lögmanna rádi, í lögrèttu, hreppstjórum ok bændum í hverri sýslu, at grípa alla umhleypíngja ok letíngja, ok færa sýslumanni til alvarlegrar hirtíngar, ok halda þeim til at vinna fyrir sèr. Enn til frekari úrgreidslu á bádum þeim greinum, nefndi landfógètinn báda lögmennina, Sigurd Bjarnarson ok Magnús Jónsson, tvo sýslumenn Jón Sigurdarson í Þverárþíngi ok Jón Runólfsson, ok tvo hina skynsömustu lögrèttumenn Gudmund Arnason ok Sæmund Arnason, báda úr Þverárþíngi, til at koma saman á hentugum stad ok tíma. Þat var ályktad á alþíngi um kostnad þann, er hinir tilteknu menn höfdu haft fyrir utanferdinni, at hann skyldi gjaldast af öllum landsmönnum, af hverju tíundarvirdu hundradi einn fiskr, enn tveir af þremr hundrudum, ok þrír af fjórum, af þeim sem minna tíundudu enn 5 hundrud; lausamenn ómagalausir, sem ei ætti 5 hundrud, skyldu gjalda slèttan dal, enn hálflausir hálfslèttan; ríkisdal þeir lausamenn, sem ætti 10 hundrud, ok hálfan annann hinir ríkari, sem kaupverzlan hefdi, ok þarmed fisk af hverju tíundarhundradi, sem bændr; búdarmenn ómagalausir, sem verzlan hefdi, 2 fiska af hverju tíundarhundradi, ok einn fisk þeir er ómaga hafa; af hverju eignarhundradi í jördu, sem byggist med venjulegri landskuld, gjaldist hálfr fiskr, enn ein mörk af hverju því, sem laklegast byggist, edr liggr eignarmanni bagalega.

LXXII Kap. Annat er frammfór á þíngi.

A þessu þíngi var hengdr fyrir þjófnad Vilkin Arnason, hann hafdi vída stolit ok miklu, nyrdra, sydra ok vestra, ok eitt sinn 20 saudum frá Goddölum, var ok samþykktr daudadómr Magnúsar lögmanns yfir Sveini Arnasyni úr Isafjardarsýslu. Sigurdr lögmadr birti konúngs veitíngarbrèf til sín fyrir Kjósarsýslu, ok þar var lesinn vitnisburdr Jóns Þorlákssonar, sýslumanns úr Múlaþíngi. Landfógètinn hafdi þá framm stefnu sína yfir Birni Magnússyni. Þar var drekkt Helgu Gunnarsdóttur úr Strandasýslu, er barn hafdi getit vid brædrum tveimr, enn hinn sídari barnsfadirinn Björn

Höskuldsson var sloppinn úr járnum frá Pètri Pálssyni sýslumanni. Bjarni Arnason hèt madr úr Garpsdals sókn, hann hafdi ritat mjög svívirdulegt brèf undir nafni heilagrar þrenníngar, til óvildarmanns síns, hönum var dæmt at missa þrjá fíngr um midlid, ok hafa 12 vandarhögg á hverju ári medan hann lifdi; voru þannig margir dómar í þann tíma eptir mati dómenda, þvíat Jónsbók leyfdi þat, ok tók ei sjálf mjög mörg dæmi til. Upp voru þar bodnar jardir Henriks Bjelke höfudsmanns; ok Sveinn Arnason var þar hengdr, sá er fyrri getr. Segja ok sumir, at Jón Valdason at austan, er misþyrmt hafdi nábúa sínum á messuleid til bana, væri þar aftekinn, (hann hèt heldr Sigvaldi Jónsson); ok kona frá Bessastödum sudr, er barn gat vid dönskum manni, at hún sagdi, ok kvadst hafa borit út úr húsi sínu um kvöld, ok hefdi þá fugl komit ok tekit þat. Urdu fleiri smámál um barnahvörf ok annat; slík hvörf voru þá tíd, ok segja menn vid hafi borit, at ernir hafi tekit börnin. Þar var lesit brèf stiptamtmanns. Var Gísli biskup Þorláksson frá Hólum til þíngs ridinn, ok þó mjög þrotinn at heilsu, ok var at reka ákæru Páls Jónssonar til sín, er hann hafdi lagt fyrir landfógètann hönum til ófrægdar. Þar kom fyrir mál mikit, stefnumál milli landfógètans ok Jóns Eggèrtssonar, var hann dæmdr frá búslód fyrir utanför sína med Hollenzkum, ok frá klaustrinu fyrir skuldir, enn undir tiltal fyrir lagabrot sín; þar var ok almennilega játud lángvaranleg ófridsöm kynníng ok skadleg fyrirtekt Jóns Eggèrtssonar, ok óskat at gud ok konúngrinn vildi hana alvarlega hindra ok nidrþrykkja, svo Jón megnadi ekki med illum ásetníngi sínum, at koma landinu í ólukku eda sviksamlega forráda undan konúngsins vernd. Önnur mál voru þar smærri. Magnús Hrómundsson var þá sýslumadr í Hnappadals sýslu, ok hafdi nokkur mál fyrir. Björn Magnússon á Múnkaþverá lýsti þar brygd á jardasölu þeirri allri, er Gudbrandr, son hans, hafdi gjört, hann var hönum mjög ódæll, ok í mörgu átti Björn þá andstædt. Jón Eggèrtsson hafdi verit tekinn í hald í Kaupmannahöfn, ok ritadi þat híngad, at þat væri fyrir skuldir sínar af Mödruvallaklaustri, er ógoldnar voru, enn annad ætludu menn valda, ok komst hann ei út híngad. Jón hèt madr á Akranesi íllr ok ódæll, ok kenndr at stráklyndi, hann var Hreggvidsson, var hann tekinn fyrir órádvendni, ok átti at flytjast í Heynessþíng, ok hýdast þar; var Gudmundr Jónsson, sýslumadr sunnan Hvítá, á ferd med hann þángad,

ok skildust menn at, því sumír voru drukknir mjög, vard þá Sigurdr Snorrason bödull einn í fylgd med Jóni, því hönum var helzt falit at gæta hans, þá rèdist Jón á hann, enn aflsmunr var mikill, því Jón var sterkr, ok kom hönum undir, ok dró hann í fen, ok kafdi hann þar; urdu menn þess skjótt varir, ok tóku Jón, lèt Heidemann setja hann í járn, enn hann medgekk aldrei; var hann í haldi á Bessastödum, ok brauzt þar úr járni, ok komst til Hollenzkra fyrir nordan land, ok fór utan med þeim; var hann dæmdr daudamadr, ok lýst á þessu þíngi.

LXXIII Kap. Nordrför Heidemanns.

Snemma á þeim missirum hafdi brunnit bær á Lángamýri í Vallhólmi, þar bjó þá ekkja Tómasar Rafnssonar. Þá kom út Lárus Kristjánsson Gottrup med Mettu, módur sína, ok settist at Þíngeyrum, ok átti þá ok at styrkja Heidemann. Enn eptir þíng reid Heidemann nordr med Gísla biskupi, kom Gísli biskup heim hinn 16da dag júlíí, ok var á ferli 2 daga sídan, ok lagdist þá í hægri sótt, ok lá um 4 daga.

LXXIV Kap. Andlát Gísla biskups ok prestastefna.

Gísli biskup Þorláksson var lítilátr madr ok ljúfr, ok vellátinn af gódum mönnum, ör ok gódgjarn; eitt sinn hafdi hann gefit meistara Þórdi, bródur sínum, er hann kom úr siglíngu, 300 dali; hann hafdi látit gjöra hinn mesta ljósahjálminn í Hólakyrkju, ok skírnarfontinn af steini, hann hafdi gjört Gudmundr snikkari í Bjarnastadahlíd, ok er mikill hagleikr á. Yfirsjónir þeirra sem leitudu hans, vildi hann bæta sem hann mátti, ok virdu þat sumir fyrir röggsemdarleysi, sem gjördu sèr dælt vid hóglyndi hans. Hann brúkadi prentverkit sem fadir hans ok lángafi, ok lèt eptir sig húss-postillu; enn rèttleika bókanna, bandi ok pappír hnígnadi á hans sídurstu árum, þá hann trúdi ödrum fyrir slíku, sökum heilsubrests hans, ok annars mótlætis, er hann hafdi af óvild ok rógi óvina sinna. Hann var þríkvæntr, sem sagt hefir verit, ok átti ekki börn eptir. Andadist hann nú hinn 22an dag júlíí mánadar

heima á Hólum á 53ja aldrs ári sínu, enn hafdi verit biskup 7 vetr hins þridja tugar, ok nær hálfan þridja mánud, er svo sagt at hann væri saddr lífdaga, þó hann væri eigi allgamall; var hann jardsettr 6 dögum seinna í dómkyrkjunni medal kvenna sinna tveggja, enn Þorsteinn Gunnarsson dómkyrkjuprestr hèldt líkrædu; hann hafdi vígt 60 presta. Ragnheidi, dóttur Jóns prófasts Arasonar, ekkju sinni, er eptirlifdi, hafdi hann útvegad konúngsbrèf fyrir 12 jördum Hóla dómkyrkju, til afgjalds ok umráda, medan hún lifdi, ok voru þat fullir 100 dalir á ári. Var Gísli biskup því Vatnsfjardarfólki til upphefdar, at því sem fyrir því var rekit. Spurdi nú þetta Jón biskup Vigfússon at Leirá, ok reid þegar jafnskjótt nordr eptir embættisbrèfi sínu, at taka at sèr stjórn ok umrád yfir Hóla biskupsdæmi, en hann hafdi ámæli ok óþokka fyrir verdslan ok veraldligar sýslanir, ok var hönum ei vel tekit á Hólum; hèldt hann þó prestastefnu at Flugumýri hinn 26ta dag ágústí, ok lèt þar lesa upp brèf sitt fyrir biskupsdóminum, í vidrvist Heidemanns landfógèta, því hann kom þá vestan at, ok lagdist heldr í móti því, at hann settist á stólinn. En Ari prófastr Gudmundarson setti adra prestastefnu at fornri venju, ok ákvad á Flugumýri hinn 5ta septembris, um biskups kosníngu, sem fyrr hafdi verit; vildi Jón biskup ei bída hennar, ok reid sudr. A þeirri stefnu ræddu prestar um, at þeir vildu taka einhvern gudhræddan mann í hid auda sæti yfir sig; komu framm ákærur presta í móti Jóni biskupi, ok lögdust 10 hinir helztu í móti hönum, ok afsögdu at hafa hann at yfirmanni, kvádu hönum hafa verit borinn galdr, ok hann hefdi keypt vid ófrjálsa kaupmenn, ok okrad med tóbak ok brennivín sídan hann var vígdr; sendu þeir þegar um haustit þær greinir fyrir konúnginn, ok voru þessir fyrir: Þorsteinn prestr Illhugason á Völlum, prófastr í Vadlaþíngi, hann hafdi fyrr verit skólameistari, ok var systurson Þorláks biskups Skúlasonar, sonr Illhuga Hóla rádsmanns Jónssonar á Einarstödum, Illhugasonar prests Gudmundarsonar; Einar prestr í Múla Þorsteinsson, Tyrfíngssonar; Jón prestr á Stadarbakka, Bjarnason prests frá Þaunglabakka, Jónssonar prests, Þórdarsonar trèfóts, um hann segir Jón prófastr Halldórsson, at hann hafi rètt kalladr verit stálmunnr; Þorsteinn prestr Geirsson í Laufási; þessir höfdu allir verit skólameistarar á Hólum, ok þóttist enginn verr fallinn til biskupsdóms enn meistari Jón Vigfússon; Þórarinn prestr Jónsson á Hrafnagili; Gunnlaugr

prestr Sigurdarson í Saurbæ; Þorlákr prestr í Glæsibæ, Sigfússon, Olafssonar, bródir Þórdar prests at Myrká; Þorsteinn Gunnarsson kyrkjuprestr at Hólum, mótfallinn mjög Jóni biskupi; Olafr prestr á Breidabólstad Þorvardsson prests Erlendssonar; Bjarni prestr Hallsson á Grund; Einar prestr á Skinnastödum; Jón prestr í stærra Arskógi Gudmundarson frá Flatatúngu Arasonar, bródir Ara prófasts at Mælifelli, hann var lángafi Benedikts Gröndahls; Jón prestr Þórdarson at Tjörn; Jón prestr Gudmundarson í Felli Erlendssonar; Þorsteinn prestr Olafsson í Eyafirdi, ok Olafr prestr Einarsson.

LXXV Kap. Sýslanir Heidemanns nyrdra.

Kristófor Heidemann landfógèti reid af prestastefnu heim til Hóla, þá er þeir Jón biskup skildu, ok sídan nordr til Eyafjardar, var hann at ransaka lögsögn ok hèradsstjórn, ok hversu klaustrin voru setin ok fleira; þar voru med hönum í för: Magnús lögmadr Jónsson ok hinir skynugustu sýslumenn, er hann hafdi tekit med sèr, Jón Sigurdarson í Einarsnesi, Jón Eyólfson, Þorsteinn Benediktsson í Bólstadarhlíd, Arni Geirsson landþíngskrifari, bródir Þorsteins prests í Laufási, ok enn fleiri; urdu margir at leggja drjúgum ofan á klaustrin. Hann reid fyrst til Múnkaþverár til Bjarnar Magnússonar, var hann ákærdr fyrir þær sakir, at hann hefdi eigi bygt klaustr nè kyrkju, ok eigi gjört mönnum lög eda rètt yfir rángri kauphöndlan Akreyrar kaupmanns, ok annad lagaleysi. Er sagt hann hafi verit leiddr í klaustrhúsit, þar var þá gestastofa, tók hann at deila á Björn, ok er þá mælt, at Björn hafi borit fyrir hann silfrkönnu væna, ok er hann lèt ei af ávítum at heldr, hafi Björn smámsaman laumat í könnuna 10 dölum, ok ödrum 10, þá er sagt Heidemann hafi í annat sinn lokit upp könnunni ok litit í, ok ekki viljad afláta deilunni; hafdi þá Björn gengit til Helgu konu sinnar ok sagt: ekki líkar herranum ennþá, Helga mín! ok er þat sídan at málshætti ordit; laumadi hann enn 10 dölum í könnuna, ok er mælt, Heidemann hafi þá aflátit; ætla menn Björn hafi fyrir þat fríazt frá stórsektum, enn dæmdr var hann frá sýslunni ok klaustrinu af Magnúsi lögmanni, systrsyni hans, ok fór hann utan um haustid med dóminn á Akreyri, ok med hönum Arngrímr, son Hrólfs Sigurdarsonar, ok Olafr

klaustrdjákn Gudmundarson; lèt konúngr hann njóta aldrdóms síns, ok halda hverutveggju um sinn. Magnús lögmadr lèt ok dóm gánga, at forlagi Heidemanns, um Solveigu Magnúsdóttur, módursystur sína, ok Gudmund son hennar; þau höfdu vænst at þau hefdi óskad dóms af Birni Magnússyni sýslumanni, ok leidrèttíngar á þeim rángindum í kauphöndlan, er þau þóttust hafa ordit fyrir, ok kvádu Björn ei hafa gegnt því, ok leiddu þar at tvo votta; þótti dómsmönnum annar vottrinn jafnskyldr þeim bádum Birni ok Solveigu, þridja ok fjórda lid, ok dæmdu hana af því seka 13 mörkum vid konúng, enn Birni fullrètti, sem bornum fullri sök, ósannadri; hid sama var ok dæmt af Gudmundi, fyrir þat hann hefdi kært þat mál í umbodi módur sinnar, ok sídan fyrir landfógèta; en óskerd skyldi mannvirdíng þeirra. Þadan reid Heidemann til Mödruvalla, ok krafdist álags af Þorsteini Þorleifssyni, er haldit hafdi klaustrid fyrir Jón Eggèrtsson; gjördi hann 100 dali fyrir affallna stofu, auk annars; taldi ok Jón Eggèrtsson skyldugan fyrir 2 ár, ok hafa heitit sjálfan at gjalda, ádr hann fór utan; sídan reid hann sudr, ok bádu fáir Nordlendíngar hann aptr koma; hann hafdi látit virda klaustrin öll; en Jón Eggèrtsson hafdi látit útgánga at nýu margar ákærur um alla landshöfdíngja hèr, ok háttu landsins, einnin höfudsmanninn Henrik Bjelke, er andadr var, kalladi hann hollari verit hafa landsmönnum enn konúnginum, ok fyrir þat var hann í haldinu. Meistari Jón Vigfússon kom aptr at sunnan um vetrnætr, ok vard á Hólum um vetrinn med einn svein, ok hafdi kost afhaldslítinn, ok allar virdíngar litlar. Þat haust rak mikla síld í Hrútafirdi, er marþvara var köllud, ok var hún sókt í lestum þángad úr nærstu sveitum, enn ekki þótti hún allskostar holl. Á þeim misserum druknadi í Hvítá Þorvardr Magnússon at Bæ í Borgarfirdi, merkilegr madr, ok andadist Gísli Árnason frá Ytrahólmi, ok ein kona í Rángárvalla-sýslu, er hafdi hundrad vetra tólfrædt, ok 4 betr, ok hafdi hún þá lifad, sídan Þorleifr lögmadr Pálsson dó, 10 vetrum eptir líflát Jóns biskups Arasonar. Þá var vetr gódr allt framm til jólaföstu, enn þó frost mikil. Var nú tekit at gjörast miklu rostumeira í landi hèr, enn um nokkrar stundir hafdi verit.

Þess vil eg geta hèr, at nokkra nýa stod hefi eg fengit; sèd Vatnsfjardar annál hinn seinna, ok gat eg fáu aukid úr hönum, ok þó nokkru; ok fengid bókalán af einum hinum ædsta manni lands vors, er eg ætla fródastan í landssögunni, ok einna bezt at sèr gjörfan um flest, ok í þeim bókum fann eg sumt þat, er auka þyrfti í undanfarnar árbækr, sem hèdan af verdr at vera sèr í lagi, en þat sem af þeim má auka í þá sjöundu edr hinar sídari, kemst inn í textann.

Frostastödum þann 15da janúarí 1828.

J. Espólín.

Jeg maa her anmærke, at jeg har haft et nyt Hjælpemiddel til denne Bog, da jeg har faaet den senere Vazfjords-Annal at se, hvoraf jeg vel har hentet lidet, men dog noget; ja erholdt et betydeligt Boglaan af en af de første Mænd i Island, og som jeg anser for den kyndigste i Landets Historie og mest udmærket i flere Henseender. I hans Bøger har jeg fundet adskilligt, som burde tilföjes til de forrige Dele af mit Verk; men det maa nu trykkes som Tillæg, hvorimod det af dem, som hører til syvende eller følgende Dele, kommer ind i Teksten.

Vidaukar ok rèttíngar til árbóka.

Til fyrstu deildar árbóka.

Til 51. kap. bls. 70.

Þat hefir fundizt í broti fornu af ættartölum þeirra manna, er þá voru uppi, ok fródligt hefdi verit, ef heilt væri, ok sýnir at sá sem þat hefir samit, hefir viljad verda hinum seinni mönnum at frædimanni í ættvísi, er hèr má vidgeta; er at sjá sem sá madr hafi lifad um ok eptir daga þeirra Audunnar ok Lárenzíuss biskupa, ok má vera sè Haukr lögmadr, því menn vitu sídan engan upplýst hafa Islands sögu, svo at teljandi sè, allt til daga Jóns prests Egilssonar, um 250 ár; ok má því eigi ljóst gjöra um upphaf hverrar hinnar helztu ættar í 14du öld, enn miklu sídr seinna. Finnst þar nokkut um ættfedr Brynjúlfs hins ríka, er hèr verdr getit, ok er hann þar kalladr Bjarnarson, en eigi Bjarna, hèt ok Björn annar son hans, ok bjuggu þeir fedgar bádir á Ökrum; hèt fadir hans Björn prestr Brynjúlfsson, enn hans fridla, módir Brynjúlfs ríka, Ingunn, systir Einars ok Sigurdar, ok Þorvards prests, ok dóttir Gríms Einarssonar skikkjupeds; sá Einar var systurson Ingvildar Finnsdóttur, módur þeirra Helgasona úr Lángadal. Eyrný hèt dóttir eins þeirra, er átti vid herra Þórdi Hallssyni Rannveigu, konu Þorsteins í Audbrekku, Geirssonar ins audga á Silfrastödum, er getr í Þorgils-þætti í Sturlúngasögu; var Þorsteinn sá bródir Þorvalds í Launguhlíd bónda Solveigar, er druknadi, ok deilan vard um legstad eptir; enn Solveig var systir Þorláks ábóta, dóttir Lopts Helgasonar ok Borghildar Eyólfsdóttur, Þorsteinssonar. Þat sannar ok þessi höfundr, er vèr höfum tilgetit, at Eyríkr vestræ, sem getr í Stadamálum, væri son Mardar hins sterka, er veginn var í Hvammi, ok Borghildar, systur Eyólfs. Hann getr ok frændlids Uppsala-Hrólfs, ok er af at sjá, at hann hafi verit ríkr madr ok mikilhæfr, enn má ei telja nidr; ok enn nefnir hann Eyólf Arnfinnsson, ok er miklu líkast sá hafi verit fadir Þorsteins lögmanns hins gamla, því Arnfinnt hèt ok son hans, fadir Eyólfs riddara; en kona Eyólfs Arnfinnssonar, ok at líkindum módir Þorsteins lögmanns, segir hann hèti Oluf, dóttir Bjarnar Þorkelssonar ok

Arnfrídar, enn hún var dóttir Bödvars Breidavads ok Valgerdar, frændkonu Jörundar biskups.

Til 62. kap. bls. 83, lín. 4.

Er þat missagt um Magnús á Svalbardi, at Eyríkr væri bródir hans; Magnús var Brandsson, en fadir Eyríks, födur Soffíu, er Guttormr Örnólfsson átti.

Til 86. kap. bls. 112, l. 30.

Þat er sumra manna sögn, at þeir væri at eins hálfbrædr Oddr, Leppr ok Sigurdr fóstri, en Þórdarsynir voru þeir bádir. Ok segja enn nokkrir, Oddr hafi verit son Þórdar Sigmundarsonar.

Til 93. kap. bls. 119, l. 26.

Gáta sú er þar stendr, at Ari Gudmundarson hafi fengit dóttur Þórdar Sigmundarsonar, heldr enn Ari einhverr Gudbrandsson, er hvergi er getit, er enn sönnud af ættabók einni merkiligri.

Til annarar deildar árbóka.

Til 16. kap. bls. 22. l. 19.

Þat er mælt, at Loptr hafi ei verit búinn at fá Ingibjargar, þá hann lagdi fyrst lag vid Kristínu, en hafi haldit vid hana heldr lengi, ok verit hafi vid atvik, þau er köllut eru varla fögr, þó fátt verdi nú sagt af þeim eda upphafi þeirra eda enda; er sagt hann hafi gipt hana sveini sínum, er Höskuldr hèt, ok átti 2 hundrud hundrada, ok mælt, er þat var sked: kjörvilt varstu, Kristín! ek ætladi þú mundir kjósa mig.

Bls. 23, l. 14.

Svo segir einn hinn hálærdasti madr (Dr. H. F.), hvat sem hann hefir haft fyrir því, ok hvört þat kemst saman edr ei vid þá sögn, er hèr er sögd eptir fródum mönnum, at Sigvaldi lángalíf hafi komit vestan úr Isafirdi. Hann lætr þat ok fylgja, at hann hafi smídad kyrkju í Vatnsfirdi med spónþaki, ok mælt at mynd hans hafi verit þar á dyrastaf (en eigi mál), hún hafi tekit hærstu mönnum undir höku; hafi hann skamtat sjálfum sèr smídalaun; numit frá Olufu Þurídi Einarsdóttur júnkæra, Þorleifssonar, ok farit med austr.

Til 30. kap. bls. 41, l. 25.

Þat er ljósast frásagt, at Gudmundi hafi mest verit fundinn til ofsi hans ok yfirgángr í nordrreid nokkurri, ok líkast hann hafi þá átt at skipta vid þá Vatnsfirdínga, mága sína, ok þeirra menn; lèt

ok Einar hirdstjóri þorleifsson dæma sídan upptækt fè hans, ok komust þeir Björn brædr yfir mikit af því sídan; var allt fèd 27 hundrud hundrada 113 hundrud og 60 álnir í jördum, en kúgildi 628. Björn þorleifsson gjördist sídan hinn mesti ofbeldismadr.

Til 39. kap. bls. 49, l. 25.

Eiríkr var kalladr slónefr.

Til þridju deildar árbóka.

Til 24. kap. bls. 32, l. 35.

þat finnst í fornum brèfum ok vitnisburdi Tuma þorgrímssonar, er sídan var á Skídastödum, at Arnfinnr hafi heitit bródir Finnboga, ok vitu menn ei ljóst at segja, hvert þar er meintr Finnbogi lögmadr, þó svo sýnist, ok verit hafi dætr Finnboga Margrèt, módir Tuma, Una og Ragna, er barn gat vid Jóni Jónssyni, ödrum ok þridja vid sig, ok Gottskálk biskup tók af henni gard í Olafsfirdi fyrir, en Jóni Bæ í Dölum, Vindheima ok As í Hörgárdal ok Hóla í Yxnadal.

Til 25. kap. bls. 33, l. 32.

Benedikt hafdi dáit med þeim hætti, at hann reid á sudrfjöllum út í tjörn eina frá mönnum sínum, eptir álptum, er hann þóttist sjá, en enginn sá annar.

Til 32. kap. bls. 43, l. 19.

þorleifr Grímsson átti seinna Solveigu, en 7 ár, ádr enn þat yrdi, var hann utanlands, ok er sagt hönum hafi verit kennt þar sitt barn hvört ár, en alls 26 eda 27. Sigrídr kona þorleifs var dóttir Sturlu Magnússonar, er vèr ætlum son Magnúsar Jónssonar ok Helgu Einarsdóttur frá Djúpadal, Arnasonar, Dalskeggs Magnússonar. Er sagt, at Eyólfr lögmadr hafi ok verit son þess Einars, ok Bessi, er átti Sæunni Gudnadóttur, Oddssonar lepps. Son Sturlu var Jón í Dúnhaga, er átti Gudnýu, dóttur Gríms Pálssonar.

Til 71. kap. bls. 97, l. 29.

þorsteinn var kalladr leikari.

Til 72. kap. bls. 98, l. 5, eptir: var stórbokki mikill: Jón Sturluson, Magnússonar bjó í Dúnhaga í Hörgárdal, ok átti Gudnýu, dóttur Gríms Pálssonar á Mödruvöllum, Grímr hèt son þeirra, hinn efniligasti madr ok hinn vinsælasti, hann tók sótt þúnga, er hann var 18 vetra, ok gekk svo nær hönum, at hann var haldinn daudr. Gudnýu þótti þat þúngt, ok hèt fyrir hönum,

ef hann lifnadi, ok þat vard; var þá kallad hún hefdi heitit hann úr dauda; en hann vard aldrei med sinnu, ok sem ódr sídan, ok kalladr Grímr tvídaudi, voru hönum dæmd 16 hundrud á ári til vöktunar fyrir burdar sakir.

Lín. 38.

Svo hefir sagt hinn lærdasti madr ok ættvísati, at Grímr, son Jóns Gudmundarsonar muni hafa verit hinn sami sem Grímr Jónsson lögmadr á Ökrum í Skagafirdi; en þat fæ eg varla skilit fyrir þá sök, at sinn landsfjórdúngr, sín mægd ok sitt afkvæmi, er hverjum eignad, nema svo sè, at Grímr lögmadr hafi misst konu sinnar, ok látit eptir Akra ok adrar eignir hennar börnum, en farit sídan sudr til Sídumúla, ok fengit þar annarar konu, ok átt börn med, ok gjört lítid um sig á efri árum. Ok víst er þat undarligt, at hvergi getr forfedra Gríms lögmanns fyrir nordan, ok eigi veit hvad um hann vard, sídan hann sleppti lögsögn, er hann hafdi haldit hana skamma stund.

Til fjórdu deildar árbóka.

Til 18. kap. bls. 118, l. 13.

Þá tók Þórdr Gudmundars. Reykjaholt, ok bar þat fyrir, at hann hefdi umbod Pètrs, sonar Odds Gottskálkssonar, hálfbródurs Jórunnar konu hans; hann bjó fyrst í Þíngnesi, en sídan á Hvítárvöllum lengi.

Til 29. kap. bls. 134, l. 7.

Hafdi hann tekid Mela af Eyólfi presti Grímssyni, fyrir þat hann hýsti son sinn lengr enn hæfa þótti, þann er Þórdr hafdi útlægan gjört fyrir óeyrd á þíngi.

Til fimtu deildar árbóka.

Til 38. kap. bls. 8, l. 10.

Páll nádi svo Reykhólum til kaups af Þorleifi presti Bjarnarsyni, Þorleifssonar, at eitt kvöld um sumar baud hann sveinum sínum at vera árla uppi at morgni, ok hafi hverr tvo hesta, ok svo gjördu þeir; ridu þeir sem þeir máttu umhverfis Gilsfjörd ok Króksfjörd, ok kvad hann þá mundi Reykhólar fást, ef þeir kæmi nógu tímanliga. Þorleifr prestr var úti á túnvelli ok heimamenn hans, er þá bar at, því at þerrir var, en kyrkja stód opin; brá Páll sèr í hana

ok tók þar bók, er geymd var í altari, ok lèt hjá sèr, ok gekk á túnit, ok kvaddi prest; ok er þeir höfdu rædst vid litla hríd, spurdi Páll, hvert Reykhólar væri ei falir? ok neitti prestr því; þá tók Páll til bókarinnar, ok sýndi hönum, ok kvad hana mundi gjöra þá fala; þá brá presti svo vid, at hann seldi hönum jördina, ok galdt Páll ríſliga fyrir. Þreifst Þorleifr prestr aldrei sídan, ok vard veizlumadr Páls at lyktum.

Til 55. kap. bls. 31, l. 11.

Eggèrt hafdi sídast átta Steinunni, dóttur Jóns Magnússonar á Svalbardi, barnamódur Bjarnar prests biskupssonar; fèll lítt á med þeim, ok yfirgaf hann hana.

Til 60. kap. bls. 36, l. 34.

Magnús var náliga fyrir öllum brædrum sínum, hann var kalladr hinn prúdi; hann hafdi keypt Grænavatn, þá er hann hafdi fyrri Vadlaþíng, af Asgrími Andrèssyni, því Asgrímr var kominn í mál mikit, hafdi sèd fyrir stúlku einni, ok fannst hún daud í fjósinu; en Magnús hafdi fengit höfudsmannsleyfi fyrir hann, at hann mætti fara utan; þar hafdi Asgrímr játt verkit á sig fyrir Páli bródur Magnúsar; Magnús hafdi ok komizt at því, en komit hönum á óvart; segir ei af Asgrími, en kaupit gjördi Magnús styrkvara sídan vid adra, er rèttan hlut áttu at eign jardarinnar.

Bls. 38, l. 29.

Svo segja Sunnanmenn, at Teitr hafi seinastr vopn borit, ok öll hertýgi, en Nordanmenn nefna Hrólf Bjarnason til.

Bls. 39, l. 5.

Halldór hafdi haldit Skaptafells sýslu ok Þykkvabæar klaustr nærst eptir ábótana, hann átti Ingvildi hina gódu, dóttur Þorvalds bónda Jónssonar í Skál, hún var kvenna minnst ok ófrídust, en audug at kostum, tók útyfir hórdóma hans, sem hún mátti, ok fóstradi hjábörn hans sem sín, er hann hafdi átt med Gudrúnu sól; hún var köllud svo af fegurd hennar.

Lín. 20.

Þá er þeir brædr, synir Jóns Olafssonar, bjuggu saman í Dölum, Gísli í Galtardalstúngu, Olafr á Svarfhóli, en Dadi at Felli á Fellsströnd, ok Jón Magnússon á Reykhólum, er enginn smælíngi var í þann tíma, hafdi Dalasýslu; þá mælti hann svo, at þá sýslu mætti hverr hafa sem vildi fyrir sèr, ef þeir brædr væri þar allir,

hefdi Gísli hardfengi ok snarrædi fyrir þá alla, Olafr illsku ok árædi fyrir þá alla, en Dadi vit fyrir þá alla.

Til 61. kap. bls. 41, l. 20.

Pètr prestr Arnason prests í Hítardal, Arnórssonar, hafdi haldit Hvamm í Hvamms sveit edr hèldt þá enn, hann var hverki haldinn lofligr at lærdómi, nè lifnadi, lagdist hann at Gudrúnu, fridludóttur Arna Gíslasonar, þá hún var ekkja eptir Jón Olafsson, ok tældi hana, ok voru hönum dæmd fyrir þat 12 keyrishögg.

Til 64. kap. bls. 47, l. 9.

Sumir eigna þó vísu þessa Halldóri Pálssyni, dótturmanni Eyríks prests, ok enn sumir Jóni presti hinum gamla at Stadarhrauni.

Til 74. kap. bls. 62, l. 35.

Eptir Magnús er grafstadr merkiligr, ok sýnir vitrleik ok smekkvísi þeirra hèdan úr landi þá í öld er rádit hafa. Er Málverksbrík útlend yfir kórdyrum at Haga á Bardaströnd, þar sem hann er máladr med sonum sínum fimm, ok Ragnheidr Eggèrtsdóttir, kona hans, hinn mesti skörúngr, med dætrum 6, hvört á móti ödru, med lyptum höndum, ok krossmark í milli þeirra. Eru efst á spjaldinu þessi ord:

ecce Agnus dei qvi tollit peccata mundi.

En þar nedan undir er krossmarkit; en þar undir standa hjónin hvert med skara sínum; þá eru þarundir vers þessi:

Mors tua, mors Christi, fraus mundi, gloria cæli
et dolor inferni sunt meditanda tibi.

Hægramegin eru þessi vers:

Vita viatoris transitus, omnia finem,
qvæcunqve immundus mundus honorat, habent,
transit honor, transit fortuna, pecunia transit,
mente deo similis, corpore transit homo;
transivere patres, simul hinc transibimus omnes,
in Cælum patriam qvi bene transit habet.

Vinstramegin eru þessi:

Qvi data præclarè transegit tempora vitæ,
huic etiam veniunt tempora læta necis
hoc tu, Magne! modo terris abreptus abibas,
qvi dilexisti pectore et ore deum.
Dum præcepta dabas moriturus more Jacobi
natis, et optabas omnia fausta tuis,
cum Paulo ardebas miseris excedere regnis
gaudiaqve astriferi posse videre patris,

et Christo tandem lacrymis in vita vocato
reddebas animæ munia fessa deo.

Þar var nedst undir: *Hodie mihi cras tibi.*

Legstein mikinn lètu erfíngjar Magnúsar flytja út í Flatey á Breidafirdi, var hann höggvinn utanlands, ok mælt hefdi kostat 50 dala; var hann fluttr til Haga á Bardaströnd, ok lá þar vid sjó nokkra vetr. Enn laungu seinna ætladi Jón Magnússon at láta menn sína flytja hann sjóleid til Bæar, þar Magnús var grafinn, tókst þeim illa, ok misstu steininn í Bæarósi, ok lá vid líftjóni; bar sídan sjáfarflód sand yfir hann, ok var hans lengi leitat med hverri fjöru, ádr hann var fundinn.

Til 79. kap. bls. 72, l. 25.

Páll bad ok um þær mundir Ingvildar dóttur Gudmundar Helgasonar á Eyri. Gudmundr sá ádr talinn á Eyri í Arnarfirdi mun rèttara talinn á Eyri í Seydisfirdi.

Til 89. kap. bls. 85, l. 12.

Þat er sumra manna sögn, at mordverk Axlar-Bjarnar hafi fyrst komizt upp af hettu Einars, er hann myrdti seinast, ok hann hafdi á höfdi sèr á páskadaginn vid Knararkyrkju. I þann tíma tók Gísli prestr Einarsson Vatnsfjörd, bródir Odds biskups, ok fèkk Jón prestr Loptsson, er þar var ádr, ekki hússnædi hjá hönum, ok því sídr meira tillæti; er þá sagt hann hafi þat mælt, at Gísli prestr mundi hýsa dreng eptir sig. Gísli prestr hafdi fengit Þornýar konu sinnar af tilhlaupi sínu, var komit at þeim í seli, ok vard hann at eiga hana, en menta átti hana í Skálholti, ok vann lítit; ok er hann var skólameistari, naut hann styrks biskups bródur síns; en í Vatnsfirdi átti hann búskap erfidan, ok svo hjónaband, leid fèmissu mikla, ok þó enn fleira motkast.

Til 90. kap. bls. 89, l. 31.

Svo bar þat til um Jón prest Egilsson í Hrepphólum, at hann var at losa stórgrýti í fjalli, ok festist med 3 eda fjórum fíngrum millum drángasteina, ok var þar um tvö dægr edr meir, þar til er járnkallar miklir ok önnur verkfæri fengust í Skálholti, til at losa hann, kvad hann raunakvædi á medan, ok festi; missti hann fíngurnar, ok vard sídan veizlumadr í Skálholti.

Til 1. kap. í 5ta hluta, bls. 109, l. 9.

Jón lögmadr hafdi í einu úti fyrir jökli 50 skipa, en svo sagdi hann, at ekki mundi hann haldast vid med Stapa umbod, ef Þíng-

eyra klaustr batadi ekki. Magnús Jónsson, bródir hans, hafdi gipt Elínu dóttur sína Sæmundi Árnasyni, Gíslasonar, ok bjó hann at Hóli í Bolúngarvík; ok ádr þat yrdi, vard hann at eignast þá jörd, sem Magnús hafdi kvedit þá hann bad Elínar:

Fæst ei skjól hjá falda sól,
firdar hönum þad segi,
nema eigi hann Hól fyrir höfudból,
hana fær hann eigi.

Lín. 23.

Jón Magnússon hafdi gefit konu sinni at morgungjöf sídkápu ok linda kostuligan.

Til 2. kap. bls. 113, l. 30.

Henrik prestr var kalladr læknir gódr, en máls Everts má geta seinna.

Lín. 33.

Páll prestr var ydkunarmadr mikill, lærdr vel, gladsinna ok sidlátr.

Bls. 114, l. 14.

Röksamligr var Jón prófastr, ok mikilfengr nokkut, ok kalladr heldr kvennkær.

Bls. 132, l. 19.

Byr mikinn hafdi Gísli lögmadr af hinu danska valdi, lèt hann eigi heldr mikit á móti því.

Til 11. kap. bls. 129, l. 4.

I þann tíma var Björn Grímsson málari uppi, hann hèldt hálfa Arness sýslu nokkur sumur, ok seinna enn nú var komit, at eg hygg; hann var undarligr í háttum; bar þat til um hans framferdir á þessum missirum, eda vetrinn nærsta fyrir þat er nú er frásagt, at hann var staddr at Hlídarenda í Fljótshlíd, ok gjördi þá snjóleysíngu mikla, heimti hann hest sinn úr húsi ákafliga, ok bad um fylgdarmann, lèzt eigi naudsynja eyrindi þann dag til Höllu systur sinnar austr í Skógum, ok komst um kveldit yfir Markarfljót ok önnur Vatnsföll, er mönnum sýndust ófær, í regni miklu ok leysíngu, ok til Skóga, ok bad Höllu systur sína búa sèr rúm í kyrkjunni, ok senda sèr þángad vinnukonu hennar til gamans, kvad þat vera forlög sín at geta þá son, ok mundi verda prestr, ef hann væri getinn í helgum stad; ok er ei getit at hann væri kenndr vid konu eptir nè ádr. Gekk þetta framm, ok vard konan barnshafandi, ok ól son, sá hèt Þorsteinn, ok vard prestr seinna, ok undarligr, sem fadir hans.

Til sjöttu deildar árbóka.

Til 25. kap. bls. 4, eptir lín. 33.

I þann tíma eda nokkru ádr barst at daudi Olafs prests at Helgafelli Einarssonar frá Hvanneyri; hann tók sárasótt, er þá var tíd, ok var med hönum bartskeri þýzkr, veik hann frá hönum á tal vid mann einn, en prestr seildist eptir vatni, ok brast þá æd í hönum; þat heyrdi bartskerinn, ok fèllst mikit um. Máttu sáramenn sídst drekka, hvörsu mjög sem þá þyrsti, en líf þeirra var nært at eins med vissum medölum.

Til 35. kap. bls. 19, l. 31.

Þat bod var mjög at minnum haft um rausn ok vidhöfn, ok var fenginn til Jón prestr Bödvarsson sunnan frá Reykholti til at sýngja fyrir skálum ok minnum, en Ara Magnússyni mislíkadi mjög at saungmadr hans útvalinn, er hann hafdi at vestan, fèkk ei afburdarord.

Til 49. kap. bls. 37, eptir l. 17.

Kap. Jón son Jóns prests Þorsteinssonar í eyunum, er kalladr var Vestmann, hafdi ætlad at fara utan til læríngarframa, med eyaskipi þá Tyrkjar ræntu þar, ok fór til eyanna, en hann fèll þá í hendr þeim med módur sinni ok systur, ok var med þeim hertekinn lengi; hann var sterkr madr ok hugadr vel, ok hinn mesti madr at öllu, gjördist hann hermadr gódr, ok mjög reyndr í því, ok sjókapteinn med Tyrkjum, ok var sendr af þeim med ödrum, er norrænn var, til víkíngar í spanska sæ, gjördu þeir þá rád sín at umhlaupast, ok sigla til ríkja Dana konúngs, edr annara kristinna landa; ok drukku saman eitt kveld; ok er hinn norræni kom aptr á sitt skip, ok var drukkinn, ok gekk at sofa, slapp hönum ord óvarliga ok mælti: gladir vorum vèr í dag, en þess væntir mig, at innan mánadar hèdan verdum vèr þó gladari í Noregi. Þat heyrdi skódrengr hans, en sídan vöknudu þeir Jón Vestmann vid þat, at þeirra menn gjördu þá handtekna, ok fluttu þá aptr í Tyrkjaríki, ok var Jón þá haldinn hardt. Olafi presti Egilssyni var sleppt úr þrælkan, því hann þótti gamall. Ok var þetta seinna enn frá sögum er komit.

Til 57. kap. bls. 43, l. 3.

Kap. Systkin þrjú voru á Hvalfjardarströnd, Þórdr, Sighvatr ok Gudlaug; áttu þau Sighvatr ok Gudlaug nokkur hundrud hvert í Þyrli, ok hèt Gunnsteinn umbodsmadr Gudlaugar; þau dóu í bóla-

sótt á einum degi bædi, en þórdr, er átti at erfa þau, var fávís, ok hafdi Gunnsteinn tekit eignina, hálft áttunda hundrad, ok selt þeim manni er Olafr hèt. Vaknadi þórdr, er hèr var komit, ok lèt stefna Gunnsteini um eignina fyrir Gísla lögmann Hákonarson, ok dæmdist hún þórdi, en Gunnsteinn átti at skila Olafi verdinu. Nokkuru seinna kom upp kaupbrèf, ok vottadi at þórdr hefdi selt Gunnsteini 5 hundrud í þyrli, ok fannst hjá Ormi Vigfússyni í Eyum, ok ritad med hans hendi, en hundrada talan skafin ok ólæsilig, ok mátti lesa 5, 10 eda 15; var Ormr tengdr Gunnsteini, ok þótti grunsamt, enn hann hafdi verit í dómi Gísla lögmanns, ok eigi mátt leidrètta málit, því Gunnsteinn hafdi medkennt þar, at kaupbrèf væri ekkèrt. þeir Ormr ok Gunnsteinn veittu þórdi árásir þúngar, ok fengu seinna med sèr Arna Oddsson, er hann vard lögmadr, en þórdr gjördi þat þá til at firrast ofrefli Orms, at hann fèkk þat af Vigfúsi Gíslasyni med þrábænum, at kaupa af sèr, ok vard þat seinna, ok eitt óvildar efni þeirra Arna med Baugstadamáli ok ödru.

Til 67. kap. bls. 56, l. 13.

Ekki veit eg þó víst, hvört Björn lifdi þá enn.

Bls. 57, l. 28.

Olafr prestr var einlægr madr, fordildarlaus, kalladi sig jafnan Jónsson Kráksson; lítt var hann í kærleikum vid fyrirmenn á Bessastödum, ok helzt getit vid Holgeir Rósenkranz, enda hræsnadi hann fyrir engum; sagdi hann svo um sinn hag: böl er búskapr, kvöl er hjúskapr, aumt einlífi, ok þat elska eg. Hann mælti þat opt: gott kall er Gardar, ef eigi væri Ofridarstadir ok Ottarsstadir í sókninni; svo heita þar bæir tveir.

Lín. 36.

Jón prestr Bödvarsson var spaklyndr ok sidavandr, saungmadr gódr.

Til 68. kap. bls. 59. l. 14.

Vel var Arni Gíslason um marga hluti, en heldr þótti hann óbilgjarn vid öl.

Til 76. kap. bls. 70, l. 36.

þá höfdu þeir brædr Vigfús Gíslason ok Hákon í Brædratúngu Rángárþíng ok Vestmannaeyar, ok fyrirbaud Jens Söfrensson þeim þær sýslur, því þeir vildu ei vinna eid fyrir hönum.

Til 80. kap. bls. 76, l. 19.

þá var enn Evertsmál, ok vard med þeim hætti, at þá er Kristín

Eyríksdóttir, Bjarnarsonar á Keldum, Þorleifssonar lögmanns, sú er átti Gísla prest Gudmundarson, var í Háholti á Skeidum, vildi Evert son Henriks prests Evertssonar fá Katrínar dóttur hennar, en hún bar sjálf á hann samrædi vid sig, ok þó hann beiddist undanfærslu, dæmdi Arni lögmadr henni eidinn, ok rádspjöll af Evert; vann hún þann eid, ok reid af þíngi, fèll af hesti ok lærbrotnadi, ok lagdist í kör, en Evert fèkk vidreisn enga, því Arni lögmadr nádi höfudsmanns samþykkt á dómi sínum; fann Gísli biskup bródir hans mjög at því vid hann, ok þó hógværliga sem jafnan, því hann lagdi jafnan gott til hvers máls, þar sem þörf þótti; voru hönum leidar deilur þeirra Arna ok Vigfúsar Gíslasonar.

Til 81. kap. bls. 77, l. 20.

Ekki hafdi Jón prestr Arason verit tregadr af skólasveinum, þá hann fór frá Skálholti, ok mest fyrir þótta sakir ok drambs, en seinna í elli vard hann gudhræddr ok audmjúkr af mótlæti; en því skipti hann vid Gísla prest Einarsson í Vatnsfirdi, at Gísli var þá dæmdr frá stadnum, fyrir þat hann gaf sig sjálfr í hjónaband med seinustu konu sinni; var ok stadrinn hrörnadr mjög, hús höfdu stadit 50 eda 60 ár atgjördalaus, þvíat Gísla presti hafdi gengit allt öfugt í Vatnsfirdi; en lengi hèldt hann Stad sídan.

Til 83. kap. bls. 80, l. 38.

Fór Gudmundr prestr, son Jóns lærda, í skjóli hans til Kaupmannahafnar til at fá uppreisn, ok gaf Kristján konúngr 4di hönum kost á klaustri um vetrinn fyrir fátæktar sakir, ok brèf höfudsmanninum at láta prófa mál hans.

Til 84. kap. bls. 81, l. 13.

Sá madr er Magnús Jónsson hèt, kærdi þá til Þorleifs prests Magnússonar í Mýrdal, um 6 barsmídar atrennur vid sig.

Til 87. kap. bls. 84, l. 17.

Var Gudmundr prestr haldinn skynugr, ok ekki medfæri hvers manns.

Til 90. kap. bls. 89, l. 36.

Þorlákr biskup hafdi fundit Gísla biskupi til grun um villu nokkra, enn hann hafdi afsakat sig vid hann frá öllu slíku med mjúkum ordum. Eigi hafdi hann samþykkzt því er Ari í Ögri veitti Þorbirni presti Einarssyni Túngustad med rádi Olafs Pètrssonar, eda at hann yfirgæfi Raudasands þíng, er hönum voru veitt fyrri. Jón prestr Sigmundarson, er misst hafdi Kjalarness þíng, ok margir fátæklíngar adrir ok þrotprestar höfdu sezt uppá hann í Skálholt.

eptir Hvítavetr, ok ætlat hann ætti at fæda þá í hardindum, ok vard hann opt at leita prestafunda, til at rydja þeim af sèr. Aminnt hafdi hann menn hógværligum ordum eptir því sem afstódst, hvern sem hann vissi at þess þurfti, jafnvel veraldliga; Vigfús Gíslason er var óvildarmadr þeirra Oddssona, ok at sumu leiti fyrir álítligar sakir at rèttindum, enkum vid Arna lögmann, ok hafdi ásamt ákært Gísla biskup fyrir tignarmönnum, hönum rèdi hann til fridar ok eindrægni; enn Steindór Gíslason um ofdrykkju hans hina miklu, ok illyrdi vid menn.

Bls. 90. l. 18.

En ekki var hann haldinn hinn lögvitrasti.

Til 91. kap. bls. 91, l. 4.

Var Þórdr prestr attestèradr, vellærdr madr ok veitíngasamr, forsjámadr mikill ok rádsettr, ok ei á þann hátt sem fadir hans, vann meira med lempni enn stórmensku.

Til 92. kap. bls. 92, l. 27.

Andadist þá enn Torfi prestr Finnsson at Hvammi í Hvamms sveit, gudrækinn madr ok lærdr vel.

Til 98. kap. bls. 101, l. 31.

Þat er rèttara at Jósep prestr vód ána hjá Vörduskeri ofan ferjustad á Skálholtshamri, ok drakk 6 eda 7 merkr sýru.

Til 110. kap. bls. 115, eptir l. 30.

Kap. Nokkru eptir þat er Jón Vestmann var tekinn af Tyrkjum ödrusinni, hafdi hann enn farit í för, ok ordit hertekinn af spönskum med ödrum Tyrkjum, ok fluttr til Spánar, þar var þá staddr herramadr nokkur úr Nordrlöndum, ok er hann vissi at Jón var íslenzkr, keypti hann hann undan dauda, en hinir voru hengdir. Sídan hafdi Jón komizt á Frakkland til Margrètar systur sinnar, hana hafdi keypt út kaupmadr franskr fyrir 200 dali, því hún var fríd sýnum, ok haldit vid hana, ok áttu þau 2 dætr, ok bjó hún med þeim í Marselju, er seinast spurdist til, ok vitu menn ei víst, hvert hann var dáinn eda hafdi yfirgefit hana; því þær konur, er svo voru keyptar, urdu at eiga allt undir trúnadi þeirra, er þat gjördu, hvert þeir seldu þær í ánaud aptr, eda fóru betr vid þær. Þadan komst Jón í Danmörk, ok var þá tíma komit sem nú fara sagnir framm; hann var reyndr í sjóferdum öllum, snar ok einardr, ok kunni vel at segja frá, ok svo fyrir atferli mörgu ok verklagi, er þá var eigi tídt í Danmörku; segja menn hann hafi fyrstr látit

smída hèr hjólbörur. Fèkk hann virdíngar miklar af stórmenni, ok sjálfum Kristjáni konúngi fjórda; enn sídan kom upp kvittr af trúnadarordum hans vid Dada Jónsson frænda sinn, ok lausmælgi Dada, at hann hefdi neydst til at umskerast; ok er Doktor Kaspar Brochmann Sjálands biskup lèt spyrja hann þess, ok gekk fast eptir, játti hann því þegar; þótti biskupi þat daudamál, en ríkis kancelleri kom svari fyrir hann, ok slapp hann med aflausn, segja menn hann tæki hana af biskupi sjálfum, ok var hann hönum sídan sinnr.

Til 111 kap. bls. 116, l. 23.

Svo segja sumir frá láti Þorsteins prests, ok eigi ómerkir, at þeir Benedikt Bjarnarson hafi ridit undan lest sinni af Stakkhamarsfitjum, en Hákon Arnason, er sídan var at Vatnshorni, systurson prests, kom á eptir med hana, var hann gætinn ok skynsamr, ok fann hann þá sofnada báda, ok nær flædda, enn hesta þeirra á ríngli framm med Núpá; vedr var heitt, ok var ætlad þeir hefdi prófat ærit af brúdkaupskostinum, ádr þeir fóru úr áfangastad, vard Benedikt vaktr, enn eigi prestr, því hann var örendr.

Til 113. kap. bls. 119, l. 28.

Frómr var hann í lund ok lifnadi, en tortryggni hans gjördi hann lítt vinsælan.

Til 119 kap. bls. 127, l. 22.

Ok þakkadi hann þá vandliga Olafi prófasti Einarssyni, ei at eins fyrir æru ok gódan reikníngskap vid Kyrkjubæar kyrkju, heldr ásamt lofliga ok eptirtakanliga embættisþjónustu, prýdiligan lifnad ok lærdóm, guds ríki til uppbyggíngar, ok öllu landi til lofligra eptirdæma.

Bls. 128, l. 28.

Jón Vestmann var þá í Kaupmannahöfn, ok nýkvæntr, hafdi fengit dóttur kapteins nokkurs; er þá sagt hann hafi fallit á svelli um vetr, ok marizt nokkut á læri, ok yrdi ei læknat, ok legit 20 vikur sídan, ok var getit til at módir konu hans hefdi viljad giptast hönum; þótt hönum upphefdar von, ef hann lifdi, ok haft vid töfra; enn hinn merkasti madr (Dr. H. F.) hefir sagt, hann hafi verit stúnginn til bana vid Hólms brú, ok er þó at sjá sem hann hafi legit lengi, því Jón prófastr Halldórsson hefir sagt eptir födur sínum, at hann hafi opt verit hjá hönum þá hann lá, ok vakat yfir hönum hina sídurstu nótt, ok sagt lát hans fyrstr privato præceptori sínum Doktor Olafi Worm, er lagt hafdi allan hug á at lækna hann; hafi hann þá svarat:

hvar fær nú ríkit slíkan mann? ok lèti hann sèr hid mesta finnast um hann, ok margir adrir, tignir ok ótignir.

Til 126. kap. bls. 138, l. 26.

Þessi missiri gengu þeir í bönd í Skálholti, at kaupa jardir í Austfjördum á jafnadar kostnad ok til jafnadar skipta, meistari Brynjúlfr biskup, Bjarni Oddsson at Bustarfelli, hann var ástvin hans mikill, því hann var stórlyndr ok trygdfastr, Bjarni Eiríksson á Búlandi, er átti Sigrídi dóttur Bjarna Oddssonar, ok Hjalti Jónsson. Hafdi Bjarni Eiríksson rádsmensku í Skálholti um hríd, ok hafdi fengit af Brynjúlfi biskupi yfirlæti mikit ok vináttu hans, ok hèldt því til þess er biskupi þótti hann gjörast sèr heldr til stór, enn þá var Bjarni Oddsson daudr. Hèldust bönd þessi um 3 ár.

Til 128. kap. bls. 140, l. 7.

Torfi prestr Snæbjarnarson á Kyrkjubóli mátti þá varla prests þjónustu fremja fyrir deyfu, ok var þat kært, ok ákvedit at hann skyldi útvega þeim prest, er eigi vildu hans þjónustu, en þeim væri sjálfrádt, at hlýda hans embætti, er hann fengi til þess; því hann átti kyrkjustadinn sjálfr.

Til 131. kap. bls. 145, l. 22.

Jón Arnason hèldt fyrstr Klaustrhóla hospítal, en Eiríkr Sigvaldason Hörgslund, fadir Bjarna á Búlandi.

Til 133. kap. bls. 147, l. 29.

Þau missiri dó Arni prestr á Látrum Jónsson, Bjarnarsonar á Reykhólum, hann var á tíunda tugi, ok þótti verit hafa forneskjumadr mikill. Ok þá vard mál í Skálholti med Gísla Einarssyni skólameistara ok Gudmundi snikkara Gudmundarsyni, er þar hafdi verit forsmidr at kyrkju, í drykkjuþrasi; kærdi Gudmundr at skólameistari hefdi fleygt á sig tinkönnu, ok stúngit sig med knífi; samdist þat svo at skólameistari lèt úti vid hann 8 hundrud, en Brynjúlfr biskup leitadi höfudsmanns um þat, at hann fengi at vera vid embætti, sakir kennslu hans gódrar, ok vard þat.

Til 138. kap. bls. 155, l. 20.

Þat er mælt, at Þorlákr biskup hafi gipt systkin sín 10, ok gefit hverjum bródur sínum eptir þat er hann vard biskup 40 hundrud af sínu fè, enn hverri systur sinni 20 hundrud, enn þær voru átta, hálft í föstu, enn hálft í lausu.